JÓRUNN BIRGISDÓTTIR

*Eldar hollan mat fyrir börnin í Sólhlíð*

matur

allt Í MIÐJU BLAÐSINS





HEILSA OG LÍFSSTÍLL

*Vaxtarhormón í brennidepli*

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. janúar 2008 — 10. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Taílandsferð og tónleikar



Guðný Guðmundsdóttir konsertmeistari er 60 ára.

TÍMAMÓT 30

### Fúlasta alvara



Þór Freysson segir lítið um „flipp“ í prufum hjá Bandinu hans Bubba.

FÓLK 41

### Endalokin í augsýn

Útlitið er svart fyrir HD DVD í mynddiskastríðinu gegn Blu-Ray. Eitt stærsta kvikmyndaver heims yfirgaf staðalinn í vikunni og búist er við að fleiri fylgi í kjölfarið.

TÆKNI 22

SIRKUS

### Réttlætir öll fatakaup

Ellen Loftsdóttir nemi í tísku, almannatengslum og markaðsfræði, í viðtali.




SIRKUS FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÉL NORÐAUSTAN TIL** - Í dag verður hæg norðaustlæg átt. Lítilsháttar él á Norðaustur- og Austurlandi, annars þurrt og skýjað en bjart með köflum sunnan til. Hiti ekki fjarri frostmarki.

VEÐUR 4






# Meta hvort forsendur fjárlaga séu brostnar

**Hrunið í Kauphöllinni hefur áhrif á forsendur fjárlaga þar sem gert er ráð fyrir tugum milljarða vegna fjármagns- og fyrirtækjaskatts. Efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins verður látin fara yfir forsendurnar. Búast má við litlum fjármagnstekjuskatti.**

**EFNAHAGSMÁL** „Ef grípa þarf til aðgerða sér efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins um það,“ segir Gunnar Svavarsson, þingmaður Samfylkingarinnar og formaður fjárlaganefndar Alþingis.

Nefndin fer í næstu viku yfir forsendur fjárlaga í ljósi gengishruns hlutabréfa í Kauphöllinni. Það gæti þýtt að skatttekjur yrðu mun minni en gert er ráð fyrir í fjárlögum.

Fulltrúum efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins verður falið að fara yfir fjárlög ársins 2008. Þar er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti nemi 35 milljörðum króna og tekjuskattur á lögaðila verði 45,5 milljarðar króna. Fjármagnstekjuskattur einstaklinga í fyrra nam tæpum 31 milljarði króna, samkvæmt fjáraukalögum fyrir árið 2007.

„Lækkunin í Kauphöllinni getur haft áhrif á þessa liði,“ segir Gunnar Svavarsson. Hann vill ekki segja að forsendur fjárlaga séu brostnar. Efnahagsskrifstofan verði að svara því eftir að hafa farið yfir málið.

Þorsteinn Þorgeirsson, skrifstofustjóri efnahagsskrifstofunnar, segir að endurskoðuð þjóðhagsspá ráðuneytisins verði gefin út eftir helgi. Þar komi fram skoðun ráðuneytisins á mögulegum áhrifum óróleikans á fjármálamörkuðum á efnahagslífið og einstaka tekjuliði ríkissjóðs.

„Að óbreyttu mætti ætla að það yrði lítill fjármagnstekjuskattur,“ segir Gunnar Haraldsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Samkvæmt yfirliti ríkisskattstjóra greiddu fjármálafyrirtæki næstum helming tekjuskatts á fyrirtæki fyrir árið 2006, eða átján milljarða króna. Þá greiddu eignarhaldsfélög næstum fjóra milljarða til viðbótar.

- ikh / sjá síðu 4



FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS/AFP

**PRESTAR HEILSA BUSH** George W. Bush Bandaríkjaforseti heimsótti kirkju Grísku rétttrúnaðarkirkjunnar í Jerúsalem í gær. Bush segist ætla að gera allt sem í sínu valdi stendur til að friðarsamkomulag milli Ísraels og Palestínu náist fyrir árslok. **Sjá síðu 2**

Aðeins þrír flokkar myndu eiga fulltrúa í borgarstjórn samkvæmt nýrri könnun:

# Meirihluti styður borgarstjórn

**SKOÐANAKÖNNUN** 58,5 prósent þeirra sem afstöðu tóku í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins segjast styðja núverandi meirihluta Samfylkingar, Vinstri grænna, Frjálslynda flokksins og Framsóknarflokksins.

Sjálfstæðisflokkur fengi sjö borgarfulltrúa, Samfylking sex og Vinstri græn tvo. Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn kæmu ekki manni að.

Stuðningur við meirihluta borgarstjórnar hefur aukist lítillega frá síðustu könnun blaðsins, sem gerð var 13. október, tveimur dögum eftir að tilkynnt var um nýjan meirihluta. Þá sögðust 56,5 prósent styðja nýjan meirihluta.

Mun fleiri konur en karlar styðja núverandi meirihluta; 65,3 prósent kvenna en 52,0 prósent karla.

Hringt var í 600 Reykvíkinga hinn 9. janúar. Svarendur voru valdir af handahófi úr þjóðskrá, jafnt af hvoru kyni. Spurt var: Styður þú núverandi meirihluta borgarstjórnar? 80,3 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

- ss / sjá síðu 4

**STYÐUR ÞÚ MEIRIHLUTA BORGARSTJÓRNAR?**




SKV. SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS 9. JANÚAR 2008



**MURPHY, SPARKS OG KARATY** Sparks og Karaty koma í næsta mánuði til að aðstoða við gerð íslensks dansþáttar.

Íslenskir dansþættir í bígerð:

# Fá aðstoð erlendra dómara

**FÓLK** Stöð 2 hefur hafið formlegan undirbúning á íslenskri þáttaröð í formi hinna vinsælu So You Think You Can Dance-þátta. Áhorf á þá þáttaröð hefur verið afar gott, og svipar til áhorfs á Idol-keppnina, að sögn Pálma Guðmundssonar, sjónvarpsstjóra Stöðvar 2. Frumsýning er áætluð í haust.

Dómarar og danshöfundar úr bandarísku þáttunum eru væntanlegir hingað til lands og munu leggja hönd á plóginn við gerð þáttanna. Fyrstir koma Dan Karaty og Shane Sparks, sem halda námskeið hér á landi um miðjan febrúar.

- sun / sjá síðu 46

Yfirlýsing Árna M. Mathiesen:

# Elta ekki ólar við rangfærslur

**STJÓRNSÝSLA** „Í þessari greinargerð setts dómsmálaráðherra eru slíkar rangfærslur að nefndin ætlar ekki að elta ólar við hana í fjölmiðlum,“ segir Pétur Kr. Hafstein, formaður dómnefndar sem mat hæfi umsækjenda um embætti héraðsdómara. Árni M. Mathiesen, settur dómsmálaráðherra, sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem hann segir umsögn dómnefndarinnar um umsækjendur hafa verið gallaða og ógagnsæja.

Þingmenn í öllum flokkum vilja breyta lögum um skipan dómara. Sautján dómarar hafa verið skipaðir á síðastliðnum átta árum.

- mh /- bþs / sjá síðu 6 og 18







**SPURNING DAGSINS**



*Baldvin, hvernig verður maður ókrýndur skemmtistaðakóngur?*

„Það krefst mikillar bar-áráttu.“

Baldvin Samúelsson, hefur eignast skemmtistaðinn Óliver við Laugaveg en fyrir á hann Q-bar og Barinn. Eftir nýjustu kaup hans á Óliver hefur því verið fleygt að hann sé orðinn ókrýndur skemmtanakóngur í Reykjavík.

Mannréttindanefnd SÞ úrskurðar gegn ríkinu vegna kvótalausra veiða við landið:

# Endurskoða skal kvótakerfið

**DÓMSMÁL** Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur dæmt tveimur íslenskum sjómönnum í vil í máli þeirra gegn íslenskum stjórnvöldum vegna kvótalausra veiða. Í úrskurðinum segir að stjórnvöldum beri að veita sjómönnunum fullar bætur og koma á fót fiskveiðistjórnunarkerfi sem uppfylli alþjóðalög. Í úrskurðinum kemur fram að kvótakerfið hygli þeim sem upphaflega fengu úthlutað kvóta, sem byggist ekki á sanngirni, en jafnframt að markmið laganna, að vernda fiskistofna, sé lögmætt.

Lúðvík Kaaber, lögmaður mannanna, segir að í niðurstöðu nefndarinnar segi að íslenskum stjórnvöldum sé skylt að rétta hlut kærenda að fullu og veita þeim fullnægjandi bætur. „Eins segir þar að endurskoða skuli fiskveiðistjórnunarkerfið. Þetta liggur skýrt fyrir. Hæstiréttur felldi úrskurð gegn sjómönnunum sem þá sendu mál sitt til mannréttindanefndarinnar, en íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að virða úrskurðarvald nefndarinnar.“

Umræddir sjómenn keyptu kvótalausan bát og ákváðu að halda til veiða kvótalausir. Það var gert til að reyna á 75. grein stjórnarskárinnar um að hverjum manni sé frjálst að stunda þá atvinnu sem hann kýs. Þeir töldu það mannréttindabrot að fá ekki úthlutað kvóta og geta stundað sjómennsku á atvinnutæki sínu. - shá



**LÖNDUN** Úrskurður mannréttindanefndarinnar er þvert á rökstuðning fyrir lögmæti fiskveiðistjórnunarkerfisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Óstofnað systurfélag Eyktar:

## Hefur keypt Blikastaðaland

**VIÐSKIPTI VBS fjárfestingarbanki hefur fyrir hönd óstofnaðs félags keypt Blikastaðaland í Mosfellsbæ af Íslenskum aðalverktökum og Blikastöðum ehf.**

**Óstofnað dótturfélag Holtasels ehf., móðurfélags Eyktar hf., mun taka við eignarhaldinu og standa fyrir frekari þróun og uppbyggingu, að því er fram kemur í bréfi VBS til Mosfellsbæjar.**

**Þar er tilkynnt um eigendaskipti á landinu og óskað eftir viðræðum við sveitarfélagið um uppbyggingu. Í tilkynningu kemur fram að ætlunin sé að hefja framkvæmdir á næsta ári. Í skipulagi er gert ráð fyrir 1.800 íbúðum á svæðinu. - bj**

Sakaðir um fíkniefnasmygl:

## Sex ákærðir í Pólstjörnumáli

**DÓMSMÁL Sex karlmenn hafa verið ákærðir í svokölluðu Pólstjörnumáli, þar sem reynt var að smygla tugum kílóa af amfetamíni til landsins með skútu. Þetta staðfestir Kolbrún Sævarsdóttir, saksóknari hjá Ríkissaksóknara.**

**Gæsluvarðhald yfir einum sexmenninganna var framlengt í gær, en alls sitja fimm af sex sakborningum í varðhaldi.**

**Að auki situr sjöundi maðurinn í gæsluvarðhaldi í Færeyjum, en lögregla telur að skútumenn hafi skilið eftir rúmlega eitt kíló af fíkniefnum þar. Kolbrún segir að yfirvöld í Færeyjum muni taka ákvörðun um ákæru á hendur þeim einstaklingi. - bj**

Sjálfstæðismenn í borginni:

## Borgarleikhúsið gæti jafnræðis

**REYKJAVÍK** Mikilvægt er að Borgarleikhúsið, sem rekið er fyrir skattfé borgarbúa, gæti jafnræðis gagnvart leiklistargagnrýnendum varðandi aðgang að frumsýningum, jafnvel þótt stjórnendur kunni að vera ósáttir við skrif einstakra manna.

Þetta segir í bókun sem fulltrúar Sjálfstæðisflokks í menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar lögðu fram á fundi ráðsins í gær.

Fulltrúarnir lýsa undrun sinni á því að einn helsti leiklistargagnrýnandi landsins hafi verið tekinn af boðslista frumsýningargesta í kjölfar gagnrýni á sýningu. - bj

**BANDARÍKIN**

**Kerry styður Barack Obama**

John Kerry, fyrrverandi forsetaframbjóðandi í Bandaríkjunum, hefur lýst yfir stuðningi við framboð Baracks Obama til forsetaefnis Demókrataflokksins.

# Ásakanir saksóknara brot á mannréttindum

**Bandarískur saksóknari segir Aron Pálma sekan um kynferðisbrot gegn fleiri börnum. Mannréttindi að teljast saklaus uns sekt er sönnuð segir lagaprófessor. Aron Pálmi sakar saksóknarann um ofsóknir og boðar málsókn gegn honum.**

**DÓMSMÁL** Bandarískur saksóknari, sem sótti Aron Pálma Ágústsson til saka fyrir kynferðisbrot gegn barni, heldur því fram að Aron Pálmi sé sekur um fleiri og alvarlegri brot en hann var ákærður og sakfelldur fyrir. Þetta kemur fram á vefmiðlinum visir.is.

Hér á landi væri algerlega fráleitt að saksóknari segði mann sekan um brot sem hann hefði ekki verið ákærður eða dæmdur fyrir. Slíkt væri brot gegn stjórnarskrá og mannréttindasáttmála, segir Björg Thorarensen, forseti lagadeildar Háskóla Íslands.

Aron Pálmi var sakfelldur fyrir brot gegn sex ára dreng sem hann framdi ellefu ára gamall, og dæmdur í tíu ára fangelsi í Texas í Bandaríkjunum árið 1997.

Mike Trent, saksóknari í Harrissýslu í Texas, skrifar um málið á vefinn icelandweatherreport.com, og segir þar brot Arons gegn drengnum umfangsmeira en hann hafi verið dæmdur fyrir. Hann heldur því einnig fram að Aron Pálmi hafi brotið gróflega gegn þremur öðrum drengjum, og hótað að myrða fjölskyldu eins þeirra.

Fram kemur á visir.is að Trent hafi staðfest símleiðis að hann hafi skrifað umræddan pistil.

„Hér á landi [...] er almennt litið svo á að maður sé saklaus uns sekt er sönnuð fyrir dómstólum,“ segir Björg Thorarensen. „Það er afar óábyrgt af saksóknara að lýsa yfir sekt manns um eitthvað. Hér á landi myndi það brjóta gegn bæði stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu að ákæruvaldið lýsti yfir sekt manns um eitthvað sem ekki hefur verið rannsakað til hlítar og ekki ákært eða dæmt fyrir.“ Hún bendir á að Bandaríkin séu aðilar að samningi Sameinuðu þjóðana um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, þar sem friðhelgi einkalífs og réttur manns til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð er varinn.

„Svona gera menn í opinberum embættum ekki, og þykir mér sem hann gangi ekki heill til skógar,“ segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu.

Bragi fór tvisvar til Texas vegna máls Arons Pálma, og þekkir vel til. Bragi segir þær ásakanir sem Trent setur fram nú ekki réttar samkvæmt því sem hann best viti.

Ekki náðist í Aron Pálma vegna málsins í gær. Í samtali við visir.is segist hann staðráðinn í því að sækja Trent til saka fyrir ofsóknir gegn sér.

„Þessi maður hefur hótað því að gera líf mitt að lifandi helvíti og ég get ekki setið undir því. Ég verð að grípa til varna fyrir mig og fjölskyldu mína,“ er haft eftir Aroni Pálma á visir.is.

brjann@frettabladid.is/karen@frettabladid.is



**ARON PÁLMI ÁGÚSTSSON** „Þessi maður hefur hótað því að gera líf mitt að lifandi helvíti og ég get ekki setið undir því. Ég verð að grípa til varna fyrir mig og fjölskyldu mína,“ er haft eftir Aroni Pálma á visir.is. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

> Svona gera menn í opinberum embættum ekki, og þykir mér sem hann gangi ekki heill til skógar.
>
> **BRAGI GUÐBRANDSSON**
> FORSTJÓRI BARNAVERNDARSTOFU



**STJÓRARNIR HJÁ MAREL** Marel er eina félagið sem hefur hækkað frá áramótum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Viðsnúningur í Kauphöllinni:

## Fyrsta hækkun ársins í gær

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitalan í Kauphöll Íslands, sem mælir verðmæti stærstu skráðra fyrirtækja í Kauphöll Íslands, hækkaði um 1,18 prósent í gær. Er þetta fyrsti dagurinn á árinu sem vísitalan hækkar. Mikil hækkun var í byrjun dags, eða tæp fimm prósent, en svo lækkaði vísitalan rólega þegar leið á daginn.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins voru fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir stærstu kaupendur hlutabréfa í gær.

Frá áramótum hefur úrvalsvísitalan lækkað um rúm tólf prósent. Aðeins Marel hefur hækkað það sem af er ári, um tvö prósent. - bg

Slökkviliðið höfuðborgarinnar:

## Hundsbjörg varð

**BJÖRGUN Fullvaxta labradorhundur komst í hann krappann við Rauðavatn um fimmleytið í gær eftir að hafa hlaupið út á þunnan ísinn. Ísinn gaf sig undan þunga hans og úr vökinni komst hvutti ekki.**

**Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins brást skjótt við og komu björgunarmenn ásamt sérútbúnum ísbjörgunarbát til bjargar. Segir Ólafur Ingi Grettisson aðstoðarvarðstjóri björgunarmenn ekki hafa hikað við að nota hann við björgunina. Hundi og björgunarmönnum heilsast vel. - kdk**




George W. Bush Bandaríkjaforseti setur aukinn þrýsting á Ísrael og Palestínu:

# Friðarsamkomulag náist innan árs

**JERÚSALEM, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti segist ætla að gera allt sem í hans valdi standi til að friðarsamkomulag milli Ísraels og Palestínu náist fyrir árslok þegar forsetatíð hans lýkur.

Í þriggja daga heimsókn sinni í Jerúsalem, sem lýkur í dag, hefur Bush fundað með Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, og Mahmoud Abbas, forseta Palestínu. Eftir fundina sagði hann ljóst að friðarsamkomulag fæli í sér „sársaukafullar pólitískar málamiðlanir“ af beggja hálfu.

Bush gaf í gær ítarlegustu lýsinguna hingað til á hvað friðarsamkomulag þyrfti að fela í sér og var beinskeyttari í máli en áður. Meðal atriða nefndi hann öryggi Ísraels, samliggjandi ríki Palestínu og að breytingar þyrfti að gera á landamærum Ísraels 1949. Vísaði hann þar til landnemabyggða Ísraela á umdeildum svæðum sem Ísrael vill halda þegar ríki Palestínu verður myndað.

Bush gerði sér far um að nota orðið „hernám“ til að lýsa stjórn Ísraela á landi sem ætti að tilheyra sjálfstæðu ríki Palestínu. „Binda á enda á hernámið sem hófst árið 1967. Samkomulagið þarf að koma á fót Palestínu sem heimalandi Palestínumanna alveg eins og Ísrael er heimaland gyðinga.“ - sdg



**GEORGE W. BUSH BANDARÍKJAFORSETI** Heimsótti kirkju Grískrétttrúnaðarkirkjunnar þar sem prestar tóku á móti honum. NORDICPHOTOS/AFP

www.toyota.is




## Land Cruiser 200 – Fullkomið frelsi

Viltu standa þegar aðrir sitja? Viltu komast lengra, hraðar og fara hærra? Viltu vera óháður duttlungum náttúrunnar án þess að fórna nokkru af þeim þægindum sem þú átt skilið?

Nýr Land Cruiser 200 mun bylta hugmyndum þínum um alvöru jeppa. Yfirborðið er fágað og undir því leynast óteljandi tækninýjungar sem vinna allar að því að keyra þig áfram á konunglegan hátt og veita þér ógleymanlega akstursreynslu.

**Komdu og reynsluaktu nýjum Land Cruiser 200.**
**Upplifðu fullkomið frelsi.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

## GENGIÐ 10.1.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,48 | 62,78 |
| Sterlingspund | 122,75 | 123,35 |
| Evra | 91,72 | 92,24 |
| Dönsk króna | 12,314 | 12,386 |
| Norsk króna | 11,704 | 11,772 |
| Sænsk króna | 9,754 | 9,812 |
| Japanskt jen | 0,5691 | 0,5725 |
| SDR | 98,62 | 99,2 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

121,0189

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ríkið gæti orðið af milljarðatekjum vegna lækkunar hlutabréfaverðs í Kauphöllinni:

# Lítill fjármagnstekjuskattur

**EFNAHAGSMÁL** „Það er ekki fráleitt að gera ráð fyrir minni tekjum af fjármagnstekjuskatti,“ segir Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík. Hann bendir jafnframt á að tekjuskattur fyrirtækjanna ráðist af rekstri og falli á hlutabréfamarkaði að þurfi ekki að hafa afgerandi áhrif á hann. Það skýrist á næstunni þegar uppgjör liggi fyrir.

Fjárlaganefnd Alþingis ætlar í næstu viku að fjalla um áhrif hrunsins á hlutabréfamarkaði á forsendur fyrir fjárlagafrumvarpi ársins. „Lækkunin í Kauphöllinni getur haft áhrif á þessa liði,“ segir Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar.

Gunnar Haraldsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, telur að fjármagnstekjur verði litlar, að óbreyttu.

Í fjárlögum ársins er gert ráð fyrir að tekjur af fjármagnstekjuskatti verði 35 milljarðar króna en tekjuskattur lögaðila nemi ríflega 45 milljörðum króna.

Benda má á að samkvæmt yfirliti ríkisskattstjóra nemur uppsafnað yfirfæranlegt tap fyrirtækja tæpum 400 milljörðum króna. Tapið geta þau dregið frá tekjuskattstofni síðasta árs. - ikh



**ÁRNI MATHIESEN FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Kynnti fjárlagafrumvarpið í haust. Í kjölfar hruns á hlutabréfamarkaði kunna forsendur fjárlaganna að vera brostnar.

Ólöglegir innflytjendur:

## Vilja stofna verkalýðsfélag

**SVÍÞJÓÐ** Minnst 35 þúsund og allt upp í 100 þúsund ólöglegir innflytjendur vinna nú á smánarlaunum í Svþjóð. Þess eru dæmi að ólöglegir innflytjendur hafi unnið fyrir 50 eða 100 íslenskar krónur á tímann, að sögn sænska dagblaðsins Aftonbladet. Ástæðan er sú að atvinnurekendur vita að ólöglegur innflytjandi getur ekki farið til lögreglunnar.

Ólöglegu innflytjendurnir, sem margir hafa fengið neitun við umsókn sinni um dvalar- og atvinnuleyfi, vilja stofna sitt eigið verkalýðsfélag til að berjast fyrir réttindum sínum en sænska alþýðusambandið hikar. - ghs



**TVÖFÖLDUN** Lítill framgangur hefur verið við tvöföldun Reykjanesbrautar frá því í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ekki útséð með framkvæmdir:

## SI vilja brautina í útboð á ný

**SAMGÖNGUR** Samtök iðnaðarins (SI) skora á Vegagerðina að bjóða út það sem eftir er af tvöföldun Reykjanesbrautarinnar. Þetta kemur fram í bréfi sem samtökin sendu Vegagerðinni á miðvikudag.

Eins og fram hefur komið hefur verktakafyrirtækið Jarðvélar sagt sig frá tvöföldun brautarinnar vegna fjárhagsörðugleika. Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI, segir samtökin telja óheimilt að semja beint við undirverktaka, lögum samkvæmt eigi að bjóða verkið út aftur.

Jónas Snæbjörnsson, svæðisstjóri Vegagerðarinnar á suðvestursvæði, segir að fundað verði með forsvarsmönnum Jarðvéla í dag um viðskilnað fyrirtækisins. Enn sé mögulegt að Jarðvélar geti samið við undirverktaka um að ljúka verkinu. - bj

Erlendir starfsmenn leikskóla:

## Langflestir eru vel menntaðir

**LEIKSKÓLAR Um 130 starfsmenn af erlendum uppruna voru starfandi á leikskólum Reykjavíkurborgar í fyrrahaust. Það eru um átta prósent starfsmanna leikskólanna almennt.**

**Langflestir erlendu starfsmanna eru með góða menntun; háskólapróf, kennarapróf eða aðra uppeldismenntun.** - ghs

# Björn Ingi og Ólafur kæmust ekki inn

**Sjálfstæðisflokkur fengi sjö borgarfulltrúa, Samfylking sex og Vinstri græn tvo í nýrri könnun Fréttablaðsins. Aðrir flokkar fengju engan. Sjálfstæðisflokkur og Samfylking bæta við sig fylgi frá frá síðustu könnun en Vinstri græn tapa.**

**SKOÐANAKÖNNUN** 43,7 prósent segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, væri boðað til kosninga nú, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Flokkurinn myndi halda sínum sjö borgarfulltrúum, væru þetta úrslit kosninga.

Í sveitarstjórnarkosningunum 2006 hlaut flokkurinn 42,9 prósent atkvæða og fylgi flokksins nú því á svipuðu róli. Fylgið hefur hins vegar aukist nokkuð frá síðustu könnun blaðsins sem gerð var 13. október 2007, tveim dögum eftir að tilkynnt var að að samstarfi Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks væri slitið og komist hefði verið að samkomulagi um nýtt meirihlutasamstarf Samfylkingar, Vinstri grænna, Frjálslynda flokksins og Framsóknarflokks. Þann 13. október sögðust 39,4 prósent myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn. Nokkur kynjamunur er á afstöðu til Sjálfstæðisflokks, en 52,7 prósent karla styðja flokkinn, en 32,9 prósent.

Samfylking bætir við sig fylgi frá síðustu kosningum. Nú segjast 35,3 prósent myndu kjósa flokkinn; 42,9 kvenna og 28,9 prósent karla. Fengi hann því sex borgarfulltrúa kjörna. Flokkurinn hefur nú fjóra borgarfulltrúa, en 30,7 prósent greiddu honum atkvæði sitt í sveitarstjórnarkosningunum 2006. Þá eykst fylgi flokksins nokkuð frá síðustu könnun blaðsins, þegar 27,4 prósent sögðust myndu kjósa Samfylkinguna.




Þriðji flokkurinn sem fengi fulltrúa kjörinn er Vinstri græn. 13,2 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni sögðust myndu greiða honum atkvæði sitt, 10,0 prósent karla og 17,1 prósent kvenna. Borgarfulltrúar Vinstri grænna yrðu því tveir, líkt og nú er. Fylgið er nánast það sama og í sveitarstjórnarkosningunum, þegar 13,5 prósent kusu Vinstri græn. Fylgið dalar nokkuð frá síðustu könnun þegar 19,4 prósent sögðust myndu kjósa flokkinn.

Framsóknarflokkinn vantar prósentustig til að fá borgarfulltrúa kjörinn, væri könnunin niðurstaða kosninga. 4,6 prósent segjast nú myndu kjósa flokkinn, sem er prósentustigi minna en í síðustu könnun blaðsins. Í síðustu kosningum hlaut hann 6,3 prósent atkvæða og einn borgarfulltrúa.

Aðeins meira vantar upp á fyrir Frjálslynda flokkinn til að fá borgarfulltrúa kjörinn. 3,0 prósent segjast nú myndu kjósa flokkinn, líkt og í könnun blaðsins í október á síðasta ári. 10,1 prósent kaus hins vegar Frjálslynda flokkinn í síðustu kosningum og fékk flokkurinn einn borgarfulltrúa.

Hringt var í 600 Reykvíkinga miðvikudaginn 9. janúar. Svarendur voru valdir af handahófi úr þjóðskrá, 300 konur og 300 karlar. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til borgarstjórnarkosninga nú? 61,8 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. 28,2 prósent sögðust óákveðin, 3,5 prósent sögðust ekki myndu kjósa eða skila auðu. 6,5 prósent vildu ekki svara þessari spurningu. svanborg@frettabladid.is

Tæplega tvítugur dæmdur:

## Strauk á leið til tannlæknis

**DÓMSMÁL Tæplega tvítugur Reykvíkingur hefur verið dæmdur fyrir eignaspjöll og fíkniefnabrot meðan hann afplánaði dóm í fangelsinu á Litla-Hrauni. Hann er nú á reynslulausn.**

**Hann strauk í mars á síðasta ári frá fangavörðum sem höfðu farið með hann til tannlæknis. Á því ferðalagi sparkaði hann upp hurð í félagsmiðstöðinni Zelsíus á Selfossi. Skömmu síðar var hann tekinn í klefa sínum með hass. Maðurinn á að baki langan brotaferil. Hann var dæmdur í eins mánaðar fangelsi, skilorðsbundið, og til að borga hurðina.** - jss



**GLJÚFRASTEINN** Mótttökuhús verður byggt handan Köldukvíslar.

Bæjarráð Mosfellsbæjar:

## Vilja ræða um Gljúfrastein

**SÖFN** Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkti í gær að fela Halldóri Sverrissyni bæjarstjóra að ræða við fulltrúa forsætisráðuneytisins um byggingu nýs hús á Gljúfrasteini.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær vill forsætisráðuneytið hafa samvinnu við Mosfellsbæ um nýja byggingu sem hýsa muni móttöku fyrir Laxnesssafnið á Gljúfrasteini og sérstakt Laxnesssetur sem Mosfellsbær hefur haft á prjónunum. Verið er að ganga frá kaupum á landi undir húsið. Heildarkostnaður er áætlaður 182 milljónir króna. - gar




Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**RÓLEGT VEÐUR** Vindur verður hægur næstu daga. Á morgun verður hann hægur af austri með stöku éljum norðaustan og austan til, annars þurrt og bjart með köflum til landsins syðra. Vægt frost verður með ströndum en töluvert frost til landsins. Á sunnudag verður áttin breytilegri og veður þungbúnara. Þá má reikna með snjókomu suðvestanlands um hádegi og síðan mjakast úrkomubeltið austur með Suðurlandinu þegar líður á daginn.

**REYKJAVÍK Í DAG** Hægviðri. Skýjað með köflum. Frost 0-3 stig.

## VEÐURSPÁ

*um hádegi »*




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C rigning | London | 9°C rigning | Friedrichshafen | 7°C skúrir |
| Billund | 8°C rigning | París | 11°C rigning | Lúxemborg | 8°C hálfskýjað |
| Osló | -1°C hálfskýjað | Amsterdam | 9°C rigning | Alicante | 18°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 5°C skúrir | Frankfurt | 8°C skúrir | Róm | 15°C skúrir |
| Gautaborg | 6°C skúrir | Berlín | 8°C skúrir | Las Palmas | 21 C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Útsala

## á raftækjum

**Fyrstur kemur fyrstur fær**

## allt að 75%

**afsláttur af völdum raftækjum**

## Verðdæmi

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tasco 10x25 sjónauki | 999 kr. | ~~3.990~~ kr. | 75% |
| Exido brauðrist - stál | 1.799 kr. | ~~4.990~~ kr. | 64% |
| Casio Exilim myndavél 7.2M | 14.999 kr. | ~~36.990~~ kr. | 59% |
| Rafmagnssópur snúrulaus | 5.999 kr. | ~~9.990~~ kr. | 40% |
| Exido safapressa | 4.199 kr. | ~~7.990~~ kr. | 47% |
| United 37“ LCD sjónvarp | 84.990kr | ~~99.990~~kr | 15% |
| Dantax 15” LCD m/DVD | 34.999 kr. | ~~39.990~~ kr. | 12% |

Allt úrvalið fáanlegt í Smáralind. Takmarkað úrval í öðrum verslunum.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Telur þú rökstuðning Árna Mathiesen fyrir því að skipa Þorstein Davíðsson í embætti dómara fullnægjandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 18,5% |
| Nei | 81,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Átt þú hlutabréf sem hafa lækkað í verði undanfarið?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Íslendingur sem afplánar dóm fyrir fíkniefnasmygl í Suður-Ameríku:

# Fær ekki styrk frá Mosfellsbæ

**FÉLAGSMÁL** Hlynur Smári Sigurðarson, sem dæmdur var í þriggja ára fangelsi vorið 2006 fyrir kókaínsmygl til Brasilíu, hefur fengið synjun á fjárhagsaðstoð frá Mosfellsbæ.

„Mér finnst þetta á heldur lágu plani,“ segir Sigurður Þorvaldsson, faðir Hlyns Smára. „Hlynur Smári bjó í Mosfellsbæ nánast frá fæðingu. Mér finnst að bæjaryfirvöld ættu að sjá í gegnum fingur sér að hann hefur ekki verið búsettur þar allra síðustu ár.“

Aðbúnaður Hlyns Smára í Brasilíu hefur verið slæmur en Sigurður segir aðstæðurnar þó hafa batnað. Hann sitji ekki lengur í fangelsi



**HLYNUR SMÁRI SIGURÐARSON** Neitað um fjárhagsaðstoð til Brasilíu frá Mosfellsbæ.

heldur sé aðeins inni milli klukkan tíu á kvöldin og sex á morgnana. Hlynur sé hins vegar upp á sjálfan sig og ættingja kominn peningalega.

Hlynur Smári er skráður með lögheimili í Mosfellsbæ og mun hafa hug á að flytjast þangað þegar hann sleppi úr prísundinni. Þá geti hann endurgoldið styrkinn með því að greiða sín gjöld til bæjarins.

Erindið vegna Hlyns Smára fékk neikvæða afgreiðslu í Mosfellsbæ. „Fjölskyldunefnd synjar erindinu þar sem umsækjandi er ekki með búsetu í Mosfellsbæ og fellur að öðru leyti ekki undir reglur Mosfellsbæjar um fjárhagsaðstoð. Í því sambandi vísast til þess að umsækjandi sætir afplánun á refsidómi erlendis og er þar af leiðandi á ábyrgð viðkomandi ríkis,“ sagði fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar. **- gar**

Kosningar boðaðar á Spáni:

# Zapatero heitir fjölgun starfa

**SPÁNN, AP Jose Luis Rodriguez Zapatero, forsætisráðherra Spánar og leiðtogi sósíalista, hét því á miðvikudag að ríkisstjórn hans myndi stuðla að sköpun minnst 1,6 milljóna nýrra starfa í landinu ef hún hlýtur endurkjör í kosningunum 9. mars.**

**Zapatero tjáði blaðamönnum í Madríd að stjórnin væri staðráðin í að lækka atvinnuleysishlutfallið í landinu úr átta prósentum í sjö en á kjörtímabilinu hefðu þrjár milljónir starfa orðið til. Stefnan væri að bæta við 1,6 milljónum til 2 milljóna starfa.**

**Fylgi flokkafylkinganna tveggja mælist nú nánast hnífjafnt. - aa**

Pútín Rússlandsforseti:

# Þjóðernissinni sendur til Natό

**RÚSSLAND, AP** Vladimír Pútín skipaði í gær Dmitrí Rogozin, harðskeyttan þjóðernissinna, í stöðu sendiherra Rússlands hjá Atlantshafsbandalaginu.



**DMITRÍ ROGOZIN**

Rogozin var leiðtogi stjórnmálaflokksins Rodina, Föðurland, sem hafði uppi svo harðvítugan þjóðernisáróður að flokknum var ekki leyft að taka þátt í kosningum í Moskvu árið 2005.

Rogozin segist ekki telja sjálfur að Natό sé óvinveitt Rússlandi, en segist þó þeirrar skoðunar að þeir sem telja Natό óvinveitt Rússlandi hafi fyrir því góð rök. **- gb**

## SJÁVARÚTVEGUR

### Rannsakar dauða loðnu

Hafrannsóknastofnunin mun á þessari loðnuvertíð gera í fyrsta sinn tilraunir til að fylgjast með afdrifum loðnu sem drepst að lokinni hrygningu.

### Bjarni lagður í hann

Hafrannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson fór frá Reykjavík á miðvikudag og mun stunda mælingar á stærð veiðistofns loðnu fyrir Austur-, Norðaustur- og Norðurlandi. Fyrirhugað var að skipið færi til mælinga á mánudag en bilun kom upp í vélbúnaði þannig að ekki var unnt að senda það í verkefnið.

## LÍFFRÆÐI

### Fuglalíf glæðist

Óvenjulega mikil síldargengd í sunnanverðum Breiðafirði hefur skilað sér í auknu fuglalífi. Við Stykkishólm og Kolgrafafjörð er óvenjulega mikið af mávum, skörfum, toppöndum og teistum.

# Elta ekki ólar við yfirlýsingar Árna

**Dómnefnd sem mat hæfi umsækjenda um embætti héraðsdómara segir Árna M. Mathiesen fara með rangfærslur, sem ekki sé hægt að elta ólar við í fjölmiðlum. Traust á dómsvaldinu er það sem skiptir öllu máli, segir Siv Friðleifsdóttir.**

**STJÓRNSÝSLA** „Í þessari greinargerð setts dómsmálaráðherra eru slíkar rangfærslur að nefndin ætlar ekki að elta ólar við hana í fjölmiðlum,“ segir Pétur Kr. Hafstein, formaður dómnefndar sem mat hæfi umsækjenda um embætti héraðsdómara. Nefndin vísar að öðru leyti til greinargerðar sem hún sendi frá sér á miðvikudag, þar sem rökstuðningur Árna M. Mathiesen fyrir ráðningu Þorsteins Davíðssonar, í embætti héraðsdómara við Héraðsdóm Norðurlands og Austurlands, er sagður ófullnægjandi og ómálefnalegur.

Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra og settur dómsmálaráðherra, segir greinargerð dómnefndar um hæfi umsækjenda til embættis héraðsdómara vera gallaða og ógagnsæja. Árni sendi frá sér yfirlýsingu í gær, vegna greinargerðar dómnefndarinnar. Í greinargerðinni segir meðal annars að engin tilraun hafi verið gerð af hálfu Árna til að rökstyðja hvers vegna þau atriði sem tilgreind eru sérstaklega á ferli Þorsteins Davíðssonar vegi þyngra í mati á hæfni en „allt það sem hinir umsækjendurnir hafa til brunns að bera“.

Í yfirlýsingu Árna segir að það sé rangt hjá dómnefndinni að það sé einsdæmi að „ráðherra fari ekki að áliti nefndarinnar“. Vitnar Árni þar til orða í greinargerð dómnefndar þar sem segir: „Þótt umsögnin bindi ekki hendur ráðherra eru engin fordæmi fyrir því að svo verulega hafi verið gengið á svig við álit dómnefndar“.

Árni segir enn fremur í yfirlýsingunni að dómnefndin hafi „mis-



**ÁRNI M. MATHIESEN** Ítrekar að það sé ráðherra að skipa í starf dómara en ekki dómnefndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**PÉTUR KR. HAFSTEIN**



**ÞORSTEINN DAVÍÐSSON**

skilið hlutverk sitt“ þar sem hún telji sig hafa vald sem hún hefur ekki.

Þorsteinn Davíðsson var metinn hæfur í umsögn nefndarinnar en Guðmundur Kristjánsson hæstaréttarlögmaður, Halldór Björnsson, aðstoðarmaður hæstaréttardómara, og Pétur Dam Leifsson lektor voru metnir mjög vel hæfir. Þorsteinn var því í þriðja hæfisflokki en hinir þrír fyrrnefndu í fyrsta.

Siv Friðleifsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, telur leitun vera að verklagi eins og því sem ráðning Þorsteins hvíli á. „Árni hefur í tvígang með skömmu millibili fengið gríðarlega hörð viðbrögð frá stjórnsýslunni. Fyrir skömmu í tilfelli Grímseyjarferjumálsins, þar sem Ríkisendurskoðun gagnrýndi fjármálaráðuneytið harkalega, og síðan fyrir ráðningu Þorsteins í embætti héraðsdómara. Það er athyglisvert að dómnefndin segi að rökstuðningur ráðherra sé ómálefnalegur. Traust á dómsvaldinu er það sem skiptir öllu máli og það verður að ríkja sem víðtækust sátt um það þegar nýir dómarar eru ráðnir til starfa.“

magnush@frettabladid.is





Heimsþekkt vörumerki eins og Sonia Rykiel, Bonpoint, Jamin Puech, Orla Kiely og fleiri...

Kisan er opin
mán - fim 10:30 - 18:00
föstudaga 10:30 - 19:30
laugardaga 10:30 - 18:00

P Munið bílastæðin í bílastæðahúsinu í Traðarkoti, beint að baki verslunninni

KISAN
CONCEPT STORE
Laugavegi 7 101 Reykjavík
Sími 561 6262 www.kisan.is


Blátt áfram vill gera fimm prósent fullorðinna Íslendinga að verndurum barna:

# Ellefu þúsund manna varðlið stöðvi ofbeldi gegn börnum

**FÓLK** „Við þurfum að taka ábyrgð á öllum börnum,“ segir Sigríður Björnsdóttir hjá samtökunum Blátt áfram, sem vilja mennta fimm prósent þjóðarinnar til að verjast ofbeldi gegn börnum.

Átaklun Blátt áfram á að skila á næstu fimm til sjö árum 11.250 fullorðnum einstaklingum sem hafa þekkingu til að koma auga á illa meðferð á börnum og bregðast við. Markmiðið er að fimm prósent fullorðinna í öllum sveitarfélögum landsins sitji sérstakt námskeið.

Að sögn Sigríðar hafa nokkur bæjarfélög þegar tekið við sér. „Hveragerði og Ísafjörður ætla til dæmis að taka ábyrgð á sínum börnum og munu senda alla sína starfsmenn,“ segir Sigríður.

Námskeiðin eru að bandarískri fyrirmynd og segir Sigríður þau hafa reynst vel. „Fólk fær staðfestingu á því af hverju það á að hjálpa öllum börnum en ekki bara sínum eigin. Ef það tekur eftir einhverjum merkjum hjá annað hvort börnunum eða fullorðnum um eitthvað sem ekki er í lagi getur það gripið inn í. Við erum að tala um alls konar ofbeldi, allt frá því að börn séu vanrækt og alla leið upp í kynferðislegt ofbeldi,“ segir Sigríður, sem vonast eftir góðum undirtektum: „Fólk er að átta sig á því að það verður að takast á við hlutina í stað þess að neita að þeir hafi gerst.“ **- gar**



**SIGRÍÐUR OG SVAVA BJÖRNSDÆTUR** Hrinda af stað námskeiðinu Verndarar barna á næstu mánuðum á vegum samtakanna Blátt áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SIMPLY CLEVER




HEKLA · Laugavegi 172-174 · Sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranes · Ísafjörður · Reyðarfjörður · Reykjanesbær · Selfoss
HEKLA

## VEISTU SVARIÐ?



1. Um hvaða hús á Laugaveginum er deilt um þessar mundir?
2. Hvað heitir formaður Starfsgreinasambandsins?
3. Hver var rekinn sem framkvæmdastjóri enska úrvalsdeildarliðsins Newcastle United í vikunni?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Íslenskir friðargæsluliðar á Srí Lanka vinna að því að tryggja öryggi heimamanna:

# Koma heim í næstu viku

**UTANRÍKISMÁL** Allir íslenskir friðargæsluliðar á Srí Lanka munu fara frá landinu í síðasta lagi 16. janúar næstkomandi. Nú er unnið hörðum höndum að því að tryggja öryggi heimamanna sem starfað hafa með íslenskum og norskum friðargæsluliðum.

Anna Jóhannsdóttir, forstöðumaður Íslensku friðargæslunnar, segir að verið sé að skoða hvort aðrar stöðvar finnist fyrir þá sem unnið hafa með samnorrænu eftirlitssveitunum, SLMM, til dæmis innan stofnana Sameinuðu þjóðanna sem starfa áfram í landinu.

Allir friðargæsluliðar SLMM þurfa að yfirgefa Srí Lanka í síðasta lagi 16. janúar, í kjölfar þess að þarlend stjórnvöld sögðu upp vopnahléssamkomulagi frá 2002.



**HERMENN** Ófriðlegt hefur verið á Srí Lanka undanfarið. Stjórnvöld sögðu hinn 3. janúar síðastliðinn upp vopnahléssamkomulagi frá árinu 2002. NORDICPHOTOS/AFP

Um 50 heimamenn starfa fyrir sveitirnar, og er talið að þeir geti verið í hættu eftir að friðargæsluliðarnir yfirgefa landið.

Anna segir að meta þurfi stöðu hvers og eins, þeir hafi gegnt mismunandi störfum fyrir SLMM, einhverjir hafi verið við störf í höfuðstöðvunum meðan aðrir hafi farið um átakasvæði. Nú starfi hópur fólks að því að tryggja öryggi þessara einstaklinga.

Níu íslenskir friðargæsluliðar hafa verið í landinu. Anna segir að þeir fari heim í síðasta lagi 16. janúar. Þó gætu nokkrir þeirra ílengst eitthvað til að ganga frá, en það verði ekki nema öryggi þeirra verði tryggt. - bj

Sveitarfélög á Vesturlandi:

# Vilja gjaldfrjáls Hvalfjarðargöng

**SAMGÖNGUR Fella verður niður gjaldtöku í Hvalfjarðargöngum og hefja þarf strax framkvæmdir við Sundabraut. Þetta kemur fram í ályktun stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.**

**„Nú eru teikn á lofti að sambærileg göng á Norðurlandi um Vaðlaheiði verði fjármögnuð af ríkinu og skattgreiðendum öllum," segir í ályktuninni.**

**Samtökin hvetja til þess að framkvæmdir við Sundabraut hefjist að norðanverðu frá Kjalarnesi, að vegurinn um Kjalarnes verði tvöfaldaður og Hvalfjarðargöng sömuleiðis.** - sgj



**KJARNORKUSPRENGING** Bæjarráð Reykjanesbæjar hafnar því að lýsa bæinn kjarnorkuvopnalausan.

Kjarnavopn í Reykjanesbæ:

# Ekki á forræði bæjaryfirvalda

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarráð Reykjanesbæjar hefur hafnað erindi Samtaka hernaðarandstæðinga um að lýsa sveitarfélagið kjarnorkuvopnalaust.

„Reykjanesbær telur málið ekki vera á sínu forræði þar sem innan bæjarmarkanna er meðal annars flugverndarsvæði sem er á forræði Utanríkisráðuneytisins og vísar í fyrri afstöðu," segir bæjarráðið. Bæjarfulltrúi VG sagðist styðja erindi hernaðarandstæðinga en sat þó hjá.

Í bréfi hernaðarandstæðinga til Reykjanesbæjar kemur fram að svars hafi verið beðið frá bænum frá því 1. júní 2006. Reykjanesbær sé eitt af aðeins fimm íslenskum sveitarfélögum sem ekki hafi lýst sig laus við kjarnorkuvopn. - gar

# Ásökunum um svik neitað

## Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON, segir innherjaviðskipti með stofnfjárbréf í SPRON ekki hafa stangast á við reglur. Lögmaður greindi frá meintum innherjasvikum stjórnarmanns SPRON.

**VIÐSKIPTI** Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON, segir ekki óeðlilegt að stjórnarmenn í SPRON hafi selt stofnfjárbréf sín á óskráðum markaði áður en félagið var skráð á markað. Ferlið hafi allt verið gagnsætt og lögum samkvæmt.

„Við settum alveg skýrar reglur um markaðinn sem var til með stofnfjárbréf í SPRON. Samkvæmt þeim reglum gátu þeir sem töldust innherjar ekki verið að kaupa og selja bréf ef þeir bjuggu yfir upplýsingum, til dæmis um rekstur-inn, sem aðrir höfðu ekki. Reglunum var stranglega framfylgt og það var farið eftir þeim í einu og öllu," sagði Guðmundur.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær hefur Saga Capital fjárfestingarbanki gert tilkall til þess að fá yfirráð yfir eignarhaldsfélaginu í eigu Daggar Pálsdóttur, hæstaréttarlögmanns og varaþingmanns Sjálfstæðisflokksins, og Páls Ágústs Ólafssonar sonar hennar. Er það gert þar sem félagið skuldar bankanum vegna láns upp á 560 milljónir sem það tók á sumarmánuðum í fyrra til þess að fjármagna kaup á stofnfjárbréfum í SPRON.

Bréfin hafa lækkað gríðarlega. Þegar félagið var skráð á markað var upphafsgengið 18,9 en í lok dags í gær var gengið 8. Greint var frá því í Fréttablaðinu í október að stofnfjárbréf í SPRON hefðu gengið kaupum og sölum á genginu 24 til 30 áður en það var skráð á markað.





**SPRON** Guðmundur Hauksson forstjóri segir SPRON hafa sett skýrar reglur um markaðinn sem var til með stofnfjárbréf.

> Reglunum var stranglega framfylgt og það var farið eftir þeim í einu og öllu.
>
> **GUÐMUNDUR HAUKSSON**
> FORSTJÓRI SPRON

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa tugir fjárfesta tapað milljónum, jafnvel tugum og hundruðum, vegna mikilla lækkana á bréfum í SPRON að undanförnu.

Í málflutningi í dómsmáli Saga Capital gegn Insolidum sagði Jóhannes Karl Sveinsson, hæstaréttarlögmaður og lögmaður Insolidum, að stjórnarmaður í SPRON, Gunnar Þór Gíslason, hefði nýtt að „nota banka, sem hann ætti stóran hlut í, til að selja hluti sína á grundvelli leynilegs verðmats".



**GUÐMUNDUR HAUKSSON**



**DÖGG PÁLSDÓTTIR**

Capacent verðmat SPRON á 60 milljarða króna en stofnfjárbréfin voru seld til Insolidum miðað við að verðið á SPRON væri rúmlega 100 milljarðar. Sundagarðar hf., sem Gunnar stýrir, á rúmlega ellefu prósent í Saga Capital.

Gunnar Þór neitaði þessu í Fréttablaðinu í gær og sagði eðlilega hafa verið staðið að sölunni en Saga Capital keypti bréfin.

Guðmundur segir það alveg ljóst að verðmatið hafi ekki verið leynilegt heldur þvert á móti verið gert opinbert og um það fjallað í fjölmiðlum í kjölfarið. „Verðmatið fór ekki leynt, síður en svo, og var aldrei í leynilegri meðferð stjórnarmanna. Allir fjölmiðlar fjölluðu um það og við sendum einnig frá okkur fréttatilkynningu um verðmatið þegar það var tilbúið," sagði Guðmundur. magnush@frettabladid.is









**HLAUPIÐ FRÁ TÁRAGASI** Mótmæli kvenkyns stuðningsmanna Odinga í Naíróbí, höfuðborg Kenía, í gær voru leyst upp af lögreglu. NORDICPHOTOS/AFP

Átök í Kenía í kjölfar umdeildra forsetakosninga:

# Annan tekur að sér hlutverk sáttasemjara

**KENÍA, AP** Kofi Annan, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hefur tekið við af John Kufuor, forseta Gana og sitjandi leiðtoga Afríkusambandsins (AU), sem sáttasemjari í deilu vegna forsetakosninganna í Kenía sem fram fóru 27. desember síðastliðinn. Í tilkynningu frá AU sagði að Kufour hefði tekist að fá Mwai Kibaki, forseta Kenía, og stjórnarandstöðuleiðtogann Raila Odinga til að fallast á að vinna með hópi sáttasemjara undir handleiðslu Annans.

Alþjóðlegir eftirlitsmenn hafa staðfest að kosningasvindl átti sér stað og hefur kosningastjóri Kibaki jafnvel viðurkennt að hann geti ekki verið viss um hver vann í raun og veru. Samkvæmt upplýsingum á vef kenísku stjórnarinnar vann Kibaki kosningarnar með 47 prósentum atkvæða. Odinga er sagður hafa fengið 44 prósent.

Bandamenn Kibaki voru í gær svarnir í embætti sem ráðherrar í nýrri ríkisstjórn. Í ræðu á miðvikudaginn sagði Kibaki kosningunum „lokið, og hver sá sem telur að hann geti breytt einhverju þar um ætti að gera sér grein fyrir að það er ekki hægt og verður aldrei hægt". Vísaði Kibaki frekari kvörtunum til dómstóla sem eru nánast alfarið skipaðir bandamönnum Kibakis eftir fimm ára valdatíð hans. - sdg

# STÓRSÝNING OG KAFFIHLAÐBORÐ UM HELGINA

INGVAR HELGASON BÝÐUR LANDSINS MESTA ÚRVAL FJÓRHJÓLADRIFINNA BÍLA AF ÖLLUM STÆRÐUM

## JANÚARTILBOÐ Á VÖLDUM BÍLUM – KOMDU Í HEIMSÓKN OG KANNAÐU MÁLIÐ

NÝTT Á ÍSLANDI
OPEL VERND



**ENGINN VIÐHALDS- EÐA ÞJÓNUSTUKOSTNAÐUR Á NÝJUM OPEL**

### Opel Antara

**3.890.000 kr.** sjálfskiptur

Opel Vernd er nýjung á íslenskum bílamarkaði sem tryggir þér þrjú áhyggjulaus ár án þjónustukostnaðar á nýjum og traustum Opel.



**EINN MEST SELDI PALLBÍLLINN 2007**

### Isuzu D-Max

Verð frá **2.790.000 kr.**

Isuzu D-Max er ríkulega útbúinn pallbíll sem hefur reynst einstaklega vel. 3.0l dísilvél, sjálf- eða beinskipting, loftkæling, þægilegt rými fyrir farþega og ökumann, þokuljós og margt fleira.



**EINN VINSÆLASTI FJÓRHJÓLADRIFSBÍLLINN**

### Nissan Qashqai

**2.630.000 kr.** beinskiptur

Þessi nýi fjórhjóladrifni bíll frá Nissan hefur svo sannarlega slegið í gegn á síðasta ári. Hann er til í mörgum útfærslum, með og án sjálfskiptingar, bensín eða dísil.



**EINSTAKT TÆKIFÆRI**

### Subaru Forester

Verð frá: **2.690.000 kr.**

Bjóðum nokkra Subaru Forester með glæsilegum aukapakka **að verðmæti 350.000**: Dráttarbeisli, heilsársdekk, upphækkun og álfelgur.

ENNEMM / SÍA / NM31639



Komdu í kaffi með alla fjölskylduna.
Blöðrur og fánar fyrir börnin.

Á staðnum verður að sjálfsögðu rjúkandi bakkelsi með kaffinu, enda eru starfsmenn Ingvars Helgasonar sérfræðingar í gestrisni og góðum móttökum.

Við tökum vel á móti ykkur – eins og alltaf!

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 10, Reykjavík
Opið laugardag kl. 12-16, sunnudag kl. 13-16

IH
INGVAR HELGASON



**Á SÆDÝRASAFNI** Kafari í kimono, japönskum kvensloppi, og stærðarinnar skata buðu gesti velkomna á sædýrasafn í Tókýó 3. janúar síðastliðinn. Fjöldi fólks lagði leið sína á safnið fyrstu daga nýja ársins. NORDICPHOTOS/AFP

Fræðslustjóri menntasviðs Reykjavíkur segir mikinn dugnað þurfa við skólastarf:

# Skólastarf lagað að kennaraskorti

**MENNTUN** „Skólastjórnendur og kennarar hafa sýnt ótrúlegan dugnað í ár við að láta skólastaf ganga snurðulaust fyrir sig við erfiðar aðstæður,“ segir Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri menntasviðs Reykjavíkurborgar, um kennaraskort á landinu. Skort á nýliðun í stéttinni segir hann helsta vandann.

Ragnar segir að þó að skólastarf hafi verið með fremur hefðbundnu sniði í flestum skólum í ár sé ljóst að fjölda kennara vanti. Skólastarf margra skóla hafi verið látið ganga með því að fá kennara til að taka mikla yfirvinnu og bekkir hafi verið sameinaðir.



**VIÐ KENNSLU** Fræðslustjóri Reykjavíkur segir kennara og skólastjórnendur hafa sýnt mikinn dugnað í erfiðum aðstæðum.

Staðan virðist hafa verið einna erfiðust í Rimaskóla en vikið var frá eðlilegu skólastarfi í þessari viku til að mæta skorti á kennurum. Tveir fyrstu tímar dagsins voru því felldir út í unglingadeild skólans.

Helgi Árnason, skólastjóri Rimaskóla, segir foreldra og nemendur hafa mætt stöðu skólans af miklum skilningi. Búist sé við að skólinn verði fullmannaður um miðjan mánuðinn.

Þá segir Guðmundur Sighvatsson, skólastjóri Austurbæjarskóla, að um tíma hafi hann verið uggandi um að nauðsynlegt yrði að steypa þremur bekkjum saman í einn vegna skorts á kennurum. Leyst hafi verið úr málunum með því að ráða ófaglærðan starfsmann við kennslu. - kdk

Félag nýrnasjúkra:

# Hvetur nýrnasjúka til að tala

**HEILBRIGÐISMÁL** „Fólk gerir sér oft ekki grein fyrir því hve mikið lífsgæði fólks skerðast við þennan sjúkdóm,“ segir Jórunn Sörensen, einn forsvarsmanna tengslahóps nýrnasjúkra og aðstandenda þeirra sem nýlega var stofnaður.

Hópurinn gefur þeim sem veikjast og aðstandendum þeirra tækifæri á að tala, í fullum trúnaði, við félaga sem hafa reynslu af alvarlegri nýrnabilun og að vera í blóðskilun eða kviðskilun. Jórunn bendir sérstaklega á að aðstandendur séu mjög velkomnir enda snerti veikindi ástvina þeirra líf þeirra. - kdk

Sýslumaðurinn á Eskifirði:

# Hart tekið á unglingadrykkju

**LÖGREGLUMÁL Frá því í sumar hafa lögreglumenn á Eskifirði unnið ötullega að því að stöðva drykkju ungmenna undir tvítugu.**

**Kapp hefur verið lagt á að fylgja áfengislögum eftir, segir Þór Þórðarson, lögreglumaður í umdæmi sýslumannsins á Eskifirði. Í þeim segir meðal annars að gera skuli upptækt „áfengi sem ungmenni yngri en 20 ára hafa undir höndum“.**

**Þessi lög vilja lögreglumenn fyrir austan virða og hefur meðal annars verið tekin sú stefna að öll afskipti sem lögregla hefur af krökkum undir átján ára aldri eru tilkynnt til barnaverndarnefndar og gildir þá einu hvort lögregla hafi þurft að hella niður áfengi sem þau hafi haft undir höndum eða gert athugasemdir við að þau hafi verið úti eftir lögbundinn útivistartíma.** - kdk




# Rafiðnaðarmenn vilja samning til 1. nóvember

**Verkalýðshreyfingin vill semja til styttri tíma og eftirláta opinberu félögunum samningssviðið. Starfandi forsætisráðherra vill ekki segja hvenær skattastefna ríkisstjórnarinnar komi til framkvæmda.**

**VINNUMARKAÐUR** Innan verkalýðshreyfingarinnar er rætt um að semja til styttri tíma en áður hefur verið stefnt að. Innan Rafiðnaðarsambandsins er talað um 1. nóvember þegar samningar þriðjungs rafiðnaðarmanna renna út. Innan Starfsgreinasambandsins, SGS, er talað um að semja til eins árs.

Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, segir að samflotinu sé lokið, nú hugsi hver um sig. „Menn semja örugglega til skamms tíma því að hér ríkir líklega erfitt efnahags- og atvinnuástand næsta vetur. Við viljum ekki sitja inni í einhverjum samningi 1. nóvember,“ segir hann. „Fljótlega fara í gang viðræður við opinberu félögin. Stjórnmálamenn hafa vakið upp væntingar hjá þeim. Við viljum semja strax og gefa þeim eftir leiksviðið,“ segir hann.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að stefnt skuli „að frekari lækkun skatta á einstaklinga á kjörtímabilinu, meðal annars með hækkun persónuafsláttar. Ríkisstjórnin mun vinna að endurskoðun á skattkerfi og almannatryggingum til að bæta hag lágtekjufólks og millitekjufólks“. Einnig segir að „barnabætur verði hækkaðar til þeirra sem hafa lágar tekjur“.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, forsætisráðherra í fjarveru Geirs H. Haarde, segir ljóst að ríkisstjórnin hafi í sínum sáttmála þá stefnu að lækka skatta, hækka persónuafslátt og barnabætur en hún vill ekki segja hvenær sú stefna komi til framkvæmda, hvort það verði í vor eða síðar á kjörtímabilinu. „Við verðum bara að bíða og sjá til hversu langs tíma verður samið til að geta metið heildaráhrif kjarasamninga á þróun efnahagslífsins,“ segir hún. Ekki hafi tíðkast að ríkisstjórnin komi með útspil áður en aðilar semja.

Kjaraviðræðum SGS og SA hefur verið vísað til ríkissáttasemjara, sömuleiðis viðræðum SA og Flóabandalagsins. SA hafa vísað til ríkissáttasemjara viðræðum við félög innan Starfsgreinasambandsins, sem ekki hafa veitt sambandinu samningsumboð.

Í næstu viku verður farið á fullt í beinar viðræður hjá ríkissáttasemjara. Finnbjörn Hermannsson, formaður Samiðnar, segir að mest áhersla verði lögð á launaliðinn og nýtt kauptaxtakerfi auk leiðréttinga, til dæmis í orlofsmálum. Þá náist vonandi í gegn krafa um starfsmannaskírteini.

ghs@frettabladid.is



**VIÐSEMJENDUR Í KARPHÚSINU** Fulltrúar flestra landssambandanna innan Alþýðusambandsins hittu viðsemjendur sína í húsnæði ríkissáttasemjara í gær. Viðræðum Starfsgreinasambandsins, Flóabandalagsins og félaga innan Starfsgreinasambandsins, sem ekki hafa veitt sambandinu umboð, er nú komið í hendur ríkissáttasemjara. Hér sést Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, heilsa fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## FULLSTUTT AÐ SEMJA TIL ÁRS

„Menn eru að velta fyrir sér hvaða leiðir er hægt að fara. Einn möguleiki í stöðunni núna er samningur til eins árs. Við ræddum innan Starfsgreinasambandsins í gær að skoða þann möguleika,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að allt sé opið til hversu langs tíma verði samið, verslunarmenn séu að spá í lengri samning, rafiðnaðarmenn í styttri. „Okkur finnst árssamningur vera fullstuttur. Enginn samningur er síðasti samningur, það á alltaf einhver næsta leik. Það er algjört lykilatriði í þróun íslensks efnahagslífs að ná verðbólgunni niður. Það er okkar stóra viðfangsefni.“

Dorrit Moussaieff afhenti Eyrarrósina á Bessastöðum í gær:

# Rokkarar fá Eyrarrósina

**MENNING** Aðstandendur tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður – rokkhátíðar alþýðunnar fengu afhenta Eyrarrósina og eina og hálfa milljón í verðlaunafé á Bessastöðum í gær. Verðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni.

„Hátíðin er þannig tilkomin að þeir feðgar Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, og Guðmundur Kristjánsson fengu þessa hugdettu yfir bjórglasi,“ segir Rúnar Óli Karlsson, einn forsprakki hátíðarinnar. „Svo þegar þeir mundu eftir henni daginn eftir fannst þeim það til marks um að hún væri ómaksins verð og nú er forsetinn búinn að kvitta upp á það.“

Guðmundur Kristjánsson segir að þessi verðlaun verði eflaust til að auðvelda þeim enn frekar að fá fjárstuðning þó að það hafi ekki verið sérlega erfitt hingað til. „Þá kannski getum við gert betur við tónlistarmenn sem gefa vinnu sína og jafnvel fengið einhverja góða erlenda gesti,“ bætir hann við.

Dorrit Moussaieff forsetafrú afhenti verðlaunagripinn, sem Steinunn Þórarinsdóttir myndlistarkona hannaði. Karlakórinn Heimir og Safnasafnið á Svalbarðsströnd voru einnig tilnefnd til verðlauna. - jse



**MEÐ BLÓM Í FANGINU OG BROS Á VÖR** Guðmundur Kristjánsson tekur við verðlaunum frá Dorrit Moussaieff forsetafrú, sem jafnframt er verndari Eyrarrósarinnar. Hugmyndin kviknaði hjá Guðmundi og Erni syni hans yfir bjórglasi en nú hafa þeir fengið það staðfest að hugdettan var góð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ódýrasti bíl heims“:

# Fólksvagn Indverja kynntur

**INDLAND, AP Indverski bílaframleiðandinn Tata Motors kynnti í gær Nano, „ódýrasta bíl heims,“ á bílasýningu í Nýju-Delhí. Þessi litli fjögurra dyra bíll á að kosta sem svarar um 150.000 krónum, helmingi minna en ódýrasti keppinauturinn. Bílsins hafði verið beðið með eftirvæntingu, enda á hann að gera milljónum kleift að eignast sinn fyrsta bíl.**



**BYLTINGARBÍLL**

**Gagnrýnendur óttast að það muni valda allsherjar öngþveiti á þröngum götum indverskra borga ef milljónir slíkra bíla koma í staðinn fyrir litlu mótorhjólin sem nú eru allsráðandi þar.** - aa


25–60%
afsláttur
af öllum
Devold-
vörum
Allt að
70%
afsláttur af fatnaði
Allt að 30%
afsláttur af öllum
útileguvörum
Risaútsala
10.–19. janúar
15% afsláttur af öllum byssum
Allt að
40%
afsláttur af skóm
30%
afsláttur af öllum
aukahlutum
30%
afsláttur af öllum
gasvörum
Allt að
30%
afsláttur af
veiðivörum
Allt að
40%
afsláttur af
Columbia-
fatnaði
20%
afsláttur af öllum
Daxara-kerrum
Ellingsen
– fullt hús ævintýra
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is • Póstsendum um allt land
Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16 og sunnud. 12–16



**RÓLEGAR MÆÐGUR** Órangútanunginn Eirina sefur vært í öruggum faðmi móður sinnar Tobu í dýragarðinum í þýsku borginni Dortmund. Eirina fæddist 30. desember síðastliðinn. NORDICPHOTOS/AFP

Sjö leikskólar borgarinnar þurfa að skera niður þjónustu þessa dagana:

# Tugir umsókna hafa borist

**LEIKSKÓLAR** Sjö leikskólar borgarinnar senda börnin heim þessa dagana, að sögn Ragnhildar Erlu Bjarnadóttur, sviðsstjóra Leikskólasviðs í Reykjavík. Sumir leikskólar neyðast til að láta sækja börnin fyrr á daginn eða vera heima einn dag þar sem ekki er nóg starfsfólk til að sinna öllum. Fjörutíu starfsumsóknir hafa borist skrifstofu Leikskólasviðs. Fleiri umsóknir hafa borist á leikskólana.

„Okkur vantar fyrst og fremst leikskólakennara. Það eru ekki nógu margir leikskólakennarar til á landinu,“ segir Ragnhildur Erla. „Mjög hröð uppbygging hefur átt sér stað í leikskólamálum á undanförnum árum. Atvinnuleysi er ekkert. Foreldrar vilja að börnin byrji yngri og séu allan daginn þannig að við reynum að koma til móts við það. Svo er bara ekki til fólk á höfuðborgarsvæðinu.“

Ragnhildur Erla segir að aðgerðir borgaryfirvalda frá því í haust, til dæmis ellefu prósenta launahækkun og ókeypis í sund og á söfn, hafi fyrst og fremst skilað ánægju starfsmanna. Nokkrir starfsmenn hafi hætt við að hætta en aðgerðirnar virðist ekki hafa skilað nýjum starfsmönnum svo um muni.

„Það vitum við ekki. Við erum með fjörutíu umsóknir sem eru góðar; frá leikskólakennurum, grunnskólakennurum og fólki sem hefur hætt í háskóla um áramótin. Það eiga sér stað ráðningar akkúrat núna,“ segir hún.

Ragnhildur Erla telur að ástandið verði mun betra eftir nokkrar vikur. Þótt allir verði ráðnir dugi það ekki til að fullmanna leikskólana. Það gefi þó allt aðra stöðu á leikskólunum. - ghs



**EKKI TIL NÓG FÓLK** Um sjö leikskólar skera niður þjónustu þessa dagana vegna manneklu. Ekki til nóg fólk, að sögn Ragnhildar Erlu Bjarnadóttur, sviðsstjóra Leikskólasviðs. Myndin er úr safni og tengist efni fréttarinnar ekki beint.

Líkur á auknu á atvinnuleysi:

# Þarf að undirbúa opinberar framkvæmdir

**VINNUMARKAÐUR** Undirbúa þarf að flýta opinberum framkvæmdum og skipuleggja nýjar svo hægt verði að bregðast við ef atvinnuleysi fer að grafa um sig í haust.



**VILHJÁLMUR EGILSSON**

Þetta segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, á vef samtakanna. Þar vísar hann til niðursveiflu á fjármálamarkaði, sem hann segir geta leitt til aukins atvinnuleysis. Hann segir mikilvægt að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins ræði strax hvernig bregðast megi við ef sú staða komi upp. - bj

Nokkrir handteknir vegna gruns um fíkniefnabrot:

# Með kókaín, riffil, haglabyssu og skot

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega fertugur karl var handtekinn við Kringluna um kvöldmatarleytið í fyrrakvöld. Í fórum hans fundust fíkniefni sem talin eru vera amfetamín og kókaín. Klukkutíma síðar stöðvaði lögreglan bíl tæplega þrítugs karls á Sæbraut. Maðurinn var án ökuréttinda. Í bíl hans fannst fíkniefni sem talið er vera kókaín.

Maðurinn var handtekinn og leitaði lögregla á heimili hans. Þar fannst meira af efni í neyslupakkningum sem einnig er talið vera kókaín. Þá fann lögregla þar öflugan riffil, haglabyssu og skot. Maðurinn var ekki skráður eigandi að vopnunum og lagði lögregla því hald á þau.

Nokkru fyrir miðnætti hafði lögreglan svo afskipti af átján ára pilti við Smáratorg en hann er sömuleiðis grunaður um fíkniefnamisferli.

Víðar á landinu voru menn teknir vegna gruns um fíkniefnabrot. Á níunda tímanum í gærmorgun stöðvaði lögreglan á Vestfjörðum ungan ökumann. Hann var með útrunnin ökuréttindi.

Grunur vaknaði um að hann hefði nýlega neytt fíkniefna. Hann var tekinn höndum og færður á lögreglustöð. Við sýnatöku úr manninum komu fram upplýsingar er renna enn frekari stoðum undir grun lögreglunnar. - jss

# Kjarnorka fær uppreisn æru

**Breska stjórnin styður áframhaldandi nýtingu kjarnorku. Það sé nauðsynlegt til að ná markmiðum um minni losun gróðurhúsalofttegunda. Talsmenn umhverfisverndarsamtaka fordæma ákvörðunina.**

**BRETLAND, AP** Breska ríkisstjórnin tilkynnti í gær að hún hefði ákveðið að styðja smíði nýrra kjarnorkuvera í landinu, með þeim rökum að kjarnorka væri umhverfisvæn orkulind sem gagnaðist vel í baráttunni gegn loftslagsbreytingum af völdum gróðurhúsaáhrifa.

John Hutton viðskiptamálaráðherra sagði í þingræðu að kjarnorka „ætti að gegna hlutverki í framtíðarsamsetningu orkubúskapar þessa lands, ásamt öðrum kolefnislágum orkulindum“. Hann sagði að kjarnorka væri „prófuð og reynd, örugg og trygg“ orkulind.

„Ég býð í dag orkufyrirtækjum að setja fram áform um byggingu og rekstur nýrra kjarnorkuvera,“ sagði ráðherrann.

Talsmenn umhverfisverndarsamtaka fordæmdu ákvörðunina og sögðu kjarnorku vera hættulega og að veðja á hana myndi minnka fjárfestingar á öðrum og umhverfisvænni valkostum.

„Við þörfnumst betri orkunýtni, umhverfisvænni notkunar jarðefnaeldsneytis, endurnýjanlegrar orku og orkuvera af nýjustu gerð og minna miðstýrðrar orkuframleiðslu eins og í Skandinavíu. Það er leiðin til að kljást við loftslagsbreytingar og að tryggja orkuöryggi,“ sagði John Sauven, framkvæmdastjóri Grænfriðunga.

Eins og er framleiða kjarnorkuver um fimmtung raforkuþarfar Breta, en fyrirhugað er að loka þeim öllum fyrir árið 2023, að einu undanskildu.

Hutton sagðist vonast til að sjá fyrstu nýju kjarnorkuverin komin í gang „vel fyrir árið 2020“.

Hann sagði að ekki yrði sett neitt fast þak á það hve hátt hlutfall raforkuframleiðslu landsins mætti koma frá kjarnorku, en stjórnin myndi jafnframt fjárfesta í þróun endurnýjanlegra orkulinda.

Breska stjórnin hefur sett sér það markmið að Bretar dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda um 60 prósent fram til ársins 2050, miðað við losun ársins 1990. Hún álítur kjarnorku vera mikilvægan hluta orkulinda sem valda lágmarks-loftmengun ásamt endurnýjanlegum orkulindum á borð við vindorku og virkjun sjávarfalla.

audunn@frettabladid.is



**NÝ KJARNORKUVER** Kæliturnar gamla kjarnorkuversins í Sellafield. Nú vill Bretlandsstjórn að ný kynslóð kjarnaofna rísi í gömlu verunum. NORDICPHOTOS/AFP

## BRETAR ÁFRAM KJARNORKUÞJÓÐ

Með tilkynningu gærdagsins stillti ríkisstjórn breska Verkamannaflokksins undir forystu Gordons Brown sér upp í lið Evrópuþjóða sem treysta á kjarnorku til framtíðar. Hart hefur verið deilt um hlutverk kjarnorkunnar í Bretlandi og mörgum öðrum löndum álfunnar á liðnum árum.

Stutt yfirlit yfir hvar Evrópuþjóðir standa í þessu efni:

- **Frakkland** Í heimsforystu í nýtingu kjarnorkunnar. 59 kjarnakljúfar sjá Frökkum fyrir 70 prósentum af raforkuþörf þeirra. Nicolas Sarkozy forseti hefur hvatt aðrar þjóðir til að nýta kjarnorku í baráttunni gegn gróðurhúsaáhrifunum.
- **Þýskaland** Núverandi ríkisstjórn hefur samþykkt að halda sig við ákvörðun fyrri stjórnar um að öllum kjarnorkuverum landsins, 17 að tölu, skuli lokað fyrir árið 2021.
- **Holland** Eitt kjarnorkuver enn í rekstri. Því átti að loka árið 2013 en ríkisstjórnin fékk því framgengt árið 2003 að líftími þess yrði framlengdur til 2033.
- **Spánn** Sex kjarnorkuver í rekstri, en 23 ára gömul ákvörðun um að ekki skuli byggð nein ný er í gildi.
- **Svíþjóð** Ákvað árið 1997 að hætta í áföngum nýtingu kjarnorkunnar, sem enn sem komið er sér landinu fyrir um helmingi raforkuþarfar sinnar. Fram til þess hefur aðeins tveimur af tólf verum verið lokað.
- **Finnland** Fjórir kjarnakljúfar framleiða um fjórðung raforkuþarfar landsins; einn í viðbót er í smíðum.
- **Ítalía** bannaði kjarnorku eftir þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1987. Ýmis önnur Evrópulönd hafa kosið að sneiða hjá kjarnorkunni, þar á meðal Austurríki, Danmörk, Noregur og Portúgal.




Tóbaksvarnir í Rússlandi:

# Tóbaksauglýsingar bannaðar

**RÚSSLAND, AP** Ríkisstjórn Rússlands samþykkti í gær frumvarp um algert bann við tóbaksauglýsingum í landinu. Reykingar eru eitt helsta heilbrigðisvandamálið í Rússlandi.

Frumvarpið, sem þingið þarf einnig að samþykkja, gerir Rússlandi kleift að staðfesta sáttmála Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar um tóbaksvarnir. Aðilar að sáttmálanum skuldbinda sig til að banna tóbaksauglýsingar og að tóbaksfyrirtæki fjármagni viðburði.

Nánast öruggt þykir að þingið samþykki lög sem ríkisstjórnin hefur samþykkt. - sdg

Hafnarfjörður heldur upp á 100 ára afmæli bæjarins á þessu ári:

# Minningabók dreift til allra bæjarbúa

**HAFNARFJÖRÐUR** Viðamikil hátíðahöld verða í Hafnarfirði í tilefni af 100 ára afmæli bæjarins á þessu ári. Hátíðahöldin ná hápunkti um sjálfa afmælishelgina 29. maí til 1. júní en þá verða samfelld hátíðahöld í bænum.

Fjölmargt verður á döfinni í bænum á árinu, hefðbundnir liðir á borð við Víkingahátíð, Bjarta daga og Jólaþorp verða á sínum stað auk þess sem haldnar verða myndlistarsýningar, útiljósmyndasýning, hátíðartónleikar með 700 manna afmæliskór Hafnarfjarðar ásamt Kammersveit Hafnarfjarðar og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Þá verða útitónleikar, hverfahátíðir og gospelhátíð.

Gefin hefur verið út minningabók sem dreift er á öll heimili í Hafnarfirði. Í bókinni er almennt dagatal ársins og listi yfir marga viðburði á afmælisárinu. Listinn inniheldur viðburði sem höfðu verið ákveðnir um síðustu áramót en svo má búast við að afmælisviðburðum fjölgi eftir því sem líður á árið.

Í minningabókinni eru auðar minningasíður þar sem Hafnfirðingar eru beðnir um að punkta niður minningabrot frá afmælisárinu. Í lok ársins verður óskað eftir því að bæjarbúar skili bókunum í hirslu sem verður innsigluð. Hún verður opnuð aftur á 150 ára afmæli bæjarins.

Ellý Erlingsdóttir, formaður afmælisnefndar, segir afmælishaldið kosta 130 milljónir króna. Lúðvík Geirsson bæjarstjóri segir að sú upphæð sé hugsuð í dagskrána og aðeins hluti af því sem lagt verður í afmælisárið. „Við viljum gera þetta veglega og eftirminnilegt fyrir bæjarbúa,“ segir hann. - gun/- ghs



**KYNNA AFMÆLISDAGSKRÁNA** Bæjarfulltrúarnir Ellý Erlingsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir kynna afmælisdagskrá Hafnarfjarðar ásamt Lúðvík Geirssyni bæjarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**STYRKVEITING** Guðjón Sigurðsson, formaður MND-félagsins, tekur á móti styrkjunum. Að baki honum eru Axel Jónsson, Grímur Sæmundsen, Ásmundur Jónsson og Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra.

Heilbrigðisráðuneytið:

# MND-félagið fær jólakortafé

**LÍKNARMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra styrkti MND-félagið, félag fólks með hreyfitaugahrörnun, um hálfa milljón króna á dögunum. Ráðherrann ákvað að senda ekki út jóla- og áramótakveðjur heilbrigðisráðuneytisins en styrkja MND-félagið í staðinn.**

**Við sama tækifæri afhentu Grímur Sæmundssen, forstjóri Bláa lónsins, og Suðurnesjamennirnir Ásmundur Friðriksson og Axel Jónsson félaginu tvær milljónir króna að gjöf. Fénu var safnað í hátíðarkvöldverði sem haldinn var í Bláa lóninu.** - sþs

Orkuveitan lýsir Þrengslaveg:

# Veglýsing ekki í umhverfismat

**SAMGÖNGUR** Ákvörðun Skipulagsstofnunar um að fyrirhuguð veglýsing á Þrengslavegi skuli háð mati á umhverfisáhrifum hefur verið felld úr gildi af umhverfisráðuneytinu.

Fyrirhuguð lýsing er byggð á samningi Sveitarfélagsins Ölfuss og Orkuveitunnar frá vorinu 2006. Hljóðar samningurinn meðal annars upp á lagningu háspennu- og ljósstrengs, 450 ljósastaura og fimm smáspennistöðva á leiðinni frá Þorlákshöfn að gatnamótum Suðurlandsvegar í Svínahrauni, alls 25 kílómetra leið. Byggði Skipulagsstofnun ákvörðun sína á að framkvæmdin kynni að hafa töluverð neikvæð sjónræn áhrif auk þess sem óvissa ríkti um áhrif ljósastaura á umferðaröryggi. - ovd

**BLÖNDUÓS**

## Hlutafé í Vilkó aukið

Blönduósbær hefur samþykkt að falla frá forkaupsrétti vegna fyrirhugaðrar tíu milljóna króna hlutafjáraukningar í súpugerðinni Vilko ehf. SAH afurðir ehf. og O. Johnsen & Kaaber hafa lýst áhuga á að kaupa bréfin.

**PAKISTAN**

## Sjálfsmorðstilræði í Lahore

Sjálfsmorðssprengjumaður sprengdi sig í loft upp á meðal lögreglumanna fyrir utan dómhús í borginni Lahore í austurhluta Pakistans í gær. Minnst 24 manns fórust og á áttunda tug særðist. Enginn hafði lýst ábyrgð á tilræðinu á hendur sér í gær.



# Nýtt ár - N




## VINSÆLU ÞURRSTEIKTU GRÆNMETISBUFFIN. HEFUR ÞÚ SMAKKAÐ?







**Ljúffengur ananas**




**Hydroxycut** eitt vinsælasta fitubrennsluefnið í dag!



**Ferskt spelt pizzadeig**

Gildir til 13. janúar eða á meðan birgðir endast.

# ý markmið!












**Magic Monkey**
Hreinn lífrænn granateplasafi

Granatepli innihalda mikið af A, C og E vítamínum, fólinsýru og hátt hlutfall andoxunarefna. Granateplasafi er góður gegn of háu kolesteróli, en fyrst og fremst er hann frískandi og góður.




**Myllu speltbrauð** ekkert hvítt hveiti




**Minna mál** nýjar tegundir




**Mangó** safaríkt og gott

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

## „ORÐRÉTT“

### Fólksins eða flokksins?

**„Skyldi Jóhanna vera kona fólksins eða eiginkona Sjálfstæðisflokksins?“**

FJALLAÐ ER UM RÍKISSTJÓRNARSAMSTARFIÐ Í LEIÐARA.
**Austurglugginn 10. janúar.**

### Líta frekar á björtu hliðarnar

**„En það vekur æ meiri efasemdir að Þorsteinn Davíðsson megi hvergi sjást eða heyrast án þess að því sé hnýtt við, til að þess að gera hann tortryggilegan, að hann sé sonur föður síns.“**

EINAR KÁRASON RITHÖFUNDUR
**Morgunblaðið 10. janúar.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BRYNDÍS LOFTSDÓTTIR, VÖRUSTJÓRI HJÁ PENNANUM

## *Fjölgar í fjölskyldunni í apríl*



„Það er allt fínt að frétta af mér, eins og öllum sem eiga ekki verðbréf,“ segir Bryndís Loftsdóttir, vörustjóri íslenskra bóka hjá Pennanum, og vísar til frétta af hruni á hlutabréfamörkuðum undanfarna daga. „Ég fjárfesti í steinsteypu og sef rólega í henni.“ Jólabókaflóðið er nú nýafstaðið en bóksalar fá þó lítinn tíma til að kasta mæðinni eftir annríkið. „Það er nóg að gera því strax 3. janúar tekur önnur törn við, það er sala á bókum til framhaldsskóla. Þá hefst bókaútsalan okkar 16. janúar og við erum í óðaönn að undirbúa hana, þannig að ég er varla farin að pústa enn þá.“ Bryndís segir að vissulega þurfi bóksalar seiglu og úthald á þessum árstíma en upp úr miðjum febrúar fari að hægjast um. „Þá fáum við tíma til að þurrka úr hillum og þess háttar.“

Bryndís strengdi engin áramótaheit og gerir það yfirleitt ekki. „Áramótin eru klárlega ekki rétti tíminn fyrir mig til að skipuleggja einhver stórræði.“ Það er þó nóg fram undan á árinu. Bryndís er með barni og á von á sér í apríl. „Fram undan eru skemmtilegir tímar í fæðingarorlofi með fjölskyldunni,“ segir Bryndís, sem ætlar þó ekki að standa á hliðarlínunni í næsta jólabókaflóði. „Ég verð mætt aftur strax 1. nóvember. Öll börnin mín hafa fæðst á tíma þar sem fæðingarorlofið er „utan vertíðar“. Það er auðvitað allt með ráðum gert svo ég missi ekki úr jól.“

## LANGLÍFI:
### KÚBVERJI Á 127. ÁRI



■ Kúbverjinn Benito Martínez Abogán var 126 ára gamall þegar hann lést árið 2006. Hann var mikill kunnáttumaður um jurtir sem hann tíndi og notaði þær við hvers konar kvillum. Hann borðaði aðallega ávexti og grænmeti sem hann tíndi einnig sjálfur. Hann neitaði sér þó ekki um romm og vindil á tyllidögum líkt og tíðkast á Kúbu. Hann þótti sérlega minnugur allt til síðasta dags en einnig var oftast kátt í kringum hann þar sem hann hafði sérstaka kímnigáfu. Hann kvæntist ekki og átti engin börn.

## SJÓNARHÓLL
### PRÓFKJÖR Í BANDARÍKJUNUM

## *Hillary sló á Obama-æðið*



**TÓMAS R. EINARSSON**
Tónlistarmaður

„Ég verð nú að játa það að ég missti nú ekki svefn vegna átaka þeirra Hillary Clinton og Baracks Obama,“ segir Tómas R. Einarsson, tónlistarmaður og þýðandi, þegar hann er spurður um prófkjörsslaginn sem nú stendur yfir í Bandaríkjunum. „Ég er heldur ekki sérlega fróður um frambjóðendurna en ég trúi því og treysti að næsti forseti verði mun betri en sá sem heimurinn hefur þurft að þola í átta ár. Hann hefur til dæmis komið málum þannig fyrir að ég hef ekki haft neina löngun til að fara til Bandaríkjanna allan þennan tíma og þykir mér þó New York vera með skemmtilegri borgum. En framganga yfirvalda og andrúmsloftið sem fylgt hefur þessu fári gerir það að verkum að sú hugmynd hefur ekki einu sinni flögrað að mér að fara þangað.

En þó get ég sagt það að mér líst vel á þau tvö, Hillary Clinton og Barack Obama, og líst mér vel á það ef annað hvort þeirra yrði forseti enda er mjög misjöfn reynsla af hvítum og miðaldra karlkyns forsetum. Það er þó erfitt að spá um hvort þeirra vinnur prófkjörið, það virtist á tímabili vera komið á eitthvert Obamaæði en Hillary sló nú aðeins á það.“

# Liðkað fyrir með nýjum traktor

**Kosningar fóru fram í Georgíu hinn 5. janúar síðastliðinn. Litið var á þær sem prófstein fyrir lýðræðið í landinu, sem á sér ekki langa sögu þar frekar en í öðrum fyrrverandi sovétlýðveldum. Mörður Árnason var þar við kosningaeftirlit á vegum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE). Sá hann margt sem vakti von í lýðræðisbrjósti en annað síður.**

„Þetta var mikil vinna og skemmtileg reynsla,“ segir Mörður þegar hann rifjar upp ferðina. „Við vorum þarna um 300 manns í eftirlitsferð sem stóð í viku og ég var mest á ferðinni með fínum náunga frá Bandaríkjunum sem minnti mig einna helst á Clint Eastwood, þetta var þannig týpa.

En það er skemmst frá því að segja ég veit ég ekki um neinn eftirlitsmanna sem var ánægður með framgang kosninganna og meira að segja voru sumir mjög fúlir en þegar yfir heildina er litið þá fóru þær nokkurn veginn fram eftir settum reglum og það var niðurstaða forystumanna ÖSE að þetta var raunveruleg kosning og ég tek undir það.“



JÓSEF STALÍN

### Traktorinn frá forsetanum

En ummerki ólýðræðislegra vinnubragða urðu þó víða á vegi Marðar. „Þegar við „Eastwood“ fórum í eina eftirlitsferð til sveita þá blasti við okkur glænýr traktor beint fyrir framan einn kjörstaðinn. Inni í honum héngu svo plaköt frá fylgismönnum Mikhails Saakashvilis forseta. Við fórum inn og spurðumst fyrir um þetta en fátt varð um svör. Svo þegar við komum út aftur þá var hann farinn. En það var þó ekki langt í endurfundi því við sáum hann svo beint fyrir framan næsta kjörstað sem við komum á í nálægu þorpi. Þegar við fórum svo að grennslast fyrir um málið komumst við að því að forsetinn hefði gefið öllum sveitarfélögum á landsbyggðinni traktor viku fyrir kosningar.

Vissulega kom þetta spánskt fyrir sjónir en svo þegar ég fór að rifja upp atburði frá kosningunum í vor hér á Íslandi þá sá ég náttúrulega fljótlega að svona tilburðir fyrirfinnast víðar en í Georgíu. Það er þó kannski ekki eins augljóst hér á Fróni eins og þarna við Svartahafið.“

### Konur koma lýðræði á legg

En önnur ummerki voru slík að þau hafði Mörður hvergi séð þó sé hann enginn nýgræðingur í pólitík. „Við áttum svo sem von á því að Saakashvili forseti fengi mikinn meirihluti í héraðinu sem við vorum í, en það er einmitt gaman að geta þess að þar hafði ekki minni maður en sjálfur Stalín slitið barnsskónum. En þó runnu á okkur tvær grímur á einum kjörstaðnum þar sem forsetinn hlaut 800 atkvæði af 879. Þar af var enginn kjörseðill auður eða ógildur og það má teljast algjört kraftaverk í landi með svona skamma lýðræðishefð. Við greindum frá þessu í skýrslu en höfðum ekki umboð til að aðhafast frekar í málinu.“

En þó að landsmenn hafi misstigið sig nokkuð á hinum nýlagða vegi lýðræðisins sá Mörður einnig ýmislegt sem gladdi hans lýðræðishjarta. „Það má eiginlega segja að ég hafi orðið lýðræðissinni upp á nýtt, því þó ég nefni þessa hluti sem afvega fóru var einnig mjög gaman að fylgjast með fólki sem við erfiðar aðstæður var af fullri alvöru að reyna að halda kosningar sem lýsa lýðræðislegum vilja. Ég var kannski hrifnastur af því hvað það var mikið af konum í þessu starfi og ég fékk það á tilfinninguna að þar sem þær voru í forystu gengju hlutirnir betur fyrir sig. Svo ber að minnast þess að forsetinn fékk yfir níutíu prósenta kosningu síðast en nú hlaut hann 53 prósent, sem þýðir að myndast hefur alvöru stjórnarandstaða í landinu.“

jse@frettabladid.is



**MÖRÐUR ÁRNASON** Það var eftirminnilegt fyrir Mörð að fylgjast með því hvernig lýðræðið er að komast á legg í fæðingarhéraði eins mesta einræðisherra sögunnar. En þar sem Stalín fæddist varð Mörður lýðræðissinni upp á nýtt. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



**MIKHAIL SAAKASHVILI FORSETI GEORGÍU** Hér er forsetinn í kosningaham og stuðningsmenn hans gefa til kynna hvar eigi að merkja við á kjörseðli en Saakashvili var þar fimmti í röðinni.




Er tómlegt eftir jólin?
Fullar búðir af spennandi pottaplöntum
20-50%
afsláttur af öllum pottaplöntum
Pottaplöntu
útsala
Orkideur
999
Alparós
399
Verðsprengja
10 stk
Túlipanar
499
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri - Húsavík
Egilsstaðir - Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## Svona erum við

> Gistninætur á hótelum á Íslandi í nóvember.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** HEIMASTJÓRN Á GRÆNLANDI

## *Áfangi að sjálfstæði Grænlendinga*

Nefnd þingmanna af grænlenska landsþinginu og danska þjóðþinginu hefur frá því um mitt ár 2004 unnið að gerð frumvarps að nýjum heimastjórnarlögum fyrir Grænland. Til hafði staðið að ljúka verkinu síðastliðið haust, en það frestaðist og dönsku þingkosningarnar í nóvember settu strik í reikninginn þar sem nokkrir af dönsku fulltrúunum hættu á þingi. Nefndin gat því ekki haldið áfram störfum fyrr en danski forsætisráðherrann tók ákvörðun um það hvort nýir fulltrúar skyldu skipaðir í stað þeirra sem ekki eru lengur þingmenn. Hann tilkynnti í vikunni að allir dönsku fulltrúarnir skyldu halda sætum sínum utan einn. Nú er stefnt að því að nefndin ljúki verkinu fyrir sumarið, í framhaldinu ræði Grænlendingar um niðurstöðuna og síðan verði þjóðaratkvæðagreiðsla um ný heimastjórnarlög.

**Hvað er heimastjórn?**

Grænland hefur haft eigin heimastjórn frá því 1. maí 1979. Samkvæmt heimastjórnarlögunum nýtur Grænland „slíkrar sérstöðu að því er varðar þjóðerni, menningu og landfræðilega legu“ að „Grænland myndar sérstakt samfélag [særligt folkesamfund] innan danska ríkisins“. Grænlendingar kjósa landsþing, sem skipað er 31 fulltrúa. Grænlenska landstjórnin er kjörin af landsþinginu. Nú eiga sjö fulltrúar sæti í henni, fjórir frá jafnaðarmannaflokknum Siumut og þrír frá IA-flokki sjálfstæðissinna (Inuit Ataqatigiit).



**Hvers vegna ný heimastjórnarlög?**

Grænlenska landstjórnin ákvað um áramótin 1999-2000 að skipa nefnd um endurskoðun heimastjórnarlaganna. Þáverandi landstjórn áleit nauðsynlegt að skýra framtíðarstöðu Grænlands gagnvart Danmörku og umheiminum, ekki síst stjórnarskrárréttarlega stöðu Grænlendinga. 21. júní 2004 var svo skipuð hin dansk-grænlenska nefnd, sem síðan þá hefur unnið að því að semja ný heimastjórnarlög. Helstu samningsmarkmið Grænlendinga voru að þeir yrðu viðurkenndir sem þjóð í skilningi þjóðaréttar og að yfirráð yfir auðlindum í grænlenskri lögsögu yrðu á þeirra hendi.

**SPURT & SVARAÐ**
LEIKHÚSÁHUGI

## *Mikill áhugi á Fló á skinni*



**MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON**
Leikhússtjóri

Nálægt 3.000 miðar eru þegar seldir á sýningu Leikfélags Akureyrar á gamanleiknum Fló á skinni og nánast uppselt á fimmtán sýningar. Magnús Geir Þórðarson er leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar.

**Hvaða ástæður eru fyrir miklum áhuga á sýningunni?**

Þetta er þekkt verk sem hefur notið vinsælda. Svo er ég viss um að leikstjóri og leikarar veki áhuga og fólk trúi því að þetta verði skemmtilegt verk. Það er ánægjulegt hversu góð aðsókn hefur verið að sýningum LA undanfarið. Fólk er alltaf spennt fyrir að hlæja eða brosa út í annað og nokkuð víst er að það verður hægt að gera á þessari sýningu.

**Hvernig er sýningin öðruvísi en fyrri uppfærslur?**

Þetta birtist nú í glænýrri leikgerð Gísla Rúnars Jónssonar en Fló á skinni hefur verið sett upp víða undanfarin 100 ár. Verkið er bæði lagað að tíma og rúmi þannig að nú gerist það í Eyjafirði árið 2008. Svo er búið að uppfæra húmorinn aðeins og ég veit að María Sigurðardóttir leikstjóri glæðir þetta verk nýju lífi.

# Þverpólitískur vilji til að breyta fyrirkomulagi við dómaraskipan

**Þingmenn úr öllum þingflokkum vilja breyta núverandi fyrirkomulagi við skipan hæstaréttardómara. Ólíkar hugmyndir eru uppi um hvaða leið skuli farin. Björn Bjarnason telur að dómsmálaráðherra eigi að taka lokaákvörðun.**



**HÆSTIRÉTTUR** Þingmenn í Samfylkingunni, VG, Frjálslynda flokknum og Framsóknarflokknum vilja gera róttækar breytingar á skipun í embætti dómara við Hæstarétt og héraðsdómstólana. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins vilja að ráðherra hafi áfram skipunarvald og beri pólitíska ábyrgð á embættisveitingum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON**



**BJÖRN BJARNASON**



**GUÐNI ÁGÚSTSSON**



**JÓN MAGNÚSSON**



**LÚÐVÍK BERGVINSSON**



**ATLI GÍSLASON**

Fyrirkomulag skipunar dómara, hvort heldur er við Hæstarétt eða héraðsdómstóla, ber annað veifið á góma og gerir það nú í kjölfar skipunar Þorsteins Davíðssonar við Héraðsdóma Norðurlands eystra og Austurlands. Fyrir Alþingi liggur frumvarp sem gerir ráð fyrir að þingmenn kjósi dómara við Hæstarétt. Fyrsti flutningsmaður er Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, en meðflutningsmenn eru Gunnar Svavarsson og Helgi Hjörvar, Samfylkingu, og Jón Magnússon, Frjálslynda flokknum. Í frumvarpinu er kveðið á um að forseti Íslands skipi dómara samkvæmt tilnefningu forsætisráðherra að fengnu samþykki 2/3 hluta atkvæða á Alþingi. Áður en tillagan er lögð fyrir þingið skuli sérnefnd þess fjalla um hana og leita umsagnar Hæstaréttar um hæfi og hæfni umsækjanda.

**Núverandi kerfi úrelt**

Lúðvík Bergvinsson segir núverandi fyrirkomulag óviðunandi. „Það er úrelt að dómsmálaráðherra einn skipi dómsvaldið.“

Frumvarpið tekur aðeins til hæstaréttardómara en Lúðvík segir mikilvægt að lögum um skipan héraðsdómara verði einnig breytt. Nefnir hann sem möguleika að binda hendur ráðherra við álit fagnefndar sem leggi mat á umsækjendur um héraðsdómaraembætti.

„Ég er á því að taka þurfi kerfið til endurskoðunar og skilja dómsvaldið betur frá framkvæmdavaldinu,“ segir Atli Gíslason, þingmaður VG. Hann er í megindráttum sammála efni frumvarpsins og er þeirrar skoðunar að við skipan héraðsdómara beri að auka áhrif óháðra matsnefnda sem væru skipaðar á breiðum grundvelli.

Jón Magnússon, einn meðflutningsmanna frumvarpsins um hæstaréttardómara, telur skipun Þorsteins Davíðssonar gefa fullt tilefni til að endurskoða líka fyrirkomulag skipunar héraðsdómara. „Hæstiréttur er fjölskipaður en héraðsdómari fjallar vanalega einn um mál og þau eru ekki öll áfrýjanleg. Viðhorf og sjónarmið eins manns ráða og þess vegna verður að vanda skipunina. Val á dómurum má ekki vera geðþóttaákvörðun,“ segir Jón, sem jafnframt vill að þingið kjósi ríkissaksóknara enda mikilvægt að um það embætti ríki samstaða, líkt og dómaraembættin.

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, lýsti þeirri skoðun sinni í grein í Morgunblaðinu í gær að skipunarkerfi dómara væri úrelt og um leið óbærilegt fyrir dómstólana. Hann boðaði að flokkur sinn myndi beita sér fyrir sáttum um nýja leið sem yrði hafin yfir alla pólitíska gagnrýni og tæki í meginatriðum undir frumvarp Lúðvíks Bergvinssonar.

**Ráðherra hafi veitingavaldið**

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir sjálfsagt að þingið ræði hvaða aðferð skuli notuð til að skipa dómara, því hafi hann margoft lýst á þingi. „Höfuðmáli skiptir að ráðherra taki lokaákvörðun og tel ég það eiga að vera dómsmálaráðherra,“ segir hann. Björn bendir á að við skipan í embætti verði ekki vikist undan að velja á milli manna og að slíkt val geti kallað á deilur sama hvaða kerfi er notað. Engar reglur geti útilokað deilur þó stundum megi skilja umræður á þann veg að með reglum sé unnt að eyða ólíkum sjónarmiðum um ágæti einstaklinga.

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, er á sama máli og Björn og telur að veitingavaldið eigi áfram að vera hjá ráðherra sem eigi að bera pólitíska ábyrgð á veitingunni. Hann telur óheppilegt að dómarar við Hæstarétt veiti umsagnir um umsækjendur um embætti við réttinn, líkt og nú er, og efast um að tillaga Lúðvíks um að nefnd á vegum þingsins veiti umsögn sé heppileg. Betur færi á að sérfræðinganefnd, sem í sætu fulltrúar Lögmannafélagsins, Lögfræðingafélagsins og lagadeilda háskólanna, veitti slíka umsögn. Þá hafnar Sigurður hugmyndum um að þingið kjósi um dómara enda fullur efasemda um að 63 þingmenn séu best til þess fallnir að taka ákvörðun um mannaráðningar. „Það vald er betur komið í höndum annarra,“ segir Sigurður.

**SAUTJÁN DÓMARAR HAFA VERIÐ SKIPAÐIR FRÁ ÁRINU 2000**

| | |
|---|---|
| 2007 | **Þorsteinn Davíðsson** héraðsdómari á Norðurlandi eystra og Austurlandi |
| | **Páll Hreinsson** hæstaréttardómari |
| 2006 | **Ingimundur Einarsson** héraðsdómari í Reykjavík |
| | **Ástríður Grímsdóttir** héraðsdómari á Suðurlandi |
| | **Hjördís Björk Hákonardóttir** hæstaréttardómari |
| | **Arnfríður Einarsdóttir** héraðsdómari á Reykjanesi |
| 2005 | **Ragnheiður Bragadóttir** héraðsdómari á Austurlandi |
| 2004 | **Jón Steinar Gunnlaugsson** hæstaréttardómari |
| | **Sigrún Guðmundsdóttir** héraðsdómari í Reykjavík |
| | **Ásgeir Magnússon** héraðsdómari án sætis við tiltekinn dómstól |
| | **Skúli Magnússon** héraðsdómari í Reykjavík |
| | **Símon Sigvaldason** héraðsdómari án sætis við tiltekinn dómstól |
| 2003 | **Ólafur Börkur Þorvaldsson** hæstaréttardómari |
| 2002 | **Þorgerður Erlendsdóttir** héraðsdómari |
| 2001 | **Benedikt Bogason** héraðsdómari án sætis við tiltekinn dómstól |
| | **Ingibjörg Benediktsdóttir** hæstaréttardómari |
| 2000 | **Árni Kolbeinsson** hæstaréttardómari |



FRÉTTASKÝRING
**BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON**
bjorn@frettabladid.is


## Almannadalur
## Sala byggingaréttar 2008

Hestamannafélagið Fákur auglýsir til sölu byggingarrétt fyrir hesthús fyrir félagsmenn Fáks á nýju hesthúsasvæði í Almannadal. Umsóknarfrestur er til kl. 17:00 mánudaginn 21. janúar nk. og skal umsóknum skilað í félags heimili Fáks á sérstökum eyðublöðum sem hægt er að nálgast þar eða á heimasíðu félagsins.

Kynningarfundur verður í félagsheimili Fáks mánudaginn 14. janúar nk. kl. 20:00. Upplýsingar um það hvenær verður dregið úr umsóknum verða birtar á heimasíðu Fáks fyrir lok umsóknarfrests.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Fáks www.fakur.is undir "Almannadalur-Sala á byggingarrétti 2008".

**Stjórn Hestamannafélagsins Fáks**

42LC51

42” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms




Verð áður 179.900
**149.900**

42PC35

42” Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15000:1
Birtustig 1500
Svartími innan við 1ms
Stafrænn móttakari




Nýtt Nýtt
**119.900**

# ÚTSALAN Í FULLUM GANGI!



**63.665**
Verð áður 74.900
GC379BLA
LG ísskápur
Hæð 185 cm
Breidd 60 cm



**67.425**
Verð áður 89.900
Manta 60 Vetro
Airone veggháfur



**76.415**
Verð áður 89.900
WD12400TDK
LG þvottvél
7kg
1200 snúningar



**63.675**
Verð áður 84.900
ITACA ISOLA 390
Airone eyjuháfur



Útsöluverð
**38.900**
L-1036
Edesa þvottavél
6kg
1000 snúninga



**67.915**
Verð áður 79.900
GCB359BTQA
LG ísskápur
Hæð 170 cm
Breidd 60 cm







FEA07C1X
PVL4DTCX
1CT130X
Pakkatilboð
Ofn, helluborð og gufugleypir

**89.900**
Verð áður 154.700

## ÚTSALA Í FULLUM GANGI

## RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

LG
Lífið er gott

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Óðals ferskt grísakjöt




Óðals **grísakótilettur** 898 kr/kg.

Óðals **grísahakk** 498 kr/kg.

Óðals úrb. **grísahnakki** 898 kr/kg.




Óðals hamborgarar 4 stk m/brauði 298 kr. pakkinn




KB ungnautahakk á 40% afslættur 798 kr/kg. Merkt verð 1330 kr/kg.




# Pampers Jumbo bleiur 1498 pk.

## BÓNUS NÝTT KORTATÍMABIL

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Ferskur kjúklingur 30-40% afsl.




Kjúklingabringur 1559 kr/kg. *Merkt verð 2599 kr/kg.*
Kjúklingaleggir 395 kr/kg. *Merkt verð 659 kr/kg.*
Kjúklingalæri 395 kr/kg. *Merkt verð 659 kr/kg.*
Kjúklingavængir 239 kr/kg. *Merkt verð 399 kr/kg.*
Kjúklinga-hversdagssteik 455 kr/kg. *Merkt verð 759 kr/kg.*
Bónus ferskir blandaðir kjúklingabitar
***30% afsláttur*** 314 kr/kg. *Merkt verð 449 kr/kg.*

## Ferskar Holta kjúklingabringur

40% AFSLÁTTUR

**1559**

**1559 kr/kg**
Merkt verð: 2599 kr/kg




**KS Frosið lambalæri** 878 kr/kg.
*Merkt verð 1098 kr/kg*
**KS lambasúpukjöt** 1.flokkur 499 kr/kg.

## KS Lambakjöt 1 .flokkur

**BÓNUS BÝÐUR BETUR** BÓNUS

AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUD: 10.00 TIL 19.30.



**Vefurinn: Drop.io**

Einföld leið til að senda ljósmyndir, tónlist, myndbönd eða önnur gögn yfir netið. Settu upp síðu á nokkrum sekúndum og stjórnaðu því hver hefur aðgang að henni.

www.drop.io

# tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

**TÆKNISPJALL: HÖRÐUR JÓHANNSSON TÖLVUNARFRÆÐINGUR**

## *Forritar dvergkafbát til að leita að sprengjum*

„Meistaraverkefnið snerist um að skoða leitaraðferðir fyrir sjálfstýrðan smákafbát, en sprengjuleit er vinsælt verkefni fyrir þannig kafbáta," segir Hörður Jóhannsson tölvunarfræðingur. Hann vann meistaraverkefni sitt undir leiðsögn Hjálmtýs Hafsteinssonar, dósents við Háskóla Íslands, á síðasta ári.

Leit með sjálfstýrðum kafbátum fer yfirleitt þannig fram að fyrst er kafbáturinn sendur niður til að safna upplýsingum um botninn með sónartæki, og tekur þannig skuggamynd af botninum. Þá fer hann aftur upp þar sem myndirnar eru skoðaðar og hlutir, til dæmis sprengjur, auðkenndir. Síðan er kafbáturinn sendur niður aftur til að skoða nánar þá hluti sem teljast áhugaverðir.

Gallinn við þessa nálgun er að erfitt getur reynst að beina kafbátnum á sama stað aftur, þar sem GPS-tæki og önnur staðsetningartæki eru gagnslaus neðansjávar. Lausn Harðar og Hjálmtýs byggir á því að láta kafbátinn vinna sjálfan úr myndum sem hann tekur af sjávarbotninum, og skoða strax þá hluti sem teljast áhugaverðir.

Hörður segir ýmis not fyrir sjálfstýrða kafbáta af þessu tagi, þeir hafi til dæmis verið notaðir fyrir innrás Bandaríkjamanna í Írak. „Áður en þeir fóru inn í Írak þurfti að hreinsa höfnina, og þá skönnuðu þeir svæðið með kafbátum til að hreinsa siglingarleiðina. Svo eru



þessi tæki notuð í margt annað, til dæmis höfum við tekið myndir af flugvélinni sem brotlenti í Skerjafirði, og hjálpuðum við leit að manni þegar bátur fórst við Skarfaklett í Skarðsvík."

Nú vinna þeir félagar að þróun hugbúnaðar sem gerir kafbátnum kleift að fylgja neðansjávarpípum út frá sónarmyndum sem báturinn tekur. „Við ætlum að prófa bátinn í febrúar, fara með hann í Ánanaust og láta hann fylgja skólplögninni sem fer í sjóinn þar," segir hann. „Þetta er mjög meðfærilegur bátur, tveir til tveir og hálfur metri á lengd, og auðvelt fyrir tvo menn að koma honum í sjóinn."

**TÆKNIHEIMURINN**

### Svarthöfði í slagsmálum

Svarthöfði og Yoda úr Stjörnustríðsmyndunum verða meðal spilanlegra persóna í bardagaleiknum Soul Calibur 4 sem kemur út síðar á þessu ári. Svarthöfði verður aukapersóna í PlayStation 3 útgáfu leiksins, en Yoda verður gestur í Xbox 360 útgáfunni. Tilkynningin, sem barst í gær, kemur á óvart þar sem Stjörnustríðspersónur hafa hingað til ekki verið tíðir gestir í bardagaleikjum.



### Heljarinnar græjusýning

Consumer Electronics Show, eða CES eins og sýningin er oftast kölluð, fór fram í Las Vegas í Bandaríkjunum í vikunni. Fyrirtæki hvaðanæva að úr heiminum nota tækifærið á sýningunni og kynna gestum ýmiss konar tæki og tól. Meðal þess merkilegasta sem kynnt var á sýningunni í ár eru örþunnir sjónvarpsflatskjáir, GPS-staðsetningartæki sem hjálpa eigandanum að finna bílastæði og sleppa við umferðarhnúta, og raddstýrt margmiðlunarkerfi í bílum. Bill Gates, stjórnarformaður Microsoft, notaði einnig tækifærið og tilkynnti formlega að hann myndi draga sig úr daglegum rekstri fyrirtækisins um mitt árið.

### Ódýrasti bíll veraldar

Indverska fyrirtækið Tata Group kynnti ódýrasta bíl heims í gær. Hann mun kosta sem samsvarar 155.000 krónum. Bifreiðin, sem kallast Nano, er fjögurra dyra, fimm sæta og heil 33 hestöfl. Fyrirtækið vonast til þess að Nano valdi straumhvörfum í samgöngumálum á Indlandi, þar sem rúmur milljarður manna býr.



### Apple lækkar iTunes-verð

Apple ætlar að lækka verðið á tónlist sem fyrirtækið selur í gegnum iTunes-verslunina í Bretlandi. Ástæðan fyrir lækkuninni er kvörtun bresku neytendasamtakanna Which? til Evrópusambandsins yfir verðlagningu Apple, sem er töluvert hærri í Bretlandi en annars staðar í Evrópu. Verðið verður lækkað innan næstu sex mánaða. Enn er ekkert að frétta af iTunes-verslun á Íslandi.

### Geimferð um norðurljósin

Efnaðir áhugamenn um geiminn geta brátt skoðað norðurljósin í nærmynd ef hugmyndir Richard Branson, stofnanda Virgin-vörumerkisins, verða að veruleika. Auðkýfingurinn hyggst bjóða ferðamönnum að fljúga í gegnum sjálf norðurljósin á geimferju, sem verður skotið upp frá sænska bænum Kiruna.



# Endalok í aðsigi fyrir HD DVD

**Stríðinu á milli Blu-Ray og HD DVD er því sem næst lokið. Eitt stærsta kvikmyndaver heims, Warner Bros., tilkynnti á dögunum að það myndi hætta að gefa myndir sínar út á HD DVD og nota eingöngu Blu-Ray diska. Aðeins tvö af sjö stærstu kvikmyndaverunum styðja ennþá HD DVD, og er annað þeirra sagt vera á leið yfir í hitt liðið.**




**ÁFALL** Frekar tómlegt var um að lítast í HD DVD básnum á Consumer Electronics Show ráðstefnunni í Las Vegas í síðustu viku. Rétt fyrir opnun ráðstefnunnar tilkynnti Warner Bros. að það hygðist gefa HD DVD upp á bátinn. NORDICPHOTOS/AFP

Tilkynning Warner Bros., sem hefur meðal annars gefið út Harry Potter-myndirnar, Blade Runner og Pirates of the Caribbean, barst rétt fyrir opnun tækniráðstefnunnar Consumer Electronics Show í Bandaríkjunum í síðustu viku. Þar kom fram að fyrirtækið myndi eingöngu gefa út myndir á Blu-Ray diskum frá og með maí á þessu ári. Hingað til hefur kvikmyndaverið gefið út myndir á bæði Blu-Ray og HD DVD diskum.

Þegar tilkynningin barst hættu aðstandendur HD DVD við að halda fyrirhugaðan blaðamannafund á ráðstefnunni í Las Vegas. Fréttir um yfirvofandi sigur Blu-Ray bárust eins og eldur í sinu um internetið.

Stríðið milli háskerpustaðlanna Blu-Ray og HD DVD hefur nú staðið yfir í tæp tvö ár, neytendum til mikils ama. Báðar tegundir mynddiska bjóða upp á hærri upplausn og skýrari mynd en forverinn, DVD-diskar, en Blu-Ray diskar virka ekki í HD DVD spilara og öfugt.

Þeir sem vilja njóta kvikmynda í háskerpu þurfa því að velja í blindni á milli tveggja staðla, vitandi að annar þeirra verður úreltur innan skamms. Fyrir vikið hafa neytendur haldið að sér höndum og sleppt því að fjárfesta í nýju tækninni.

Stríðinu svipar mjög til þess sem háð var milli VHS og BetaMax myndbandsspóla á áttunda og níunda áratugnum, þar sem BetaMax laut í lægra haldi. Þá var japanski tæknirisinn Sony í tapliðinu sem eigandi BetaMax-tækninnar, en stendur nú með pálmann í höndunum enda eitt aðalfyrirtækjanna á bak við Blu-Ray. Að baki HD DVD standa Toshiba og Microsoft ásamt fleirum.

Kvikmyndaverin Walt Disney, Twentieth Century Fox, Metro-Goldwyn-Mayer, Sony og Warner Bros. gefa nú sínar myndir aðeins út á Blu-Ray. Þessi fimm kvikmyndaver bera ábyrgð á um 75 prósentum af öllum mynddiskaútgáfum.

Aðeins Paramount og Universal styðja enn HD DVD, en Paramount er sagt vera á leiðinni yfir til Blu-Ray. Í fréttaskýringu í breska dagblaðinu Financial Times segir að í samningi Paramount við aðstandendur HD DVD sé klausa sem leyfi fyrirtækinu að rifta samkomulaginu ef Warner Bros. taki upp á því að styðja eingöngu Blu-Ray.

Þeir þykja líklegir til að nýta sér þetta ákvæði þar sem útlitið er ekki gott hjá HD DVD-liðinu þessa dagana. salvar@frettabladid.is

Tækniáhugamenn spá fyrir um nýjungar sem kynntar verða í næstu viku:

# Beðið eftir guðspjalli Jobs

Árlega MacWorld-ráðstefnan verður haldin í Bandaríkjunum í næstu viku. Þar sem mikil leynd ríkir yfir nýjum vörum sem kynntar verða á ráðstefnunni hafa tækniáhugamenn skemmt sér að undanförnu við að spá fyrir um það sem Steve Jobs, forstjóri Apple, mun tilkynna í ræðu sinni.

Flestir búast við að ný og afar smá fartölva verði í sviðsljósinu á ráðstefnunni. Hún verði um helmingi þynnri en MacBook-fartölvurnar sem nú eru seldar, hafi leifturminni í stað harðdisks og jafnvel snertiskjá. Einnig hafa margir spáð því að Jobs kynni kvikmyndaleigu Apple á netinu í gegnum iTunes-verslunina.

Annar orðrómur sem heyrst hefur er um nýja kví fyrir fartölvuna smáu, sem virkar eins og brú á milli fartölvu og borðtölvu. Hún líti út eins og venjuleg iMac borðtölva, og sé með rauf fyrir fartölvu á hægri hliðinni. Þegar tölvunni sé stungið inn í raufina breytist kvíin í fullbúna borðtölvu, en þegar notandinn þarf að bregða sér frá getur hann smellt fartölvunni út og notað hana á ferðinni.



**GETGÁTUR** Svona spáir einn hugmyndaríkur Apple-aðdáandi að kvíin fyrir nýju fartölvuna líti út. Teikningin er byggð á einkaleyfisumsókn Apple, en þekkt er að fyrirtæki sæki um einkaleyfi fyrir alls konar vörur sem verða aldrei að veruleika.

Þrátt fyrir alla óvissuna varðandi ráðstefnuna er eitt öruggt: Steve Jobs verður í svörtum rúllukragabol og gallabuxum þegar hann heldur ræðuna sína. - sþs

Ný rannsókn vekur athygli:

# Bylting í meðferð Alzheimer

Bandarískum vísindamönnum hefur tekist að draga úr sjúkdómseinkennum Alzheimer-sjúklinga aðeins nokkrum mínútum eftir lyfjameðferð. Niðurstöðurnar koma fram í rannsókn sem birtist í riti taugabólgusérfræðinga, Journal of Neuroinflammation.

Í rannsókninni var 81 árs karlmanni með Alzheimer á háu stigi gefið lyf sem verkar gegn ákveðinni tegund prótíns í heilanum. Rétt fyrir lyfjagjöfina gat hann ekki sagt lækninum hvert ártalið væri né í hvaða ríki hann væri staddur, en tíu mínútum eftir að lyfinu hafði verið sprautað í mænu hans átti hann ekki í neinum erfiðleikum með að svara sömu spurningum. Hann var einnig rólegri og eftirtektarsamari.

Greinin hefur vakið mikla athygli, enda í fyrsta skipti sem svo góður árangur næst í baráttunni við þennan algenga sjúkdóm. - sþs

heima Öndvegi

# ÚTSALAN ER HAFIN 10 - 50% AFSLÁTTUR

RAFEMAR, KRISTALIA, INCANTO, CHATEAU D'AX, CALLIGARIS, HÜLSTA, JENSEN O.FL.





HEIMA HÚSIÐ

Síðumúla 30 - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is - Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Mikilvægt er að friður ríki um ráðningar í embætti dómara.

## Deilt um dómarann

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Traust almennings á dómstólum skiptir miklu. Því er afar mikilvægt að vel takist til um skipan í embætti dómara.

Engar ákvarðanatökur eru óumdeilanlegar og ævinlega munu skoðanir fólks vera mismunandi, og jafnvel skiptar, á hæfni og eiginleikum þeirra sem sækjast eftir störfum eins og embætti dómara.

Ábyrgð þeirra sem koma að ráðningu dómara er því mikil, ekki síst þeirra sem hafa lokaorðið. Það er því afar brýnt að ráðningarferli í embætti dómara sé skýrt og gegnsætt. Á það höfum við verið minnt nokkrum sinnum á undanförnum árum þegar ráðnir hafa verið til starfa, bæði sem héraðsdómarar og hæstaréttardómarar, menn sem samkvæmt röðun matsnefnda eru ekki þeir hæfustu til að gegna starfinu. Engum er greiði gerður með slíkum ráðningum, allra síst þeim sem embættin hljóta.

Fámennið á Íslandi getur vissulega gert mönnum erfitt fyrir og gæta verður þess að að sjá ekki skrattann í hverju horni. Það kann að vera að umsækjandinn með flokks- og/eða fjölskyldutenginguna sé hreinlega sá hæfasti til að gegna stöðunni og þá er bagalegt að tengslin geri ráðninguna ótrúverðuga. Vænlegasta leiðin til að koma í veg fyrir slíkt er vitanlega að málefnaleg og gegnsæ vinnubrögð séu viðhöfð.

Í baksviði blaðsins í dag kemur fram að þverpólitískur vilji er til að breyta fyrirkomulagi við dómaraskipan. Hugmyndir þeirra þingmanna og ráðherra sem fyrir svörum verða í greininni eru þó mismunandi. Björn Bjarnason telur þó fortakslaust að dómsmálaráðherra eigi að taka lokaákvörðun um skipan dómara en þingmenn annarra flokka eru allir á því að gera þurfi róttækar breytingar á fyrirkomulagi við skipun í embætti bæði hæstaréttar- og héraðsdómara.

Lúðvík Bergvinsson hefur ásamt fleiri þingmönnum í Samfylkingunni og Frjálslynda flokknum lagt fram frumvarp til Alþingis þar sem gert er ráð fyrir að forseti Íslands skipi dómara samkvæmt tilnefningu forsætisráðherra að fengnu samþykki 2/3 hluta atkvæða á Alþingi. Í baksviðinu kemur fram að Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, og Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, eru sammála frumvarpinu í megindráttum. Frumvarpið nær eingöngu til skipanar hæstaréttadómara en þingmennirnir eru sammála um að einnig beri að endurskoða lög um skipan héraðsdómara.

Víst er að ráðningar í embætti verða aldrei óumdeilanlegar. Jafnvíst er að þær geta orðið mun minna umdeilanlegar en þær eru nú, sé það tryggt að ómálefnaleg sjónarmið ráði ekki um stöðuveitingar.

Settur dómsmálaráðherra sem á dögunum réði Þorstein Davíðsson til starfa við Héraðsdóm Norðurlands eystra og Austurlands hefur í rökstuðningi sínum ekki sýnt fram á að ráðningin hafi verið málefnaleg þegar þrír menn töldust hæfari að mati sérstaklega skipaðrar matsnefndar. Við slík vinnubrögð verður ekki unað.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Málefnasamningurinn

Meirihluti borgarstjórnar er alltaf annað slagið minntur á að hann hefur ekki gert samning um þau verk sem hann hyggst vinna á kjörtímabilinu en slíkt er jafnan siður samsteypustjórna, hvort heldur er í ríki eða sveit. Síðast nefndi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, það í grein í Fréttablaðinu í gær. Henni og öðrum til upprifjunar fylgja hér orð Dags B. Eggertssonar borgarstjóra um eðli og inntak meirihlutans. Þau féllu á Tjarnarbakkanum 11. október. „Þessi nýi meirihluti er félagshyggjustjórn sem er stofnuð um almannahagsmuni í orkumálum, um öfluga opinbera þjónustu, um fumlaus vinnubrögð, fagleg vinnubrögð og lýðræðisleg vinnubrögð.“



### Stundum

Svo sem þekkt er telur Árni M. Mathiesen mikla og góða reynslu felast í því að hafa gegnt starfi aðstoðarmanns ráðherra. Ár Þorsteins Davíðssonar sem hægri hönd Björns Bjarnasonar í dómsmálaráðuneytinu hafi veitt honum reynslu af öllum hliðum lögfræði sem, ásamt öðru, geri hann hæfastan umsækjenda til að verða dómari. Hér verður ekki efast um þá skoðun ráðherrans en á það bent að samráðherrar hans og flokksbræður, Björn Bjarnason og Geir H. Haarde, virðast ekki meta slíka reynslu jafn þungt.



### Stundum ekki

Í tvígang hefur nefnilega Eiríkur Tómasson lagaprófessor sótt um embætti hæstaréttardómara. Í fyrra sinnið árið 2003 þegar Björn valdi Ólaf Börk Þorvaldsson til starfsins og aftur ári síðar þegar Geir valdi Jón Steinar Gunnlaugsson. Eiríkur var jú aðstoðarmaður tveggja dómsmálaráðherra, þeirra Ólafs Jóhannessonar og Steingríms Hermannsonar. Þrátt fyrir það hlaut umsókn hans ekki náð fyrir augum ráðherranna. Hvernig ætli standi á því?

bjorn@frettabladid.is

## Boðskapur Teathers



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Efnahagsmál

Endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækið Deloitte hélt árlegan skattadag sinn miðvikudagsmorguninn 9. janúar. Þar voru flutt mörg fróðleg erindi, en ég staldra við tvö. Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra hélt því fram, að á Íslandi hefði kenning Arthurs Laffers sannast um, að skatttekjur ríkisins geti við tiltekin skilyrði aukist með minnkaðri skattheimtu: 18% skattur kann að gefa meira af sér en 45% skattur. Þetta gerðist einmitt á Íslandi síðustu sextán ár. Tekjuskattur á fyrirtæki var lækkaður úr 45% í 18%, en skatttekjurnar ruku upp. Lítil sneið af stórri köku getur verið stærri en stór sneið af lítilli köku. Svipað er að segja um tekjuskatt á einstaklinga. Hann var lækkaður um 8% á tíu árum, en tekjur ríkisins af honum hækkuðu samt.

### Meiri skatttekjur með minni skattheimtu

Fleiri íslensk dæmi staðfesta kenningu Laffers. Eitt er húsaleigutekjur. Áður fyrr voru þær skattlagðar eins og atvinnutekjur og báru um 40% skatt. Þá töldu fæstir þær fram. Þegar ákveðið var að skattleggja þær sem fjármagnstekjur, en þær bera 10% skatt, snarhækkuðu skatttekjur af þeim. Ástæðurnar voru tvær: Í fyrsta lagi jókst framboð á leiguhúsnæði, þar sem það borgaði sig allt í einu að leigja það út. Í öðru lagi bötnuðu skattskil, því að menn telja fúslega fram tekjur, sem bera 10% skatt, en miklu síður tekjur, sem bera 40% skatt. Annað dæmi er erfðafjárskattur, sem áður gat orðið mjög hár, en er nú oftast aðeins 5%. Skatttekjur ríkisins af honum hafa einnig snarhækkað. Enn eru skýringarnar tvær: Með blómlegu atvinnulífi eykst erfðafé, og í öðru lagi nenna menn ekki að koma sér á ýmsan löglegan hátt hjá skattgreiðslum af slíku fé, sé skatturinn hóflegur.

Eina athugasemdin, sem ég geri við ræðu Árna M. Mathiesens á skattadeginum, er, hversu hógvær hann var. Sannleikurinn er sá, að skattabreytingar síðustu sextán ára hafa skilað stórkostlegum árangri. Við búum við miklu betri skattkerfi en hinar Norðurlandaþjóðirnar, meðal annars vegna þess að tekjuskattur á einstaklinga er flatur ofan skattleysismarka. Hitt er annað mál, að gera má betur, og um það var fróðlegt erindi prófessors Richards Teathers frá Stóra-Bretlandi. Hann er sérfræðingur um skattamál og ráðgjafi þingsins í Jersey, en hún er lítil eyja í Ermarsundi, sem orðið hefur stórauðug á því að laða að sér fjármagn með lágum sköttum og veita margvíslega fjármálaþjónustu.

### Skattasamkeppni til góðs

Í bókinni The Benefits of Tax Competition (Skattasamkeppni til góðs), sem Teather gaf út fyrir tveimur árum, bendir hann á, að skattasamkeppni milli ríkja hefur ýmsar æskilegar afleiðingar. Ein blasir við. Slík samkeppni heldur í skefjum tilhneigingu stjórnmálamanna til að hækka skatta, sem renna síðan í misjafnlega skynsamleg verkefni. Önnur er ekki eins augljós. Lágskattalönd eða fjármálamiðstöðvar eins og Lúxemborg, Írland, Jersey og Liechtenstein stuðla að aukinni hagkvæmni í alþjóðahagkerfinu með því að lækka kostnað við fjárfestingar og fjármagnsflutninga. Teather bendir á, að slíkar fjármálamiðstöðvar soga ekki sjálfar til sín fjármagn. Þar er ekki fjárfest, heldur eru þar teknar ákvarðanir um, hvar fjárfest skuli, til dæmis hvort féð renni í tölvuver í Kína eða skóverksmiðju á Indlandi.

Teather telur, að Ísland hafi mikla möguleika sem fjármálamiðstöð, ekki síst vegna þess að það stendur utan Evrópusambandsins, sem leitast því miður við að takmarka skattasamkeppni. Hann bendir á, að tekjuskattur á fyrirtæki er nú aðeins 12,5% á Írlandi (sem situr raunar undir ámæli fyrir það innan Evrópusambandsins). Ef Ísland lækkar tekjuskatt á fyrirtæki úr 18% í 10% og býr á ýmsan annan hátt vel að fjármálafélögum stórfyrirtækja, þá getur landið laðað slík félög að sér, en það myndar feikilegar beinar og óbeinar tekjur fyrir ríkissjóð.

### Framkvæmum góðar hugmyndir

Í bókinni Uppreisn frjálshyggjunnar, sem kom út 1979, varpaði Geir H. Haarde, sem þá var ungur hagfræðingur í Seðlabanka Íslands, fram þeirri hugmynd, að Ísland yrði alþjóðleg fjármálamiðstöð. Með því að lækka skatta á fyrirtæki voru stigin mikilvæg skref í þá átt í forsætisráðherratíð Davíðs Oddssonar, og á meðan Halldór Ásgrímsson var forsætisráðherra, skipaði hann nefnd til að skoða málið undir forystu Sigurðar Einarssonar í Kaupþingi. Skilaði sú nefnd vandaðri skýrslu með ýmsum góðum hugmyndum.

Um þessar mundir syrtir að í atvinnulífinu. Þess vegna er nú rétti tíminn til að framkvæma þessar hugmyndir. Við höfum engu að tapa og allt að vinna á því að reyna að gera Ísland að öflugri, alþjóðlegri fjármálamiðstöð.

## Fyrirliggjandi teikningum hafnað

UMRÆÐAN

Skipulagsmál



ÞÓRÐUR MAGNÚSSON

Málflutningur bæði Torfusamtakanna og Húsafriðunarnefndar hefur verið á þá leið að einsýnt þótti að reist yrði bygging sem tæki ekki mið af götumynd. Vegna þess var það í raun örþrifaráð að leggja til friðun núverandi bygginga. Það hefði verið ákjósanlegra að Reykjavíkurborg hefði haft frumkvæði að því sjálf að vinna með þá götumynd sem fyrir er. Það er auðvitað súrt að það þurfi nauðsynlega að friða hús til þess að koma í veg fyrir skipulagsmistök en það er klár afleiðing af stefnu R-listans sáluga. Reykjavíkurborg ber því ábyrgð á því hvernig komið er.

Það verður að hafa í huga að Húsafriðunarnefnd hefur ekki tekið fyrir það endanlega að til greina komi að vinna töluvert með húsin, lyfta þeim upp, byggja í skarðið á milli húsanna þar sem nú eru skúrabyggingar og á baklóðinni.

Ef spurt er hvort reisa eigi nýjar byggingar á lóðunum sem taki frekar mið af núverandi götumynd, þá er nokkuð ljóst að margir þeirra sem svara þessari spurningu játandi eru fylgjandi tillögum Torfusamtakanna að því hvernig vinna mætti með götumyndina.

Það er einnig ljóst að ef húsin verða ekki friðuð leikur enginn vafi á því að byggt verður samkvæmt núverandi teikningum, bygging sem könnun Fréttablaðsins leiddi í ljós að stór hluti þjóðarinnar er ósáttur við. Eins er það ljóst að ef húsin verða friðuð kemur það vel til greina að byggja samkvæmt nýjum teikningum að stórum hluta.

Þar með er það villandi eða beinlínis rangt að taka þau tvö sjónarmið, annars vegar það að byggja samkvæmt fyrirliggjandi teikningum og hins vegar byggja samkvæmt nýjum teikningum, og tefla þeim saman gegn friðun hússins þegar þetta ætti í raun að vera öfugt:

Þrír af hverjum fjórum vilja ekki að byggt verði samkvæmt fyrirliggjandi teikningum.

*Höfundur er talsmaður Torfusamtakanna.*



**Brauð** er best að kaupa nýtt og gott að geyma það í frysti og taka bara út sneiðar eftir þörfum. Þannig geymist það betur og helst lengur ferskt.

**Sætar** kartöflur geta verið gott meðlæti og til dæmis getur verið sniðugt að skera þær í bita og baka í ofni með venjulegum kartöflum og öðru grænmeti.

**Harðfiskur** er hollur og góður og tilvalinn á kvöldverðarborðið þegar verið er að snarla. Eins er harðfiskur sniðugur kostur í nestisbox skólabarna.








Útsalan í fullum gangi

Sófalist - Garðatorgi - S: 553-0444

friendtex

DÚNDUR ÚTSALA

Nú allar peysur á 1000 og 2000 kr á bæði dömur og herra
Jakkatilboð 2 fyrir 1 og einnig mikil verðlækkun á öðrum vörum.

Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-16.

www.friendtex.is Sími 568 2870
Opnunartími mánudaga - föstudaga 10.00 - 18.00
Laugardaga 11.00 - 16.00, lokað sunnudaga




Börnin á leikskólanum Sólhlíð eru mjög dugleg að borða grænmeti, ávexti, baunir og fræ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Borða allt með bestu lyst

***Jórunn Birgisdóttir eldar hollan og staðgóðan mat fyrir börnin á leikskólanum Sólhlíð.***

Jórunn Birgisdóttir er matreiðslumaður á leikskólanum Sólhlíð og reynir eftir fremsta megni að bjóða upp á hollan mat. „Ég er ekki með neinar unnar matvörur, nota lítið hveiti, nær engar mjólkurvörur og baka allt brauð sjálf,“ útskýrir Jórunn. Hún leggur ríka áherslu á grænmetisfæði og kaupir einungis fyrsta flokks kjöt og fisk.

Jórunn segir börnin oft duglegri að borða grænmetisrétti og gefur nokkur dæmi um mat sem hún býður þeim upp á. „Þau eru til dæmis mjög hrifin af pasta. Ég nota eingöngu heilhveitipasta en úr því fá þau meiri trefjar. Þegar ég geri sósuna mauka ég kjúklingabaunir, spínat og sólþurrkaða tómata og læt krauma í potti ásamt tómötum úr dós. Síðan bæti ég sojakjöti við en því má hella beint út í og þarf ekki að liggja í bleyti. Ég nota svo kryddjurtir sem ég blanda sjálf, sjávarsalt og jurtarjóma,“ útskýrir Jórunn.

Með þessu hefur Jórunn gjarnan kartöflur sem hún sker niður í báta. „Ég leyfi hýðinu að vera á og steiki bátana í ofni ásamt ólífuolíu og hvítlauk. Svo býð ég alltaf upp á salat og set oft apríkósur og döðlur út í og eins ýmiss konar fræ sem ég rista í ofni. Síðan erum við með ávaxtastund og bjóðum upp á lýsi svo börnin fá mat úr öllum fæðuhringnum.“

Jórunn hefur ávallt haft áhuga á heilsufæði og segir hún ekki mikla fyrirhöfn fylgja matreiðslunni. „Ég er svo vön því að elda svona mat og er því enga stund að þessu.“

Jórunn hefur starfað hjá Leikskólum Reykjavíkur í rúm fjögur ár og segir börnin og starfsfólkið ánægt með matinn hennar. „Það tekur smá tíma að fá börnin til að smakka en þegar þau hafa vanist þessu vilja þau ekki unninn mat. Ég held að það sé mikilvægt að venja börnin snemma við að borða hollt því það verður erfiðara eftir því sem þau eldast. Ég tel líka mikilvægt að forðast aukaefni því þau eru ekki góð fyrir börn og geta valdið ofnæmi.“

*vera@frettabladid.is*


Útsala 20-75% afsláttur
50% afsl. af öllum fatnaði!
Mikið af sértilboðum!
Útsölunni lýkur á laugardag!

Kíktu á netverslunina www.nevadabob.is

GOLFVERSLUN NEVADA BOB
HÚSGAGNAHÖLLINNI Sími: 577 2525



Sæl verið þið

Hollu sælkera skyndibitarnir frá Ávaxtabílnum fást nú í Nóatúni og 11-11.
– Verið þið sæl

ÁVAXTA-BÍLLINN
www.avaxtabillinn.is

**Afgangar** geta nýst vel og gera má úr þeim dýrindis máltíð. Ekki henda afgöngum. Betra er að nýta hráefnið og hafa þá til dæmis í nesti eða nota hugmyndaflugið og útbúa nýjan rétt úr þeim gamla.



InniGarðar
Ræktunarkerfi fyrir heimili
Opið mán.-fö. 12–18 / lau. 10-14
Dalbraut 16c, Kópavogi • Sími 534 9585

Opnum nýja verslun laugardaginn 12.janúar 2008

Sérvöruverslun með útbúnað til ræktunar á grænmeti, ávöxtum og kryddjurtum. Lampar, gróðurperur og áburður í miklu úrvali.

Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið



Margt er að finna í matarsafninu á netinu.

# Matarnet

***Matarmenning og arfleifð verður sívinsælli og nú er hægt að grúska í stórskemmtilegu matarsafni á netinu.***

Matarsafnið er amerísk vefsíða þar sem fjallað er um uppruna matar og matarhefða. Á síðunni eru viðtöl og umfjallanir frá öllum heimsins hornum ásamt uppskriftum og gagnrýni.

Vefurinn tekur einnig fyrir hráefni, staðbundna matargerð ýmissa þjóðlanda og er með hlekki á aðra áhugaverða matarvefi.

Sjá matarsafnið: www.foodmuseum.com

*- rh*

# Baka eins hollt og hægt er

***Bakararnir í Grímsbæ, Guðmundur og Sigfús Guðfinnssynir, eru löngu þekktir fyrir sín lífrænu brauð. Nú leggja þeir aukna áherslu á íslenskt hráefni svo sem bygg, hvönn, fjallagrös og gulrætur.***

„Við reynum að hafa brauðmetið eins hollt og hægt er,“ segir Guðmundur, bakari í Grímsbæ, og heldur áfram: „Útgangspuntkurinn er sá að öll okkar framleiðsla sé úr lífrænt ræktuðu hráefni og þannig hefur það verið í níu ár. Hráefnið höfum við fengið frá Svíþjóð og Danmörku en nú leggjum við aukna áherslu á íslenska ræktun, sérstaklega íslenskt korn, og þar er byggið í öndvegi. Við fáum það frá fyrirtækinu Móður jörð í Vallanesi á Héraði. Það er mjög gott og kemur vel út sem brauðefni. Þannig getum við verið með íslenskt bygg sem 35% af hráefninu. Svo notum við líka fjallagrös og hvönn, hvort tveggja rammíslenskt og hollt og tengir okkur við fortíðina. Þurrkuð hvannafræ og lauf gefa skemmtilegt bragð í brauð. Íslenskar lífrænt ræktaðar gulrætur notum við líka í brauð meðan þær eru til,“ segir Guðmundur og lætur Fréttablaðinu í té uppskrift af bygg- og gulrótabrauði sem er nýtt úr hans ofni. Hann tekur fram að gerð þess taki dálítinn tíma því byrja verði að blanda í það kvöldið fyrir bökun.

*gun@frettabladid.is*



Guðmundur og Sigfús vinna vel saman í Brauðhúsinu í Grímsbæ.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Bygg-gulrótarbrauð



**Að kvöldi:**
1 msk. súrdeig (fæst í Brauðhúsinu Grímsbæ en líka hægt að búa til heima)
350 g byggmjöl
4 dl vatn (35° C)
Blanda í skál, leggja lok yfir og láta standa á hlýjum stað í 12 til 16 tíma.

**Að morgni bætist við:**
350 g speltmjöl
300 g sigtað speltmjöl
150 g rifnar lífrænt ræktaðar gulrætur
100 g sólblómafræ
1 msk. salt
3 dl vatn (40–50° C)

Hnoða deigið vel, breiða yfir og láta það hefast í 40 mínútur. Skipta því í 2-3 brauð, hnoða aftur og setja á plötu. Pensla þau með vatni og strá sólblómafræi yfir. Láta þau lyftast undir dúk í um 30 mínútur og bakast við 230°C í 40-50 mínútur.



Margar tegundir eru til í sósur, súpur og eftirrétti. Vínið geymist lengi þó tekið hafi verið á því, þökk sé saltinu.

# Vín til matargerðar

***Sérstök vín með salti og pipar eru seld sem matvara enda ætluð í eldamennsku og eftirrétti af ýmsum toga.***

„Aðalmunurinn á þessum vínum og þeim sem framleidd eru til drykkjar er sá að salti og pipar er bætt í þau. Það er bæði gert til að auka geymslutíma þeirra eftir opnun og gera þau ódrykkjarhæf,“ segir Stéphane Aubergy hjá Vínekrunni sem flytur inn matargerðarvínin. Hann segir þau vera hágæðavöru frá Frakklandi og fást hér á landi í verslunum Hagkaupa. Vínin eru matvara og því ódýrari en þau sem fást í vínbúðunum.

„Sumir segjast bara vilja nota alvöru vín en átta sig ekki á því að þetta er alvöru,“ fullyrðir Stéphane og bætir við. „Þrúgutegund, sýra, tanín og þéttleiki er það sem skiptir máli.“

*-gun*

## Fljótleg hollusta fyrir athafnafólk

HJÁ FYLGIFISKUM GETUR ÖNNUM KAFIÐ FÓLK KEYPT MEINHOLLAN OG LJÚFFENGAN MAT SEM FLJÓTLEGT ER AÐ ÚTBÚA.



Hálftilbúinn matur er tilvalinn fyrir fólk sem vinnur langan vinnudag. Hann er hægt að fá í hæsta gæðaflokki hjá Fylgifiskum sem reka verslun á Suðurlandsbraut og á Skólavörðustíg. Með því að renna þar við er hægt að elda hollan og ljúffengan mat á skömmum tíma og hafa þá meiri tíma aflögu til að sinna fjölskyldunni og öðrum hugðarefnum.

Hráefnið er fyrsta flokks og eru réttirnir tilbúnir í ofninn eða á pönnuna. Fyrri hluta vikunnar er lögð áhersla á hversdagslega rétti en seinni hluta hennar á hvers konar veislumat.

Ef ákveðið er að halda matarboð með skömmum fyrirvara getur einnig verið sniðugt að kaupa einn eða tvo rétti sem þýðir mun minni fyrirhöfn. Þá þarf einungis að útbúa meðlætið og er hægt að einbeita sér að gestunum.

- ve

# Fyrir alla fjölskylduna

***Veitingastaðurinn Icelandic fish and chips á Tryggvagötu er einkar fjölskylduvænn og góður valkostur þegar öll fjölskyldan ætlar saman út að borða.***

Líkt og nafnið gefur til kynna er boðið upp á fisk og kartöflur en auk þess salat, súpur, heilsudrykki og „skyrones“. Skyrones er sósa eða ídýfa búin til úr fersku skyri og kryddjurtum og fæst hún í ýmsum bragðtegundum. Hún er einstaklega fersk og gómsæt og meinholl líkt og annað sem staðurinn býður upp á. Fisknum er til að mynda velt upp úr spelti áður en hann er eldaður og er hráefnið ferskt og lífrænt ræktað. Hér er því ekki verið að gefa börnunum neitt rusl.

Blessuð börnin þurfa heldur ekki að láta sér leiðast þar sem á staðnum er sérstakt leikhorn fyrir þau með bókum, litum og leikföngum. Auk þess mega þau lita á matarborðið þar sem á því er pappadúkur sem er hugsaður sem strigi fyrir skemmtilegar hugmyndir barnanna sem fá liti þegar þau setjast. Auðvelt er að setja saman máltíð sem hæfir smekk hvers og eins þar sem hver réttur og meðlæti er valið sér og verðið er sanngjarnt. Það getur því verið hin mesta skemmtun og einfalt í framkvæmd að bregða sér niður í bæ og fá sér ferskt fiskmeti á Icelandic fish and chips.

*-hs*



Fiskur og franskar geta verið besti matur.



# SiRKUS



Ellen Loftsdóttir lifir litríku tískulífi

# RÉTTLÆTIR ÖLL FATAKAUP

11. JANÚAR 2008 ■ Eva Sólan komin í Landsbankann ■ Völli og Þóra eiga von á barni ■ Splunkuný E-label lína ...

# fréttir

## Heyrst hefur



Sonur þeirra Sigríðar Snævarr og Kjartans Gunnarssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, var skírður á þrettándanum eins og visir.is greindi frá í vikunni en skírnin fór fram í Dómkirkjunni og skírnarveislan var haldin í Iðnó. Einkasonurinn var skírður Kjartan Gunnsteinn í höfuðið á föður sínum og afa, föður Sigríðar, Gunnsteini Ármanni Snævarr. Athygli vekur að merking beggja nafnanna tengist vígvelli og orrustum. En samkvæmt nafnabókinni merkir nafnið Kjartansnafnið herkonungur en Gunnsteinn þýðir orrustusteinn. Hvort foreldrarnir hafa vitað af þessari merkingu nafnana er erfitt um að segja en ljóst er að Kjartan Gunnsteinn ber nafn hermannsins sem ætti að geta haft sigur í hvaða orrustu sem er.



SiRKUS

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is
**Bergþóra Magnúsdóttir**
bergthora@frettabladid.is
**Forsíðumynd** Valgarður Gíslason
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir
kristina@frettabladid.is
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000
**Auglýsingar** Guðný Guðlaugsdóttir
sími 512 5462

SKEMMTANAELÍTAN FLYKKIST Í BANKANA

# Eva Sólan komin til Landsbankans

Þrátt fyrir skjálfta í Kauphöllinni halda bankarnir áfram að ráða sjónvarpsstjörnur til starfa. Nýjasti bankastarfsmaðurinn er ofurþulan Eva Sólan sem hefur verið mikið í fjölmiðlum síðastliðin ár. Hún hefur hafið störf á lögfræðisviði Landsbankans en hún útskrifaðist með BS í viðskiptalögfræði frá Háskólanum að Bifröst síðastliðið vor. Eva Sólan settist á skólabekk eftir tíu ára hlé og fluttist í Borgarfjörðinn í kjölfarið. Hún kláraði námið á methraða, eða á tveimur árum, með því að stunda námið líka á sumrin. Nú er hún hins vegar komin í mastersnám í lögfræði með vinnunni í Landsbankanum og er staðráðin í að ná langt. Í viðtali við Sirkus síðastliðið vor fór hún fögrum orðum um námið, sem hún sagði að væri mjög skemmtilegt. Ljóst er að það er mikill fengur fyrir Landsbankann að fá þuluna um borð og nú verður tíminn að leiða í ljós hvort Eva yfirgefi þulustólinn fyrir bankann. Í Landsbankanum starfa fleiri stjörnur en Idol-tvíeykið, Simmi og Jói, starfar á sölu- og markaðssviði. Óhætt er að segja að stuðið sé aldrei langt undan enda eru þeir félagar allt annað en fúlir og leiðinlegir. Knattspyrnukonan Ásthildur Helgadóttir hóf einnig nýlega störf í bankanum en þar starfa líka fleiri stjörnur úr íþróttalífinu eins og Björgólfur Takefusa.

Í Glitni halda Jónsi í Svörtum fötum og Addi Fannar í Skítamóral uppi stuðinu sem viðburðastjórar bankans. Gítarleikarinn Áki Sveinsson úr Svörtum fötum starfar einnig í Glitni en hann starfar í markaðsdeildinni. Rapparinn og tónlistarmaðurinn Sölvi Blöndal úr Quarashi er kominn til starfa í Kaupþingi og tekur sig miklu betur út í jakkafötum en í víðum rapparafötum. Nú er bara spurning hvort popp- og skemmtanaelítan geti dansað sig í gegnum fall á fjármálamörkuðum og reynt að lyfta brúnum skipstjóranna meðan bankarnir sigla í gegnum þennan öldugang.

bergthora@frettabladid.is
martamaria@365.is



Eva Sólan



Jói Simmi Ásthildur Addi Fannar Sölvi Jónsi

# borgin mín

Ásta Andrésdóttir, ritstjóri á Nýju lífi.

ISTANBÚL

**SKYNDIBITINN:** Við Hagia Sofia og bláu moskuna í hjarta Istanbúl er veitingastaðurinn Tarihi Sultanahmet Köftecisi Selim Usta. Hingað hafa heimamenn skroppið áratugum saman til að fá sér köfte, þ.e. lambahakkbollur og hrísgrjón sem eru þau bestu í bænum. Eftir á er tilvalið að gæða sér á „lokum“, mjúkum sælgætismolum sem margir þekkja undir nafninu Turkish delight. Þær bestu í bænum fást hjá Ali Muhiddin.

**BÚÐIN:** Tískubúðirnar er að finna á Istliklal Caddesi en hátískuna í hverfinu Nisantasi. Grand Bazaar, þessi goðsagnakenndi, aldagamli yfirbyggði markaður er ómissandi. Hægt er að gera stórkostleg kaup, fyrst og fremst á textíl, silfri og gulli, með nægan tíma að vopni og vilja til að prútta.

**LÍKAMSRÆKTIN:** Eftir allan ganginn um borgina er tilvalið að fara í alvöru tyrkneskt bað, hamam. Ég mæli með Cemberlitas Hamami, sem er rétt hjá Grand Bazaar, þangað sem innfæddir sækja. Þar fæst ekta nudd og sápuskrúbb sem gleymist seint, og andrúmsloftið er engu líkt.

**BARINN:** Leb-I Derya, sem er á efstu hæð háhýsis, er besti barinn í Istanbúl með mögnuðu útsýni yfir fallegasta hluta Istanbul, Topkapi-höllina og



helstu moskurnar. Maturinn er líka frábær. Þeir sem vilja alvöru tyrkneskt kaffi ættu að heimsækja Patisserie Markiz á Istliklal Caddesi, aðalverslunargötu Istanbúl. Hann er innréttaður í art nouveau-stíl.

**VEITINGASTAÐURINN:** Vogue, á efstu hæð háhýsis í hverfinu Besiktas, hefur stórkostlegt útsýni. Matseðillinn er metnaðarfullur og um að gera að koma snemma til að njóta drykkjar á svölunum. Hægt er að fá sushi, steikur og dæmigerðan tyrkneskan mat.

**HVAÐ HEILLAR:** Það sem heillar við Istanbúl er þessi einstaka blanda austurs og vesturs, með því besta frá hvorum menningarheimi fyrir sig. Sjarmerandi heimsborg sem er nauðsynlegt að sækja heim. Enda er gestrisnin engu lík.

# Bahama-barn á leiðinni

Stjörnuparið Völundur Snær Völundarson, kokkur á Bahamaeyjum, og eiginkona hans, Þóra Sigurðardóttir rithöfundur, eiga von á erfingja. Áætlaður fæðingardagur er 19. júní og ef barnið verður kvenkyns má ekki búast við öðru en að það verði mikill kvenskörungur. Þóra er komin fjóra mánuði á leið og heilsast vel. Þóra og Völundur giftu sig sumarið 2006 og hafa búið saman á Bahamaeyjum síðan þá. Þóra er landsþekkt barnagæla en hún stýrði Stundinni okkar um nokkurra ára skeið ásamt Jóhanni G. Jóhannssyni og saman gerðu þau Birtu og Bárð ódauðleg. Þóra ætti því ekki að vera í vandræðum með að verða skemmtilegasta mamma í heimi og spinna upp endalausa leiki með barninu. „Barnið verður alið upp á endursýningum á Stundinni okkar, það ætti ekki að klikka,“ segir Þóra og hlær og viðurkennir að henni hafi aldrei liðið betur. Þegar hún er spurð að því hvort það verði ekki skrýtið að ala íslenskt barn upp innan um pálmatré og hvítar tærar strendur segir hún svo ekki vera. „Ég held að barnið verði bara miklu frjálsara því það þarf ekki að vera dúðað eins og ef við byggjum á Íslandi. Annars verður þetta bara allt að koma í ljós,“ segir hún.





húsgögn / ljós / gjafir
play sófinn
play sófinn
up sófinn
up sófinn er með stillanlegt bak
up
sófinn
nýjar línur í exó
Reykjavík / Oslo
exó
Fákafen 9
Sími: 568 2866
exo@exo.is
www.exo.is

SIRKUS SIGGU LOKAR 1. FEBRÚAR

# SVARTIR DAGAR Í MIÐBÆNUM

Við þurfum því miður að loka Sirkus 1. febrúar vegna fyrirhugaðra framkvæmda í miðbænum,“ segir Sigríður Guðlaugsdóttir, eigandi Sirkuss, betur þekkt sem Sigga Boston, en hún hefur einnig rekið barinn Boston með vinkonu sinni, Hildi Zoëga, í rúmt ár. Sigga er ósátt við að þurfa að loka Sirkus sem hún hefur rekið í tæp átta ár. „Það á að rífa húsnæði Sirkuss og húsin þar í kring. Ég veit ekki hvernig þetta endar ef borgin ætlar að halda uppteknum hætti og loka hverju fyrirtækinu á fætur öðru,“ segir Sigga sem gagnrýnir harðlega niðurrifsstarfsemi borgarinnar. Rekstur Sirkuss hefur alla tíð verið afar blómlegur og notið mikilla vinsælda, hann hefur mikið verið lofaður í erlendum tímaritum og þykir með þeim flottustu í Norður-Atlantshafi og þótt víðar væri leitað. „Árlega heimsækja margir túristar barinn enda virðast það vera aðeins tveir staðir sem þeim finnst nauðsynlegt að heimsækja, Sirkus og Hallgrímskirkja,“ segir Sigga en auk þessarar miklu umfjöllunar erlendis hefur staðurinn verið notaður við upptökur á bíómyndum og myndböndum, en Sirkus kom einmitt mikið við sögu í myndbandi Bjarkar Guðmundsdóttur, Triumph of a heart. „Ef ég fæ húsnæði fyrir Sirkus mun ég halda rekstrinum áfram en það er ekki auðsótt mál þar sem niðurrif miðbæjarins virðist vera í algleymingi,“ segir Sigga sem gæti vel hugsað sér, meira í gríni en alvöru, að fara með Sirkusinn sinn niður í Hljómskálagarðinn. Á þessum síðustu lífdögum Sirkuss við Klapparstíginn verður þó nóg um að vera og staðurinn verður svo sannarlega kvaddur með stæl. „Við ætlum að reyna að skipta kvöldunum niður þannig að flestir sem hafa komið við sögu síðustu árin spili hjá okkur en nú um helgina munu þeir Jón Atli og Gísli Galdur spila ásamt fleiri góðkunningjum,“ bætir Sigga við að lokum sem sér sárlega eftir húsnæðinu við Klapparstíg. Sirkus á sér marga fastagesti sem harma mjög lokun staðarins. Stebbi Steph, betur þekktur sem President Bongo á Sirkus er einn fastagestanna sem harma lokun staðarins. „Þetta er glatað og ömurlegt. Alltof tilfinningalegt dæmi fyrir mig,“ upplýsir Stebbi sem segist eiga eftir að sakna mest sætu stelpnanna á barnum. Henrik Björnsson tónlistarmaður hefur verið fastagestur Sirkuss frá því staðurinn var opnaður. „Einhvern tímann loka allir staðir en það er engu síður ömurlegt að það eigi að byggja verslunarmiðstöð þarna,“ sagði Henrik um lokun staðarins. „Miðbærinn er enginn staður fyrir svoleiðis vitleysu. Það er ekki hægt að rífa allt sem er gamalt og sögulegt og setja eitthvað nýtt og plebbalegt í staðinn. Það er eitthvað sem allir munu sjá eftir,“ bætir Henrik við en hann á eftir að sakna Sirkuss á Klapparstígnum. „Þetta er fallegur staður. Fallegt lítið hús að utan og twilight zone að innan. Garðurinn er líka voða fínn á sumrin, þegar hann mátti vera opinn,“ segir Henrik að lokum. Það eru ekki einungis fastakúnnar sem munu gráta þessar aðgerðir Reykjavíkurborgar því að Sirkus er orðinn stór partur af miðbænum auk þess sem hann hefur trekkt að fjöldann allan af ferðamönnum. Sirkus gerði Klapparstíginn að miðpunkti skemmtanalífsins á sínum tíma og verður sárt saknað.

bergthora@frettabladid.is




SIRKUS BAR Heyrir sögunni til 1. febrúar.



SIGGA Á SIRKUS



STEBBI STEPH BETUR ÞEKKTUR SEM PRESIDENT BONGO



HENRIK BJÖRNSSON

# Skífulistinn topp 20

## Vinsælustu titlarnir

### VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Mugison | ↑ | Mugiboogie |
| 2 | Hjálmar | N | Ferðasót |
| 3 | Radiohead | ↓ | In Rainbows |
| 4 | Páll Óskar | ↑ | Allt fyrir ástina |
| 5 | Hjaltalín | ↑ | Hjaltalín |
| 6 | Ýmsir | ↑ | Pottþétt 45 |
| 7 | Ellen Kristjánsdóttir | ↓ | Einhversstaðar Einhverntíma |
| 8 | Einar Scheving | – | Cycles |
| 9 | Led Zeppelin | ↓ | Mothership |
| 10 | GusGus | A | Forever |
| 11 | Sigur Rós | ↓ | Hvarf / Heima |
| 12 | Eagles | ↓ | Long Road Out Of Eden |
| 13 | Eivör | ↑ | Human Child/Mannabarn |
| 14 | Benny Crespo´s Gangt | ↑ | Benny Crespo's Gang |
| 15 | Amy Winehouse | | Back To Black |
| 16 | Ný Dönsk | A | 1987-2007 |
| 17 | Dísella | | Solo Noi |
| 18 | Katie Melua | A | Pictures |
| 19 | Álftagerðisbræður | ↓ | Álftagerðisbræður |
| 20 | Land og Synir | N | Lífið er Yndislegt |

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku — Stendur í stað

### VINSÆLUSTU DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Astrópía |
| 2 | Næturvaktin |
| 3 | Mýrin |
| 4 | Bourne Ultimatum |
| 5 | High School Musical 2 |
| 6 | Secret, The - íslenskt |
| 7 | Transformers |
| 8 | Knocked Up |
| 9 | Rush Hour 3 |
| 10 | High School Musical 1 |
| 11 | Harry Potter the Order of P. |
| 12 | Hairspray |
| 13 | Köld Slóð |
| 14 | Pirates of the Caribbean 3 |
| 15 | Evan Almighty DVD |
| 16 | Mr. Brooks |
| 17 | Lincence To Wed |
| 18 | Meet the Robinsons DVD |
| 19 | Hot Fuzz |
| 20 | Fóstbræður Season 5 |

Listinn gildir 11. til 18. jan 2008




Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

S·K·Í·F·A·N




CHADWICK

ÞEIR SEM ERU VIRKILEGA HEPPNIR FÁ AÐ VINNA ALLA HELGINA

Chadwick stóllinn er hannaður af Don Chadwick fyrir Knoll. Hann sameinar á einstakan hátt falleg form og hámarksþægindi. Chadwick er með níðsterku neti sem lagar sig að líkamanum og má með sanni segja að stóllinn setji ný viðmið í hönnun skrifstofuhúsgagna. En það sem kemur líklega mest á óvart við Chadwick er verðið. Hann kostar aðeins **54.600 kr.** án arma og **64.800 kr.** með örmum.

Knoll

Knoll er amerískt fyrirtæki og framleiðir hágæða húsgögn í samvinnu við fremstu hönnuði heims.

epal

www.knoll.com

Epal ehf. · Skeifan 6 · Sími 568 7733 · epal@epal.is · www.epal.is

# 50 ÁSTÆÐUR fyrir því að þú ert EINHLEYP(UR)

## HANN

### Vegna þess að...

1. Í hvert skipti sem þú hittir kvenmann í fyrsta sinn þarftu að segja henni að þú elskir hana.



2. Stafsetning er ekki þín sterka hlið en samt sendir þú sms-skilaboð í gríð og erg, morandi í stafsetningarvillum þegar það er hvort sem er miklu meira kúl að hringja.
3. Eftir fyrsta deit sendir þú 20 rauðar rósir og kort með bangsa heim til hennar.
4. Þú býður deitinu í bílalúguna á MacDonalds og pantar „super-size" máltíð fyrir tvo.
5. Þú talar um þínar fyrrverandi út í eitt og ert í daglegu sambandi við þær.
6. Þú hefur tilhneigingu til að ofsækja konur og í hvert skipti sem kvenmann ber á fjörur þínar, eltir þú hana, sendir henni skilaboð og hringir í hana á nóttunni.



7. Þú kallar kynfæri kvenna rottu og brjóstin júllur.
8. Þú deilir því með henni að uppáhaldslagið þitt sé „Undir bláhimni".
9. Þú eyðir öllum frítíma þínum fyrir framan tölvuna og spilar tölvuleiki við netvini þína.
10. Þú segir dömunni að þú eigir erfitt með að stunda kynlíf án skuldbindinga.
11. Þú ert of upptekinn af útlitinu, Hvaða kona vill karlmann með plokkaðar augabrúnir, appelsínugult hörund og rakaða bringu?
12. Þú hefur ekki ennþá tekið af þér sandalana sem þú notaðir á Benidorm 1999 og hefur aðlagað þá íslenskri veðráttu með því að nota ullarsokka við þá.
13. Þú talar um peninga út í eitt.
14. Þú ert snobbaður og getur ekki hætt að tala um Epal-sófann sem þú ætlar að kaupa þér.
15. Þú neitar að stunda kynlíf fyrr en á brúðkaupsnóttinni.
16. Þú sefur með uppblásna dúkku upp í rúmi hjá þér.



17. Þú getur ekki hætt að tala um hvað þú sért frábær elskhugi og hversu mörgum konum þú hafir fullnægt.
18. Þú kallar litla félagann einhverju gælunafni.
19. Þú hringir í mömmu í hvert skipti sem þú hefur notið ásta.
20. Á fyrsta deiti segir þú henni hvað þið eigið eftir að eignast falleg börn.
21. Þú ferð hvorki úr sokkunum né tekur af þér derhúfuna uppi í rúmi.
22. Þú tilkynnir deitinu að nú séu dagar þess á barnum taldir eftir að hafa hitt þig.
23. Þú mætir með demantshring á fyrsta deit og tilkynnir dömunni að þú hafir ekki tíma í neitt rugl.
24. Þú gengur um íbúðina þína með deitinu (sem þú ert búinn að þekkja í viku) og segir því hvar þarf að þrífa og montar þig í leiðinni yfir lofthæð og fermetrafjölda.
25. Þú ert upptekinn af því að konur eigi að vera í kjörþyngd og spyrð því undantekningarlaust alltaf um þyngd og hæð á fyrsta deiti og reiknar þyngdarstuðull hennar á gsm-símanum þegar hún sér ekki til. Ef þú efast um að hún sé að segja satt þá gengur þú alltaf með málbandið í vasanum.

## HÚN

### Vegna þess að...

1. þú hefur gefist upp á karlmönnum.



2. Þú ert of upptekin af því að ganga út.
3. þú ert einfaldlega of fullkomin til að einhver karlmaður leggi í þig.
4. Þú grætur á fyrsta deiti yfir því hvað allir hafa endalaust hætt með þér og þú eigir erfitt með að treysta karlmönnum.
5. Þú mætir í brúðarkjól á „blind date", því hver veit nema þetta sé sá eini rétti.
6. Þú ert alltaf í megrun og missir tökin eftir eitt hvítvínsglas og ferð á ótæpilegt trúnó þar sem allir fyrrverandi eru tíundaðir.
7. Þú getur ekki hætt að tala um barnið þitt og hversu mikið þú hlakkar til að deitið hitti barnið.
8. Þú ert með tattóveraðar augabrúnir og varablýantslínu á vörunum.
9. Þú sefur með bangsa upp í rúmi hjá þér sem þú kyssir góða nótt á hverju einasta kvöldi.
10. Eftir viku kynni ertu farin að plana Flórídaferð með deitinu.
11. Þú tilkynnir deitinu með tár í augum að þú sért búin að bíða eftir því allt þitt líf.
12. Þú gengur ennþá í nærfötum með myndum af Mínu mús sem hefðu betur verið skilin eftir í Disneylandinu á sínum tíma.
13. Daginn eftir deitið mætir þú með flutningabíl heim til hans, með alla búslóðina þína.
14. Eftir fyrstu samfarirnar segir þú ástmanni þínum að þú sért ekki á pillunni því þig langi svo að eignast barn með honum sem fyrst.
15. Þú mætir með spákonuna Sigríði Klingenberg með þér á „blind date" og lætur hana spá fyrir ykkur og framtíð ykkar saman.
16. Þú heldur úti bloggsíðu þar sem þú tjáir þig um allt og þar eru samfarirnar, brátt sáðlát eða of lítill getnaðarlimur ekki skilið undan.





17. Þú gefur honum stóra andlitsmynd af þér í gylltum ramma á fyrsta stefnumóti.
18. Þú mætir með „dótakassann" eins og hann leggur sig í fyrstu heimsóknina og rífur upp handjárn og „strap on-dildo" eins og ekkert sé sjálfsagðara.
19. Þér finnst sopinn of góður eftir að þú reyndir kampavínskúrinn á gullaldarárunum og ert alltaf í því, þú drepst ofan í súpuskálar og í miðjum ástarlotum.
20. Þú tilkynnir deitinu að þú getir ekki hitt það nema þú fáir að sjá afrit af skattaskýrslu þess.
21. Þú býður honum upp í sumarbústað með tilvonandi tengdaforeldrum eftir viku kynni.
22. Þú býður honum í náttafatapartí heim til þín og tekur á móti honum í Snobby-náttfötum og með pela í annarri hendi sem þú viðurkennir að hafa aldrei geta vanið þig af.
23. Þú tilkynnir deitinu að þú sért að leita þér að karlmanni til að sjá fyrir þér.
24. Þú stingur upp á því við deitið hvort að þið ættuð ekki að hafa samband við tímaritið Vikuna og deila ástarsögu ykkar með þjóðinni.
25. Þú tjáir honum að þú viljir að hann syngi lagið „Þú fullkomnar mig" með Sálinni í brúðkaupinu ykkar.






**ÁSTSÆLASTA LEIKKONA ÞJÓÐARINNAR** Guðrún þekkir Iðnó afar vel en hún hóf leikferil sinn þar árið 1958.

# Ævintýrið heldur áfram

Ein ástsælasta leikkona þjóðarinnar, Guðrún Ásmundsdóttir, mun taka sýningu sína, Ævintýri í Iðnó, aftur til sýninga næsta sunnudag. Í sýningunni gerir hún upp 50 ára leikferil sinn og spinnur saman við 110 ára afmæli Iðnó. Hún starfaði í Iðnó frá árinu 1958 og kynntist þar mörgum kynslóðum leikara og öðrum goðsagnakenndum persónum. Þeir sem misstu af sýningunni ættu að grípa tækifærið núna enda fékk sýningin frábæra dóma í fjölmiðlum.



**SJARMERANDI SAGA** Ævintýrið í Iðnó hefur fengið ákaflega góða dóma. Á sunnudaginn byrjar sýningin aftur.


SAND
WOMAN
40%
afsláttur af
öllum vörum
útsala
SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141
Fókus

**fötin mín**

ELLEN LOFTSDÓTTIR, NEMI Í TÍSKU, ALMANNATENGSLUM OG MARKAÐSFRÆÐI, ER BÚSET
ELLEN OG ERNA EN Á TÍMABILI VORU ÞÆR STÖLLUR MEÐ SJÓNVARPSÞÁTTINN Á BAK VIÐ
UNUM OG FÉKK AÐ SKYGGNAST INN Í LÍF HENNAR SEM EINKENNIST AF TÍSKU MEÐ ÖRLIT

# LIFIR DRAUMINN Í BORG TÆKIFÆRANNA













Ég er mikið fyrir að vera í stíl og hef alla tíð verið þannig. Ef ég næ ekki að tengja saman liti í „outfittinu“ líður mér hálf undarlega,“ segir Ellen Loftsdóttir sem sker sig úr hvar sem hún kemur. Ellen blandar saman stílum úr ólíkum áttum svo úr verður hennar eigin stíll, sem er í senn skemmtilegur, litríkur og óhefðbundinn. Hún segist sækja innblásturinn héðan og þaðan en fatastíllinn mótast af fólkinu og umhverfinu sem hún er í hverju sinni. Í haust flutti Ellen til Lundúna og hóf nám í tísku, almannatengslum og markaðsfræðum í London College of Fashion. „Námið er mjög fjölbreytt og skapandi. Það fókuserar ekki bara á eitthvað eitt innan tískubransans heldur á allt það sem tengist tískuheiminum, en það hentar mér mjög vel þar sem ég er ekki alveg búin að ákveða hvað ég ætla að verða þegar ég verð stór,“ segir Ellen sem mælir hiklaust með náminu fyrir þá sem hafa brennandi áhuga á tísku. „Ég kann rosalega vel við mig í London og fíla allt það fjölskrúðuga mannhaf sem hér er að finna en fólkið gerir borgina að því litríka samfélagi sem hún er,“ segir Ellen um lífið í stórborginni sem veitir henni mikinn innblástur. „Fyrir mér er London borg tækifæranna. Maður þarf bara að finna út hvar þau leynast og vera óhræddur við að grípa þau þegar færi gefst,“ segir Ellen en í haust starfaði Ellen fyrir hönnuðinn Richard Nicoll og hefur nú boðist lærlingsstaða hjá fatahönnuðinum Peter Jensen. „Það er stórhættulegt fyrir „shopalcoholic“ eins og mig að búa í London. Hér er alltof mikið af freistingum, dálítið eins og fyrir barn að búa í sælgætislandi. Ég slysast oft inn í hinar og þessar búðir og áður en ég veit af stend ég við kassann tilbúin með vísakortið,“ segir hún en bætir því við að fyrir þann sem kann á borgina og þekkir búðirnar er oft hægt að fá mikið fyrir lítið og því sérlega hentugt fyrir fátæka námsmenn. Bestu kaup síðasta árs gerði hún einmitt í London fyrir jól.



VINTAGE KJÓLL SEM ELLEN FÉKK AÐ GJÖF EN NÆLAN VAR Í KJÓLNUM ÞEGAR ELLEN FÉKK HANN Í SÍNAR HENDUR. KANNKSI HEFUR SÁ SEM ÁTTI KJÓLLINN VERÐIR Í HINU KONUNGLEGA BRÚÐKAUPI Á SÍNUM TÍMA OG SELT HANN EFTIR SKILNAÐINN.

„Ég fór á svokallaða „sample-sale“ hjá hönnuðinum Peter Jensen sem hann hélt í stúdíóinu sínu, þar keypti ég tvo fallega kjóla og eina þunga ullarpeysu fyrir rúman 20 þúsund kall sem er náttúrulega bara gefins. Ég elska þegar ég fæ það á tilfinninguna að ég sé að græða þegar ég kaupi mér föt,“ bætir hún við. Hún segist vera mjög veik fyrir flottum og dýrum hlutum sem hún hafi ekki efni á. „Þegar ég skoða dýra hönnun sem ég veit fyrirfram að ég hef ekki efni á lít ég á það sem svo að ég sé að velja mér hluti fyrir framtíðina,“ bætir Ellen við og brosir út í annað enda er það sérsvið þeirra sem hrærast í tískuheiminum að réttlæta peningaeyðsluna. Hún er þó ekki bara svag fyrir fatnaði, hún elskar líka skó. „Ég dýrka að eiga flotta skó. Það er bara eitthvað við skó sem gerir mann ánægðari og þeir setja einhvern veginn alltaf punktinn yfir i-ið. Útlitið er fullkomnað með flottum skóm,“ segir hún. Þegar skókaupin eru rædd nánar kemur í ljós að hún hefur ekki farið varhluta af helstu tískustraumum því fyrir allmörgum árum átti hún Buffalo-skósafn. „Ég var á símalista verslunarinnar Bossanova á Laugavegi en þeir seldu Buffalo-skóna. Ég fékk hringingu í hvert skipti sem ný sending kom í hús til að vera viss um að ég myndi ekki missa af neinu.“ Umrætt Buffalo-tímabil er þó eitt það svartasta sem hún hefur upplifað hvað varðar tískuna. „Í dag hefur þó tískuslysunum farið fækkandi sem betur fer því ég er orðinn svo mikill atvinnumaður í greininni,“ segir Ellen hlæjandi.

Ellen á marga uppáhaldshönnuði og á erfitt með að gera upp á milli þeirra. „Yfirleitt skipti ég






Grundvallarbók fyrir þá sem vilja liðka sig, endurmóta líkamann og losna við streitu og harðsperrur.

Þinn eigin einkaþjálfari! Æfingar með skýringarmyndum og ráðleggingar um mataræði fyrir 3 mánuði.

Nú er rétti tíminn til að hætta að reykja. Með handleiðslu Valgeirs Skagfjörð drepur þú í fyrir fullt og allt.

Einnig á hljóðbók þann 15. janúar.

www.Salka.is Salka

Salka/GBÓ

# heilsa & lífsstíll

FÖSTUDAGUR 11. JANÚAR 2008




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SOLARAY - HEIMSÞEKKT VÍTAMÍN & BÆTIEFNI!




*Vegna einstakra gæða nýtur SOLARAY sívaxandi virðingar og trausts um allan heim*

***Útsölustaðir:*** *Heilsuhúsið, Maður Lifandi, Yggdrasill, Fjarðakaup Lífsins lind í Hagkaup, Hagkaup Smáralind, Lyfja, Lyfjaval, Krónan, Blómaval, Nóatún Hafnarfirði og Heilsuhornið Akureyri.*

heilsa –hafðu það gott

# Yngingarlyf eða ógnvaldur?

**Vaxtarhormón hafa um nokkurt skeið verið notuð í lækningaskyni en vitað er til þess að þau hafi einnig verið misnotuð af íþróttamönnum. Að mati Ragnars Bjarnasonar, sérfræðings í innkirtlasjúkdómum barna, er ekki ósennilegt að slík misnotkun eigi sér stað hérlendis miðað við hversu algeng steranotkun er.**



Flestir einstaklingar framleiða svokölluð vaxtarhormón í heiladingli sínum, en vaxtarhormón er safnheiti próteinhormóna sem stjórna eðlilegum vexti lífvera og hafa áhrif á heilastarfsemi þeirra. Þekkt eru tilfelli þar sem skortur er á framleiðslu slíkra hormóna, en hann getur leitt til hægs lengdarvaxtar, ósamræmis í líkamanum, aukinnar fitusöfnunar, minni vöðvamassa og framtaksleysis svo fátt eitt sé nefnt.

Upp úr 1950 fóru menn að nota vaxtarhormón úr heiladinglum látins fólks til að sprauta í einstaklinga með lága framleiðslu slíkra hormóna. Meðferðin gekk vel í nokkra áratugi, þótt framboð væri lítið, eða þar til árið 1985 þegar sjúkdómurinn Creutzfeldt-Jakobs (oft nefndur í sambandi við kúariðu) var tengdur þessari meðferð. Í kjölfarið braust út sjúkdómsfaraldur sem lagði fjölda barna að velli og því var lagt bann við meðferðinni til að ná stjórn á ástandinu.

Árið 1986 var framleitt vaxtarhormón, þar sem genið fyrir vaxtarhormóni var sett inn í gerla og bruggað meðal annars til að koma í veg fyrir sjúkdómasmit. Eftir það hefur aðgengi að vaxtarhormónum verið ótakmarkað, þótt verðið sé hátt. Notkun þeirra hefur þar með aukist, einkum hjá fullorðnum sem höfðu þangað til mætt afgangi, meðan börn gengu fyrir. Mikill áhugi varð á undralyfinu, einkum meðal íþróttamanna, þar sem það jók vöðvastyrk, og brátt leiddi það til útbreiddrar misnotkunar á lyfinu að sögn Ragnars Bjarnasonar, sérfræðings í innkirtlasjúkdómum barna.

„Notkun vaxtarhormóna er ólögleg innan íþrótta rétt eins og steranoktun," segir hann. „Frjálsíþrótta- og lyftingamenn hafa orðið uppvísir að misnotkun þeirra og fyrir nokkrum árum fór sænska pressan mikinn í máli þar sem þekktur íþróttamaður var staðinn að verki."

Hann bætir við að sumir noti líka hormónin sem yngingarlyf. „Til eru læknar í Bandaríkjunum sem gefa sig út fyrir að hindra elli með því að gefa sjúklingum sínum vaxtarhormón, en framleiðsla þeirra er mest á unglingsárunum en tekur að dvína strax upp úr tvítugu. Hormónin eiga að stemma stigu við fylgifiskum elli, svo sem vöðvarýrnun og fituaukningu. Hins vegar er lítið af rannsóknum sem sanna það og því hægt að segja að þarna séu sannfærandi sölumenn á ferð."

Ragnar segir hins vegar vitað að ofnotkun hormónanna geti haft alvarlegar afleiðingar, en sú þekking sé fengin út frá sjúkdómum. „Hún getur orsakað útlitsbreytingar hjá börnum og fullorðnum. Í síðara tilviki stækkun á höndum, fótum, höku og grófu andliti. Þá hefur hún slæm áhrif á efnaskipti og æðakölkun, sem valdið getur hjartaáfalli. Þá eru grunsemdir um að ofskammtur þeirra geti leitt til krabbameins, einkum í ristli, og bjúgsöfnunar, svo sem við heila.

Ragnar þekkir ekki dæmi þess að vaxtarhormón hafi verið misnotuð hérlendis, en telur að Ísland eigi ekki að vera undantekning frá öðrum löndum, miðað við hversu útbreidd steramisnotkun er hérlendis. „Ástæðan gæti verið sú að erfitt hefur verið að sanna misnotkun þeirra. Sprautuför og lyf þurfa bókstaflega að finnast á viðkomandi til að staðfesta hana. Þó er vitað að notkun þeirra bælir eðlilega líkamsframleiðslu vaxtarhormóns. Hitt er svo annað mál að aðeins innkirtlalæknar hafa leyfi til að skrifa upp á þessi lyf og því er hægt að fylgjast töluvert með notkun þeirra, þótt þau geti auðvitað verið í umferð á svörtum markaði."

Ragnar segist hafa meiri áhyggjur af misnotkun á vaxtarhormónum sem ekki eru framleiddir með nútímaaðferðum. „Uppi hefur verið sá orðrómur að á markaðinum séu vaxtarhormónar frá Rússlandi, framleiddir úr heiladinglinum á látnu fólki þar sem ekki er farið eftir bestu stöðlum. Það eykur líkur á smithættu ýmislegra hættulegra sjúkdóma, svo sem alnæmis, lifrarbólgu og Creutzfeldt-Jakobs, sem smitast með blóðafurðum." *- rve*



# Fegurð beint í æð

**Það er löngu vitað mál að hollt mataræði og hreyfing eru ekki það eina sem stjörnurnar beita til að halda sér unglegum. Fegrunaraðgerðir ýmiss konar hafa um langt skeið nýst fræga fólkinu til að varðveita æskublóma sinn, þótt fæstar vilji þær viðurkenna það, og þar á meðal eru vaxtarhormón talin hafa reynst góð hjálparmeðul. Hér eru myndir af nokkrum frægum einstaklingum sem eru annaðhvort grunaðir um notkun vaxtarhormóna eða vitað er að neyta þeirra.**

Þótt Pamela Anderson sé grænmetisæta og dýravinur veigrar hún sér víst ekki við að beita ýmsum miður heilsusamlegum aðferðum við að varðveita þokka sinn, meðal annars með því að láta sprauta í sig vaxtarhormónum með reglulegu millibili.



Ekki voru það leikhæfileikarnir sem skutu ríkisstjóra Kaliforníu upphaflega á stjörnuhimininn, þótt honum hafi síðar tekist að sanna getu sína sem hasarmyndahetju. Nei það var fagurskapaður og að margra mati ýktur líkaminn með öllum sínum vöðvum, sem talið er að Arnie hafi stækkað með vaxtarhormónum.

Þótt Britney Spears sé ung að árum er hún talin nota vaxtarhormón, enda vitað að það dregur úr eðlilegri framleiðslu þeirra strax upp úr tvítugu.





Leikarinn Sylvester Stallone var á dögunum gripinn í tolli með vaxtarhormón og viðurkenndi að hann neytti þeirra til að varðveita vöðvastæltan líkama sinn, sem gerði hann frægan á níunda áratugnum. Stallone þótti ekki veita af þar sem hann vildi líta sem best út í væntanlegri Rambomynd.



Leikkonan Demi Moore viðurkennir að hafa varið fúlgu fjár í fegrunaraðgerðir og því ætti ekki að koma á óvart að orðrómur sé á kreiki um að hún noti vaxtarhormón. Til marks um það þykir sumum sem haka Moore hafi stækkað í tímans rás, sem er eitt merki um notkun vaxtarhormóna.



Mörgum þykir sem Madonna hafi snúið á Elli kerlingu miðað við hversu ungleg söngkonan er, en hún verður fimmtug á árinu. Sögusagnir eru uppi um að hún hafi fengið smá hjálp í glímunni og noti meðal annars vaxtarhormón til að viðhalda æsku sinni.

*Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!*

# *Viltu stinnari líkama á aðeins 4 vikum ?*

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar.
4 vikna þjálfunaráætlun fylgir - fáðu stinnari og fallegri líkama á aðeins 4 vikum...




*pakki 1*
Slendertone belti
+ buxur eða pils
þjálfar rass og læri og kviðvöðva
kr. 29.925.-

*pakki 2*
Slendertone belti
+ armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 26.970.-

*pakki 3*
Slendertone buxur
eða pils + armar
þjálfar rass og læri og upphandleggsvöðva
kr. 29.925.-

*pakki 4*
Tilboðsverð fyrir dömur
- alhliða pakki
Slendertone belti
+ buxur eða pils + armar
þjálfar og stinnir allan líkamann
kr. 35.985.-



**SLENDERTONE™**
**System** belti
fyrir kviðvöðva
**dömu / herra**
kr. 19.980,-




**Eitt stjórntæki** með hleðslubatterí, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System

KORTER.IS

**SLENDERTONE System**

*Tími til að líta vel út ...!*

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sendum í póstkröfu



Fit-Kid kerfið mætir þörfum allra barna, burtséð frá holdafari, en þau börn sem stundað hafa Fit-Kid síðan í september hafa náð góðum árangri.




Krisztina G. Agueda er fulltrúi Fit-Kid á Íslandi, en kerfið er alþjóðlegt og sérsniðið fyrir alla krakka á aldrinum 7 til 15 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Árangur fyrir öll börn

**Nú býðst íslenskum börnum hið frábæra Fit-Kid kerfi í Hreyfilandi, en það hentar krökkum af öllum stærðum og gerðum.**

„Við byrjuðum með Fit-Kid í september og hefur gengið afskaplega vel,“ segir Krisztina G. Agueda, fulltrúi International Fitness Federation (IFF) á Íslandi.

„Fit-Kid er alþjóðlegt æfinga- og keppniskerfi með þau markmið að hvetja börn og unglinga til heilbrigðra lífshátta og að sem flest börn njóti sín í íþróttum, en Fit-Kid er skráð vörumerki með tíu ára reynslu og er notað í átján löndum með frábærum árangri,“ segir Krisztina um Fit-Kid sem ætlað er börnum á aldrinum 7 til 15 ára.

„Börnin æfa þrisvar í viku. Æfingar samanstanda af dansi, fimleikum og þolfimi og þeir sem sýna hæfileika á öllum þremur sviðum fá tækifæri til að keppa. Á síðasta ári átti Ísland fulltrúa á Evrópu- og heimsmeistaramótinu sem komust á verðlaunapall á báðum mótum,“ segir Krisztina, sem í ár skipuleggur Íslandsmeistaramót Fit-Kid krakka, þar sem þeir bestu verða sendir á næsta Evrópumeistaramót á Spáni.

„Hins vegar er engin pressa á keppni meðal barnanna, en þau börn sem búa yfir keppnisskapi og vilja stefna á mót hafa til þess úrvals tækifæri í Fit-Kid. Það er staðreynd að börn öðlast mikið sjálfstraust við ástundun Fit-Kid og mörg dæmi eru um krakka sem voru of feitir í byrjun og latir við að hreyfa sig sem nú njóta þess að dansa og stunda hreyfingu í betra formi og með góðum árangri,“ segir Krisztina og tekur fram að árangur byggi ekki á staðlaðri líkamsmynd, heldur geti allir náð árangri hvort sem þeir eru langir, stuttir, þybbnir eða mjóir.

„Fyrir framtíðina er IFF að undirbúa sambærilegt fitnesskerfi fyrir fullorðna og þá geta börn sem taka þátt í Fit Kid haldið áfram í Fit Man eða Woman þegar fram líða stundir,“ segir Krisztina og hvetur aðrar líkamsræktarstöðvar að taka upp Fit-Kid kerfið.

„Stöðvarnar fá fullþróað æfingakerfi inn í sinn rekstur um leið og þær gefa börnum í sínu hverfi tækifæri til að taka þátt í þessari spennandi íþrótt. Því fylgir svo þátttökuréttur í keppnum innanlands- og utan, sem og í alþjóðlegum þjálfunarbúðum.“

Sjá nánar um Fit-Kid á www.fitkid.is og www.hreyfiland.is/sporterobik/

*- þlg*






Hundar virðast hafa jákvæð áhrif á heilsu eldra fólks og annarra. NORDICPHOTOS/GETTY

# Heilsusamleg áhrif hunda

Í nýlegri grein í The New York Times er rætt um heilsusamleg áhrif hunda. Þessi besti vinur mannsins hefur lengi verið nátengdur heilbrigðisgeiranum. Hann sér fyrir blinda, heyrir fyrir heyrnarlausa, hreyfir hluti fyrir hreyfihamlaða og er almennt hjálparkokkur fatlaðra.

En hundar virðast vera mun meira en fjórfættir heilbrigðisstarfsmenn. Japönsk rannsókn sýndi fram á að gæludýraeigendur fóru þriðjungi sjaldnar til læknis en aðrir. Rannsókn í Melbourne á sex þúsund mönnum sýndi að hundaeigendur og aðrir gæludýraeigendur höfðu lægra kólestról, lægri blóðþrýsting og minni líkur á hjartaáfalli en aðrir.

Auðvitað væri hægt að útskýra betri heilsu gæludýraeigenda á ýmsan hátt en margir sérfræðingar telja hins vegar að nærvera dýra geti bætt heilsu í það minnsta með því að minnka stress.

Hundar hafa þótt hafa sérstaklega góð áhrif á heilsu eigenda sinna. Til eru sögur af hundum sem hafa varað eigendur sína við hættum. Árið 2003 birtu rannsakendur frá háskólanum í Flórída skýrslu þar sem kom fram að sumir hundar virðast finna á sér þegar eigendur þeirra eiga á hættu að fá heilablóðfall.

Nýlega hafa nokkrar rannsóknir bent til þess að hundar geti greint sumar gerðir krabbameina með því einu að lykta af andardrætti fólks.



RAPUNZEL

Lífrænt ræktaðar vörur frá 1974

# Lífrænt ræktaðar vörur framleiddar með ást og umhyggju fyrir heilbrigðan og heiðarlegan heim

Rapunzel vinnur í mjög nánu samstarfi við bændur víða um heim m.a. í Tyrklandi og Sri Lanka þar sem þeir hafa kennt bændum lífræna ræktun og taka virkan þátt í uppbyggingu á viðkomandi svæðum. Með þessu móti er Rapunzel að sýna í verki þeirra hjartans mál sem er að stuðla að heilbrigðum og heiðarlegri heimi.

BIO nach EG-Öko-Verordnung




HAND IN HAND ORGANIC RAPUNZEL FAIRTRADE

**TAI CHI**

námskeið hefst 17. janúar
Æfingastöð SLF Háaleitisbraut

Leiðbeinendur:
S. Hafdís Ólafsdóttir - Svanlaug Thorarensen
Skráning: s.: 861 59 58 - hafdis@slf.is - svanlaugt@simnet.is

**YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT**
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
**YOGA YOGA YOGA**
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
og yoga fyrir lengra komna
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is

**Ekta fiskur** Sérfræðingar í saltfiski

Ekta réttir — NÝJUNG

Fyrir verslanir, veitingahús, mötuneyti og stóreldhús, til suðu eða steikingar

- Saltfiskbitar, blandaðar stærðir
- Saltfiskhnakkar, tvær stærðir (lomos)
- Saltfiskkurl
- Gellur
- Gollaraþunnildi
- Ýsuflök og -hnakkar
- Steinbítskinnar og -bitar
- Þorskhnakkar
- Rækjur

PÖNTUNARSÍMI:
**466 1016**
www.ektafiskur.is

Einnig frábært úrval tilbúinna rétta frá **Ekta réttum**, kíkið á vörulistana á netinu!

FRUMKVÖÐLAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 - VIÐURKENNING FRÁ MATUR ÚR HÉRAÐI - LOCALFOOD

# Eykur ánægju og árangur

**Einkaþjálfarinn Elvíra Guðmundsdóttir kennir kylfingum að koma sér í gott form í Golf Fitness, líkamsrækt sem er að ryðja sér til rúms hérlendis.**


Elvíra segir Golf Fitness tilvalið til að auka árangur jafnt sem ánægju af golfi.
FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Þetta er sérhæfð þjálfun, til að auka styrk, þol og liðleika kylfinga. Ég er ekkert að kenna fólki á golfkylfuna, heldur þjálfa upp líkamann til að bæta spilun úti á velli. Frábær leið til að bæta líkamsástand og spil kylfinga,“ segir Elvíra Guðmundsdóttir einkaþjálfari sem fer í næstu viku af stað með nýtt námskeið í Heilsuakademíunni í Egilshöll sem kallast Golf Fitness.

Þar er ekki hefðbundin golfkennsla á ferð, heldur námskeið sem byggist upp á miklum æfingum með „fit-ball“, þyngdarbolta, lóðum og stöngum og teygjum og liðleikaæfingum, en Elvíra segir algengt að það vanti upp á þær hjá kylfingum, sem hafi tilhneigingu til að mæta stirðir út í bása og byrja strax að slá.

„Mér hefur fundist vanta alveg þennan þátt í þjálfunina hér heima,“ segir Elvíra, sem talar af reynslu þar sem hún skellti sér í golf fyrir nokkrum árum ásamt eiginmanninum með það fyrir augum að finna sér gott og hollt áhugamál. Áhugamálið varð þó brátt að ástríðu og fyrr en varði hafði Elvíra skráð sig á golfnámskeið hjá Úlfari Jónssyni til að bæta getuna, en hann er talinn vera með færustu golfkennurum landsins.

Þegar Elvíra hafði náð góðum tökum á tækninni vildi hún bæta spilið en fannst fátt um úrræði. „Ég lagðist því í heljarmikla vinnu,“ útskýrir hún. „Læsti mig inni með fjöldann allan af bókum og las mér líka til á netinu til að leita svara. Svo setti ég mig í samband við golfkennara úti í heimi sem eru að þjálfa heimsins bestu golfara, til að fá einhverjar upplýsingar hjá þeim.“

Golf Fitness byggir Elvíra því að hluta til á eigin reynslu og upplýsingum sem hún hefur viðað að sér, en námskeiðið er kennt þrisvar í viku í sex vikur samfleytt. Hver tími er klukkutíma langur og í öðrum hverjum tíma fer fram hefðbundin golfkennsla, þar sem kennari frá Pro Golf leiðbeinir þátttakendum námskeiðsins.

Aðspurð hvort virkilega sé þörf á námskeiði sem þessu, þar sem mönnum virðist hingað til hafa nægt að lalla út á völl með pokann í eftirdragi, segir Elvíra Golf Fitness gera upplifunina af íþróttina skemmtilegri í alla staði. „Með þessari tækni má auka ánægjuna og árangurinn enn frekar. Það getur orðið heljarmikið fjör þegar menn geta farið að hlaupa með pokann. Þetta hentar vel fyrir kylfinga á öllum aldri sem vilja komast í gott form.“ *-rve*

**FRÁBÆRT VERÐ Á ÞREKTÆKJUM**

MARKIÐ

FJÖLÞJÁLFAR
UPPSELDIR! koma aftur í lok jan

HANDLÓÐ 10 kg
VERÐ KR. 3.700

VERÐ FRÁ KR. 2.400
ÆFINGABOLTAR

KETTLER-CLASSIC æfingastöð
TILBOÐ 76.320
Með 50 kg lóðasetti

Þrekhjól
VERÐ FRÁ KR. 43.500

MAGAÞJÁLFI
VERÐ KR. 5.300

LYFTINGASTÖÐ
VERÐ KR. 109.000
Æfingastöð sem notar ekki lóð og því alveg hljóðlaus. Minna álag á liðamót.

TILBOÐ 40.630
Með 50 kg lóðasetti
BEKKPRESSUBEKKUR

HLAUPABÖND
TILBOÐ 89.100

www.markid.is

Markið • Ármúla 40 • 108 Reykjavík • Sími 553-5320 • Opnunartími verslunar: Mán. - fös. 10.00-18.00 Laugardaga 11.00-15.00

PIPAR • SÍA • 80003



# NÝ HREYFING

## & nýtt Betra form

Hefst 14. janúar

**8-vikna námskeið fyrir konur – ný og enn betri námskeið í glæsilegu nýju húsnæði Hreyfingar í Glæsibæ.**

**Nýtt – Betra form 6**
Frábær nýjung í Betra form námskeiðunum.
Fjölbreytt, skemmtileg og árangursrík
6 mismunandi æfingakerfi í einu námskeiði:

- Zumba/Body Jam
- Tæbó brennsla
- Body bar blanda
- Mótun
- Hjól og tæki
- Pallabrennsla

Spennandi námskeið með öllu því nýjasta í líkamsræktinni.
Þér leiðist ekki eina sekúndu!

**Betra form – byrjendur**
**Betra form – framhald**
**Morgunhópar**
**Kvöldhópar**

**Barnagæsla** – Glæsileg aðstaða fyrir börnin og sömu góðu barnfóstrurnar.

Allar nánari upplýsingar á www. hreyfing.is eða í síma 414-4000.
Skráðu þig núna í síma 414-4000 eða
með tölvupósti afgreidsla@hreyfing.is.

**Innifalið í öllum Betra form námskeiðum:**

- Þjálfun 3x-5x í viku – frjáls aðgangur að tækjasal og opnum tímum.
- Aðgangur að glæsilegri spa aðstöðu, útipottum og gufum.
- Markviss leið að árangri með réttu mataræði.
- Fræðslufundur með næringarfræðingi.
- Vikuleg vigtun. Ummáls- og fitumælingar í upphafi og við lok námskeiðs.
- Leiðbeiningar um mataræði.
- Þátttakendur halda matardagbók.
- Markvisst fræðsluefni og mikið aðhald.

**Ný heilsulind opnar 7. janúar í Glæsibæ.**





HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is/nyhreyfing




# Fjárhagsleg heilsa þín

skiptir öllu máli!

Byrjaðu á **byr.is**

– kannaðu fjárhagslega heilsu þína
og komdu með í ræktina!

BYR SPARISJÓÐUR

DYNAMO REYKJAVIK

...T Í LUNDÚNUM. ELLEN ER ÞEKKT FYRIR AÐ HAFA VERIÐ ANNAR HELMINGURINN AF PLÖTUSNÚÐATEYMINU ... BÖNDIN, SEM SÝNDUR VAR Á SJÓNVARPSSTÖÐINNI SIRKUS. BERGÞÓRA MAGNÚSDÓTTIR HITTI ELLEN Á DÖG-...LU TÓNLISTARÍVAFI.




**Nauðsynlegt í fataskápinn:** Einfaldir, flottir og þægilegir skór sem passa við allt.

**Eftirlætisflíkin:** Miðað við kuldann sem búinn er að vera er síða dúnúlpan mín sem ég keypti í vetur, eftirlætisflíkin í fataskápnum. Það er alltaf gaman að eiga hlýja flík sem lúkkar.

**Uppáhaldsbúðin:** Hérna heima eru það Spúútnik og KronKron. Í Spúútnik finnur þú það besta í vintage-fatnaði og í KronKron færðu flest öll flottustu hönnunarmerkin í bransanum. Ekki spillir síðan fyrir yndislega fólkið sem vinnur í þessum búðum, hvað þarf maður meir?







...glulega um skoðun í þeim málum og það fer ...lítið eftir því hvað hver og einn er að gera fyrir ...ert „season". En ég verð alltaf jafn sár ef ein...er af uppáhalds hönnuðunum mínum stenst ...ki væntingar mínar," segir Ellen. „Það eru þó ...kkrir sem standa yfirleitt fyrir sínu og ná oft... að koma mér á óvart. Í þeim hópi ber helst ... nefna, Vivienne Westwood, Nicolas Ghesqu...e, Ernu Bergmann, Martin Margiela, Henrik ...oskov,Peter Jensen, Raf Simons, Muiccia, ...ada, Marjan Pejoski, Marc Jacobs, Richard ...coll og Hussein Chalayan. Síðan hefur Elsa ...iaparelli alltaf verið í miklu uppáhaldi og ég ...ist að því hvað hún var langt á undan sinni ...mtíð." Hvað finnst Ellen um íslensku tískuna? ...lendingar eru rosalega meðvitaðir um tísku...strauma, sem mér finnst mjög jákvætt, miðað ... það að við búum á eyju lengst úti í Atlants...fi. Aftur á móti finnst mér að við ættum að ...ra duglegri að styðja við bakið á markaðssetn...gu á íslenskri tísku erlendis. Við eigum alveg ... geta selt íslenska tísku eins og íslenska tón...t."

*Bergthora@frettabladid.is*



# Lúxusjóninn verður að meðaljóni

**Þegar nýtt ár gengur í garð er ekki úr vegi að skoða fyrir hverju þjóðin féll árið 2007 og hvað mun verða aðalmálið 2008. Sirkus leitaði til fjölda fólks úr öllum kimum þjóðfélagsins og bað það um að nefna það sem hæst bar á liðnu ári og hvert þjóðin myndi stefna 2008. Lúxuskerran Range Rover fékk flest stig sem bíll ársins 2007 og voru flestir sammála um að ansi margir þyrftu að gíra sig niður og skipta föðurskipinu út fyrir ódýrara og umhverfisvænna farartæki 2008.**

## 2007

Árið 2007 var ekkert venjulegt ár. Þetta var ekki ár meðaljónsins heldur lúxusjónsins sem naut sín í botn í allri velmeguninni. Árið hófst með þvílíkum látum. Það var þó ekki bara hávaðinn frá tívolíbombunum sem olli ringulreiðinni heldur þaut úrvalsvísitalan upp eins og raketta af stærstu gerð meðan þjóðin gapti af undrun og aðdáun. Hlutabréfagamblarar skáluðu í dýrasta kampavíninu og hlógu að þeim sem geymdu sparifé sitt í öruggri ávöxtun. Þeir sem áttu aðeins minni peninga gátu þó ekki verið minni menn og tóku bara lán til að geta verið jafn arfasmart og hinir moldríku. Þeir sáu fyrir sér að áður en árið yrði búið myndu þeir komast í klíkuna. Velmegunin draup af hverri lifandi veru og það var alveg sama um hvað var rætt, dýru hlutirnir áttu alltaf vinninginn. Kvenpeningurinn sprangaði um með Miu Miu eða Chloé-töskur, með Gucci-sólgleraugu í hárinu, í leggings, leðurstígvélum og í víðum stuttum kjólum í anda sjöunda áratugarins. Svo voru það skræpóttu fötin sem tröllriðu öllu, skærbleikar leggings og marglit hettupeysa, sem eru að komast í flokk með Buffalo-skóm og öðrum tískuslysum. Þjóðin nennti þó ekki að hanga lengi í einu á Íslandi og því urðu ferðalög til fjarlægra landa aðalmálið. Kína og Indland já takk, helst í fylgd með forsetanum eða einhverjum stórlaxinum úr viðskiptalífinu. Þegar leið að sumri fór að bera á óvenju mikilli tjaldvagnasölu enda var enginn maður með mönnum nema eiga eitt slíkt kvikindi, hvort sem græjan var staðgreidd eða sett á 100% lán. Þeir allra hörðustu létu sig hafa það að vinna aukavinnu á Skalla til að geta borgað af herlegheitunum. Þeir sem áttu örlítið meiri aur keyptu sér nokkra hektara með þyrlupalli og flugbraut. Allri velmeguninni fylgdi þó eitt hræðilegt vandamál, sístækkandi vömb og skvapkenndir bossar. Til þess að minnka ummálið flykktist þjóðin í „Boot Camp“ en vandamálið var bara að sökum stöðugra útlandaferða og partíhalds varð mætingin svolítið stopul og því minnkaði vömbin ekki neitt og bossarnir héldu áfram að fylla allt of vel út í niðurmjóu gallabuxurnar. Þegar kom að heimilum sammæltist þjóðin um það að hvítar höldulausar eldhúsinnréttingar væru það eina sem vit væri í og ekki var svarta granítið langt undan. Stofur landsmanna voru fylltar af leðri, helst hvítu eða svörtu og nauðsynlegt var að eiga flatskjá sem þakti heilan vegg. Og svo var það kaffihúsakaffivélin sem var sett beint inn í innréttinguna svo hún klipi ekki af borðplássinu, ilmandi sojalatte heima, er hægt að biðja um eitthvað meira? Þegar líða tók á árið fór þó að halla undan fæti og í örvæntingu sinni byrjuðu menn á því að reyna að losna við Reinsinn áður en bankinn tæki hann upp í hlutabréfaskuld meðan aðrir drukku til að gleyma og þá var gott að eiga sína eigin bjórdælu í kjallaranum.

## 2008

Þjóðin var í hálfgerðu losti þegar hún tók á móti nýja árinu en lúxusjóninn vissi ekki alveg hvernig hann gæti aftur orðið meðaljón og því var ekkert í stöðunni en að gleyma yfirvofandi blankheitum með fullt fangið af flugeldum og byrja að skjóta þessu upp með bros á vör. Timburmenn nýja ársins gerðu þó vart við sig og sumir ákváðu að vera undir sæng í nokkra daga til að hugsa sinn gang. Þeir sem ekki höfðu lesið Leyndarmálið tóku bókina úr plastinu og drukku í sig fróðleikinn áður en þeir pöntuðu sér tíma hjá spákonu til að athuga hvort þetta krepputímabil yrði ekki örugglega stutt. Meðan menn lágu undir feldi komust þeir að því að andlegu jafnvægi yrði aldrei náð innan um svart/hvít leðurhúsgögn og því var rokið á netið og fjárfest í bambuspanil frá Kína til að gera húsið hlýlegra. Á meðan meðaljóninn beið eftir sendingunni hugsaði hann um hvernig hann gæti náð sér á strik án þess að þurfa að vinna eitthvað sjálfur, eða minnka við sig á einhvern hátt.

Árið 2008 verður mikið heilsuár þótt Boot Camp detti algerlega úr tísku. Þeir sem voru á mestri fartinni 2007 ættu að búa sér til matjurtagarð til að ná innri friði. Það verður nefnilega „inn“ að vera meðvitaður um umhverfið og eigin heilsu og það er hægt að slá tvær flugur í einu höggi. Það mun ekkert jafnast á við að geta labbað berfættur út í garð eftir eigin hveitigrasi í pressuna áður en hugleiðsla morgunsins hefst. Þeir best stæðu munu halda til Indlands í leit að innri friði á jógasetri en hinir munu láta sér nægja að labba Fimmvörðuhálsinn í útivistarfötunum frá því í fyrra. Þegar heilsan verður komin í lag, maginn fullur af vítamínum, grænum mat og bætiefnum, verður ekkert annað í stöðunni en að gramsa í geymslunni eftir skvísufötunum sem voru orðin allt of lítil en munu smellpassa í sumar. Til að poppa gömlu skvísufötin upp verða allar gersemarnar úr Tiffany's, Bulgari og Cartier dregnar fram og öllu blandað saman. Þegar kreppir að mun glamúrinn blómstra og því verður 2008 eitt mesta glysár áratugarins ef árið 2000 er mínusað frá. Þegar þjóðin verður komin í svona gott form mun hún ekki hika við að skokka á milli staða og nota umhverfisvæna smábílinn í neyð. Það mun líka algerlega detta úr tísku að fá far með einkaþotum því hugsandi fólk tekur ekki þátt í svona vitleysu.



**Bíll ársins:** Vel pimpaður og stífbónaður Range Rover.

**Flík ársins:** Skræpóttu fötin úr Nakta apanum, eins og þau leggja sig. Fara hiklaust í sama flokk og Buffalo-skórnir frá síðasta áratug og satínskikkjurnar með herðapúðunum frá áratugnum þar á undan.

**Taska ársins:** Stærsta týpan af Miu Miu.



**Innanstokksmunurinn:** Hvít höldulaus eldhúsinnrétting og kristalsljósakróna.



**Ferðalagið:** Kína og Tenerife.





**Aðalverslunin:** Saltfélagið og Kisan.



**Græjan:** Kaffihúsakaffivél fyrir heimilið og bjórdæla fyrir heimilisföðurinn.



**Mesti lúxusinn:** Einkaþotan, sem varð svo að táknmynd umhverfissóðaskapar þegar leið á árið. Flugferð með einkaþotu aðra leiðina til London mengar jafn mikið og jeppi á heilu ári.



**Hárgreiðslan:** Það var enginn töff nema að státa af klippingu í anda Viktoríu Beckham og strákarnir notuðu allt of mikið af hárgeli.



**Drykkurinn:** Kampavín og Mojito.





**Líkamsræktin:** Boot Camp.



**Bíllinn:** Fíat 500 eða umhverfisvænn og sparneytinn smákaggi.





**Græjan:** Tveggja hestafla blandari og endurbætt útgáfa af iPhone.



**Klippingin:** Permanent í heimahúsi.



**Líkamsræktin:** Hugsandi einkaþjálfari og hlátur rope-jóga.

**Ferðalagið:** Fimmvörðuhálsinn og þeir allra múruðustu munu fara til Afríku og ættleiða barn í leiðinni.







**Drykkurinn:** Kókosvatn og vítamínbætt diet-kók.



**Flíkin:** Allt sem hægt er að setja axlapúða í og nóg af glingri.



**Innanstokksmunurinn:** Panill, gamlir fataskápar og speglahúsgögn.

**Aðalverslunin:** Bónus kemur sterkur inn í blankheitunum.

**Mesti lúxusinn:** Að eiga húsnæði og þeir allra efnuðustu munu láta „event“-fyrirtæki skipuleggja fermingar.

# ÚTSALA
# VALHÚSGÖGN

SÓFAR - SÓFASETT - HORNSÓFAR - TUNGUSÓFAR - SVEFNSÓFAR - HVÍLDASTÓLAR - BORDSTOFUHÚSGÖGN - SKÁPAR...

**Opið laugardag 11-16 - Sunnudag 13-16**



**www.valhusgogn.is**
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar

**Valhúsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

# sirkus STJÓRINN

## Hverjir voru hvar?

Sirkusstjórinn sló ekki slöku við þessa fyrstu helgi ársins enda er ekki annað í boði en að halda marineringu jólanna gangandi. Á föstudagskvöld var Boston stútfullur af skemmtilegu fólki sem fagnaði því að jólin væru afstaðin. Vesturports-parið Rakel Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Vesturportsins, og kærasti hennar, Björn Hlynur, leikari og leikstjóri, skemmtu sér konunglega með leikurum úr Jesus Christ Superstar. Á næsta borði sat leikstjórinn Ragnar Bragason ásamt vinum sínum og virtist vera hinn hressasti. Baggalúts-bræðurnir Bragi Valdimar Skúlason og Karl Sigurðsson létu sig heldur ekki vanta á Boston þetta kvöld og voru kampakátir að vanda. Þegar Sirkusstjórinn ætlaði að venda kvæði sínu í kross og kíkja á næsta bar, var ekki hægt að þverfóta fyrir fólki og biðraðirnar virtust alls staðar ná langt út á götu. Sama kvöld létu Sveinn Andri Sveinsson lögmaður og Björn Ársæll Pétursson, útibússtjóri Landsbankans í Hong Kong, fara vel um sig á Salti. En á sama stað mátti sjá glitta í Andrés Pétur Rúnarsson, fyrrverandi fasteignasala. Á Ölstofunni var múgur og margmenni. Þar voru meðal annars Börkur Gunnarsson kvikmyndagerðarmaður, Pétur Blöndal, blaðamaður á Mogganum, og Ólafur Teitur Guðnason hjá Straumi. Eftir vel heppnað kvöld var ekkert annað í stöðunni en að fara snemma heim enda fer það ekki saman að detoxa og hanga á barnum.







# SVALT& *seiðandi*

Sigurganga ítalska fatamerkisins Miss Sixty hefur aukist gríðarlega síðastliðin ár og í dag er það eitt af vinsælustu merkjunum. Stjörnur á borð við Demi Moore, Mischa Barton, Maggie Gyllendal og Hilary Swank hafa tekið ástfóstri við merkið en þær voru fremstar í flokki á tískusýningunni í New York þegar vorlínan 2008 var frumsýnd. Í dag opnar sérstök Miss Sixty verslun í Kringlunni og því þurfa íslenskar dömur ekki að láta sig dreyma um fötin á myndunum heldur látið verkin tala og notið í botn.








G-STAR RAW

REYKJAVIK STORE

LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

Útsala 50%

Flottust !

opið föstudag 10-18.30 og
laugardag 10-17

RAW DEFENDER

marc newson

g-star.com

© 2007 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.





Útsala
30-50 %
afsláttur
nýtt kortatímabil
munthe plus simonsen
COPENHAGEN
Vatnsstíg 3 I 101 Reykjavík I 552 0990
www.muntheplussimonsen.com

# 5 leiðir...

## sem færa þér frægð og frama



Búðu í tjaldi úti í garði heima hjá þér, hringdu síðan beint í Kastljósið og segðu þeim frá uppátækinu. Næsta innslag Kastljósins verður bókað um þig.



Skráðu þig í spurningaleikinn Ertu skarpari en skólakrakki, mættu í mörgæsabúningi í útsendinguna og það munu allir muna eftir þér. Tímarit og dagblöð munu hafa samband við þig og birta mynd af þér í búningnum. Aðgerð sem ætti ekki að klikka - sama hvað...



Opnaðu bloggsíðu og dissaðu Egil Helgason fyrir að vera karlremba. Áður en þú veist af hringir hann í þig og boðar þig í Silfur Egils, þátt sem hálf þjóðin horfir á.



Gefðu út bók sem heitir „Hvernig áttu að fullnægja þér?“. Íslendingar er uppfullir af sjálfum sér og eru til í að kaupa allt sem færir þeim ennþá meiri sjálfselsku og gervihamingju. Bók sem gæti hæglega orðið metsölubók og fært höfundinum ekki einungis landsfrægð heldur líka fullt af peningum.

Keyptu þér poodle-hund og týndu honum svo. Bloggaðu um að einhver ónefndur dýraóvinur hafi sett hundinn í Bónuspoka og látið hann hverfa sporlaust. Tryllt blogghjörðin mun gera þig að þjóðhetju á hálfum sólarhring.





Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus

www.klingenberg.is

# Verður í rosalegu formi 2008

Róbert Wessman forstjóri Actavis er fæddur 04.10.1969. Sigríður Klingenberg segir að hann sé mjög næmur maður og hafi vit á mannfólkinu en þessi hæfileiki hefur reynst honum ofurvel í gegnum tíðina. „Hann er afar góður við starfsfólkið sitt og hann hjálpar því mikið,“ segir Sigríður en þá á hún við að hann sé alltaf tilbúinn til að greiða leið starfsfólksins, sem geri það að verkum að það sé honum afar hliðhollt. „Róbert er geðgóður og brosmildur. Þótt hann hafi notið mikillar kvenhylli í gegnum tíðina er hann alltaf viss um hvernig hann vill hafa sín mál og hefur bara verið ástfanginn af einni konu. Róbert vill hafa mikið fjör í kringum sig og finnst gaman að koma fólki á óvart. Hann á eftir að hjálpa mörgum á toppinn og hans aðalmottó gæti verið, sælla er að gefa en þiggja. Hann hefur mikið flæði í kringum sig og passar sig á því hverja hann umgengst. Hann eyðir ekki tíma í þá sem honum finnst halda sér niðri heldur umvefur sig hirð sinni. Hann hefur komið á óvart á Íslandi en hans verður getið í bókunum sem eins gjafmildasta manns Íslands. Róbert hefur lífstöluna þrjá en sú tala táknar gott hugmyndaflug, sköpunarkraft og gleði. Hann nýtir tímann sinn vel og er að fara inn á sína háandlegu tölu sjö. Hann verður í svo gífurlegu formi þetta árið að Þorgrímur Þráinsson gæti þurft að fara að vara sig,“ segir Sigríður um Róbert.



**RÓBERT WESSMAN NENNIR EKKI AÐ UMGANGAST LEIÐINLEGT FÓLK**
**„Hann verður í svo gífurlegu formi þetta árið að Þorgrímur Þráinsson gæti þurft að fara að vara sig,“ segir Sigríður Klingenberg.**

VOR-OG SUMARLÍNA E-LABEL VÆNTANLEG Á MARKAÐINN

# Mögnuð viðbrögð



Vor og sumarlína E-label kemur á markað í lok febrúar,“ segir Ásgrímur Már Friðriksson fatahönnuður, betur þekktur sem Ási. En E-Label er samstarfsverkefni hans, Ástu Kristjánsdóttur ljósmyndara og Andreu Brabin. Fyrsta fatalína E-Label kom á markað í haust en fötin eru eingöngu seld á netinu. „Við höfum fengið frábærar viðtökur, línan hefur gengið vonum framar og er við það að seljast upp. Við ákváðum að selja fatnaðinn á netinu til að halda verðinu í lágmarki og fyrir vikið getum við selt fötin á 40-50% lægra verði en ef við værum að selja þau í verslun,“ upplýsir Ási ánægður með velgengnina. „Í vor- og sumarlínunni höldum við áfram að vinna á svipuðum nótum og líkt og við gerðum í vetrarlínunni en notum léttari efni,“ segir Ási en E-label leggur mikið upp úr því að bjóða upp á þægileg föt úr góðum efnum. „Í sumarlínunni verður meira af kjólum og toppum. Við höldum áfram með slárnar og hettupeysurnar úr vetrarlínunni sem verða með aðeins breyttu sniði. Við erum aðeins að prófa okkur með að nota ljósa liti með svarta litnum en svarti liturinn heldur engu að síður áfram að vera ríkjandi hjá okkur enda eru Íslendingar svartir,“ bætir Ási við að lokum. Þeir sem ekki hafa ennþá tryggt sér E-label flík geta gert það í dag en þá verður útsala á því litla sem eftir er af vetrarlínunni í Skúlatúni 4, frá kl. 14-16.

*bergthora@frettabladid.is*



**ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR OG ÁSGRÍMUR MÁR**

# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNIN HELDUR GÖNGU SINNI ÁFRAM. HÉR MÆTIR TÓNLISTARMAÐURINN JÓEL PÁLSSON SÍNUM FIMMTA MÓTHERJA, TÖLVUGÚRÚINUM TORFA FRANS ÓLAFSSYNI.

**1. Hvaða heitir bók hjartaknúsarans Þorgríms Þráinssonar sem kom út fyrir jól?**
**2. Hver er fyrirliði íslenska landsliðsins í handbolta?**
**3. Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins var á dögunum sæmdur stórriddarakrossi forsetans, hvað heitir hann?**
**4. Hvaða gamanleik frumsýnir Leikfélag Akureyrar 8. febrúar?**
**5. Hvaða stórleikari fer með hlutverk vísindamannsins Lord Asriel í kvikmyndinni „Gyllti áttavitinn”?**
**6. Hver var kosin(n) Íþróttamaður ársins?**
**7. Hverjir ritstýra DV?**
**8. Söngkonan ástsæla Ellen Kristjánsdóttir sendi frá sér plötu fyrir jól, hvað heitir hún?**
**9. Hvaða breska súpermódel tók nýverið viðtal við forseta Venesúela, Hugo Chavez, fyrir breska tímaritið GQ?**
**10.Hvað heitir forsætisráðherra Breta?**

Rétt svör: 1. Hvernig gerir þú konuna þína hamingjusama. 2. Ólafur Stefánsson. 3. Bolli Þór Bollason. 4. Fló á skinni. 5. Daniel Craig. 6. Knattspyrnukonan Margrét Lára Viðarsdóttir. 7. Feðgarnir Reynir Traustason og Jón Trausti Reynisson. 8. Einhversstaðar einhverntímann... aftur. 9. Naomi Campbell. 10.Gordon Brown.



### Torfi F. Ólafsson 5 RÉTT SVÖR.

1. Hvernig á að stunda kynlíf eins og ég.
2. Ólafur Stefánsson.
3. Man það ekki.
4. Veit það ekki.
5. Daniel Craig.
6. Margrét Lára.
7. Reynir Traustason.
8. Einhversstaðar einhverntímann... aftur.
9. Jordan.
10. Gordon Brown



### Jóel Pálsson 5 RÉTT SVÖR.

1. Konur og takkaskór.
2. Ólafur Stefánsson.
3. Man það ekki.
4. Fló á skinni.
5. Anthony Hopkins.
6. Margrét Lára.
7. Reynir Traustason og Mikael Torfason.
8. Einhversstaðar einhverntímann... aftur.
9. Davíð Þór Jónsson.
10. Gordon Brown.

Jóel Pálsson og Torfi Frans hlutu fimm stig hvor og munu því mætast aftur að viku liðinni.




# Hverfandi munur!

225.206 notendur á visir.is á meðan 262.285 notendur völdu mbl.is
í 1. viku, það er varla höfðinu hærra í samanburði!*

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja visir.is.

vísir.is

...ég sá það á visir.is




STÓR
ÚTSALA
REKKJUNNAR
10-50% AFSLÁTTUR!
COMFORT solutions®
By King Koil®
rekkjan
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is
HEILSURÚM

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta



Til leigu sumarhús af ýmsum gerðum og stærðum í lengri og skemmri tíma. Góð aðstaða til æfinga fyrir kóra og sönghópa bæði í Úthlíðarkirkju og veitingasal. Veitingasala. Gerum hópum föst tilboð. Sjá nánar á www.uthlid.is eða í s. 699-5500

## Hestamennska

Tek að mér hross í hirðingu í vetur. Allar Uppl. í s. 616 1569.

Til sölu stórglæsileg folöld og Trippi. Uppl. í s. 863 0659.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

4ra herb. íbúð á svæði 101 til leigu. Hentar vel fyrir starfsmenn fyrirtækja. 4 stór herbergi. Uppl. í s. 695 1730.

Tvo herbergi laus í 3 svefnherbergja íbúd í Kaupmannahofn. Ég leita eftir samleigjendum til ad leigja med mér mjög fína 120 m2 íbúd í miðborg kaupmannahafnar, í c.a. 5 mínútna göngufjarlægð frá Strikinu og í mjög góðu hverfi. Herbergin eru mjög rúmgód, um 20 m2 hvert. Áhugasamir geta sent mail á s073005@student.dtu.dk og fengid frekari upplýsingar. Íbúdin er laus 1. februar

60 fm2 íbúð m/ 1 svefnhb. til leigu í Hveragerði. Uppþ.vél, þvottavél og ísskápur fylgir með. Laus 1.febrúar. Upplýsingar í s. 004523697060

**Pokdjdo**
Wynajeciana. Tryggvagata 101. Sími 895 0997.

3 herbergja ný íbúð 108m2 + bílageymsla, leigist m. ísskáp, frysti, þvottavél og þurrkara, leigutími 1 ár. Verð 150.000 á mán. innifalið hússjóður. Uppl. í síma 699 2676.

Til leigu mjög falleg 4 herb. 130 fm íbúð á 2. hæð ofarlega á Bergstaðastræti. 2 stór svefnherb., 2 stórar stofur, einstakt útsýni. Húsgögn fylgja. V. 230 þ. á mán. fyrirframgr. 3 mán. + trygging. Meðmæli óskast. Uppl. í síma 0047 90147981.

2 herb. íbúð við Hamraborg Kóp. til leigu. Laus strax. Uppl. í s. 861 6034.

## Húsnæði óskast

**Einstaklingsíbúð óskast**
**Reglusamur, reyklaus einstaklingur óskar eftir íbúð sem first. Flest kemur til greina. Er í traustri vinnu, skilvísum greiðslum heitið. Greiðslugeta 60-70 þús.**
**Áhugasamir hafið samband í síma 847 3860 Oddur.**

Reglusamur maður, óskar eftir 2-3 herb. íbúð miðsvæðis í Rvk. Björn Sími: 896-8934

Góðan daginn við erum 34 & 35 ára par og okkur bráðvantar húsnæði ekki seinna en 10. feb. Greiðslugeta allt að 120 þús. Öruggar greiðslu og meðmæli ef óskað er. (húsnæsði má jafnvel þarnast viðhalds). Erum í síma 857 4797.

Leita að íbúð til leigu á svæði 108-113, langtíma. Skilvís og reyklaus. Verðhugm. 75-95 á mán. Uppl. 694 5678 Elsa.

**Fyrirtæki**
Óskar eftir 3-4 herb. íbúð f. starfsmenn. Fyrir 1 feb. Öruggar gr. Uppl. í s. 896 6676, Trausti.

Ungt skólapar leitar eftir 2 herb. íbúð helst miðsv. Greiðslug. 60-90 þ. Reglusöm og reyklaus. Skilvísum gr. heitið. S. 616 1621, Haffi eða 844 1382, Elín e. kl. 16.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu - Skeifan 9 - 240 fm - 2 hæð - sérinngangur - laust strax - hagstæð leiga - s. 892 5997.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Geymsluhúsnæði til leigu 26 fm. í 104 Rvk. Uppl. í s. 581 4000.

## Gisting

Flóki Inn - Langtíma gisting / Long term rental. Sími:552 1155 - info@innsoficeland.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Vaktstjóri á Pizza Hut Nordica**
Pizza Hut leitar að vaktstjóra í veitingasal á Pizza Hut Hótel Nordica. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 22 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari uppl. hjá Birgir veitingastjóra Pizza Hut Nordica 694-8022 og 533-2002.

**Fullt starf á Pizza Hut Nordica**
Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í fullt starf í veitingasal. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is eða hafið samband við Birgir veitingastjóra Nordica í síma 694-8022 og 533-2002.

**Kaffihúsið Kofi Tómasar frænda,**
**Kaffihúsið Kofi Tómasar frænda, Laugavegi 2, óskar eftir jákvæðum og vinarlegum dyravörðum.**
**Upplýsingar eru á staðnum.**

**Loftorka Reykjavík.**
**Óskar eftir vélamanni á jarðýtu. Matur í hádeginu og heimkeyrsla.**
**Upplýsingar í síma 565 0875 & 892 0525**

**Neglur og list**
**Óskum eftir að ráða snyrtifræðing, naglafræðing, fótaaðgerðafræðing og nuddara til starfa. Einnig vantar manneskju í þrif.**
**Upplýsingar í síma 553 4420 eða á www.negluroglist.is**

**b5**
**Bankastræti**
Óskum eftir starfsfólki í sal og á bar, einnig vantar fólk í uppvask. umsóknir ásamt mynd berist á b5@b5.is.

**Wilson Pizza auglýsir eftir starfsmanni í fullt starf.**
**Um er að ræða í vinnslu og snatti. Einnig vantar fólk í kvöld og helgarvinnu í Gnoðavog og Austurströnd.**
**Umsóknareyðublöð eru á staðnum, einnig upplýsingar í síma 869 2426, Villi.**

**Nýtt bakarí/kaffihús Holtagarðar - Smáralind**
**„Jói FelL" opnar glæsilegt bakarí og kaffihús í Holtagörðum. Okkur vantar starfsfólk í afgreiðslu. Einnig vantar okkur starfsfólk í bakarí okkar í Smáralind strax. Framtíðarstarf.**
**Áhugasamir hafið samband við Lindu v. Holtagarða í s. 863 7579 eða Huldu v. Smáralindar í s. 695 2933 eða á JOIFEL@JOIFEL.IS**

**Helgarstarfsfólk óskast**
Bæjar Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskröftum í afgreiðslu um helgar. www.bakstur.is eða í s. 555 0480, Sigurður.

**Keiluhöllin í Öskjuhlíð**
**Óskar eftir vaktstjórum í kvöld og helgarvinnu.**
**Upplýsingar í síma 864 6112 og á www.keiluhollin.is**

**Vantar þig vinnu með skóla?**
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is.**
**Nánari upplýsingar veitir Helga í síma 696-7005.**
**Aldurstakmark er 16 ár.**

**Vaktstjóri á Subway**
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki á besta aldri með mikla þjónustulund. Um er að ræða hlutastarf sem hentar vel með skóla. Umsóknir fyllist út á www.subway.is. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.**
**Nánari upplýsingar veitir Helga í síma 696-7005.**
**Aldurstakmark er 17 ár.**

**Sveigjanleg dagvinna**
**Subway óskar eftir jákvæðu fólki á besta aldri með mikla þjónustulund. Um er að ræða sveigjanlegan vinnutíma á daginn, 50-100% starf. Góð laun í boði. Hægt er að sækja um á subway.is.**
**Nánari upplýsingar veitir Helga í síma 696-7005.**
**Aldurstakmark er 18 ár.**

**Kvöldvinna - fullt starf.**
**Subway Hringbraut/N1 óskar eftir duglegu og jákvæðu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða fullt starf og er unnið virka daga frá 18-02. Íslenskukunnátta er kostur en ekki skilyrði. Hægt er að sækja um á subway.is.**
**Nánari upplýsingar veitir Helga í síma 696-7005.**
**Aldurstakmark er 18 ár.**

**JC Mokstur**
**Óskum eftir mönnum með vinnuvélaréttindi eða meirapróf. Góð laun í boði, næg vinna.**
**Uppl. í s. 693 2607.**

**Kornið Langarima.**
Kornið óskar eftir starfsfólki í Langarima. Vinnutími frá kl. 13-18:30 virka daga. Góð laun í boði. Upplýsingar í s, 864 1593 Ella.

# ÞJÓNUSTA

**Viltu láta dekra við þig í austurlensku umhverfi þar sem óspillt náttúran er á næsta leiti? Þá er þetta rétti tíminn!**



Laugardaginn 1. desember var opnuð glæsileg snyrtistofa á Hótel Loftleiðum, Dong Fang Salon.
Í boði eru snyrtimeðferðir og nudd.

**ALLAR VAX OG ANDLITSMEÐFERÐIR MEÐ 20% AFSLÆTTI TIL 15. JANÚAR**

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

東方
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

IH ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

# EININGAHÚS



## Kornið Hrísateig
Óskum eftir starfsfólki í afgreiðslu. Vinnutími 07-13 & 13-18. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

## Kornið Hjallabrekku.
Kornið óskar eftir Helgarstarfsfólki í Hjallabrekku. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

## Eldsmiðjan
**Eldsmiðjan auglýsir eftir góðu starfsfólki í sal og útkeyrslu, kvöld og um helgar. Upplýsingar í síma 844 0809, Brynjar.**

## Leikskólinn Ösp
**Leikskólinn Ösp er þriggja deilda leikskóli staðsettur í Fellahverfinu.**
**Við leggjum áherslu á fjölmenningu og jákvætt viðhorf.**
**Okkur vantar frábæra kennara til liðs við okkur.**
**Deildarstjóra ,**
**Leikskólakennara/leiðbeinendur,**
**-Þroskaþjálfa/sérkennara,**
**-Aðstoð í eldhús 50% staða,**
**-Skilastöðu.**
**Upplýsingar gefa Svanhildur og Kristín í síma 557 6989 & 693 9819**

## Rafvirkjar
**óskum eftir rafvirkjum og nemum í fullt starf á höfuðborgarsvæðinu.**
**Uppl. í s. 662 5505**
**Elrey rafmagn**
**elrey@elrey.is**

## Bakarí í Kópavogi
**Röskur og áreiðanlegur starfskraftur óskast í bakarí í Garðabæ. Vaktavinna virka daga frá 06.30-13.00 & 13.00-18.30 & aðrahvora helgi. Ekki yngri en 20 ára.**
**Uppl. í s. 899 8212.**

## Viltu ganga til liðs við okkur?
**Leikskólinn Maríuborg í Grafarholti býður upp á krefjandi og spennandi starfsumhverfi.**
**Leikskólinn Maríuborg**

**Leikur - samskipti - námsgleði.**

**Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 577 1125.**

## Kökuhúsið Auðbrekku
**óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslu starfa. Vinnutími 13-17.30 eða 14-17.30. Gæti hentað með skólafólki.**
**Upplýsingar gefur Örvar í síma 693 9093 og Björk í s. 693 9091.**

DOGMA

## Starfsmaður óskast
**Vantar manneskju í fullt starf við afgreiðslu í Dogma á Laugavegi frá og með 1. febrúar.**
**Umsókn með mynd sendist á dogma@dogma.is**

## American style
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í 100% vaktavinnu. Skemmtilegt vinnuumhverfi, mjög samkeppnishæf laun og frábært folk. Sæktu um á americanstyle.is

## Ritfanga- og leikfangaverslun
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Umsóknir sendist á hugsel@gmail.com merktar „bók".

KRÝSUVÍK- Meðferðarheimilið í Krýsuvík óskar að ráða áfengis-og vímuefnaráðgjafa í fullt starf, sem fyrst.Nánari upplýsingar á netfanginu: lovisa@krysuvik.is

## Gæðabakstur
óskar eftir bakara á dagvakt og aðstoðarfólki í bakarí á næturvakt. Uppl. í s. 898 5204.

Hársnyrtifólk óskast á Hársögu. Hársaga austurstræti 8-10 og radison sas. S. 552 1690 & 896 8562 (Sigrún).

Viljum ráða 2 vana handflakara og fólk vant fiskvinnslu. Uppl. í s. 892 0367

## Blikksmiðjan Borg Mosfellsbæ
Blikksmiður eða vanur maður óskast. uppl. Sigurður S. 896 6800.

## Kaffihús Sandholt Laugavegi
Vantar duglegt og ábyggilegt fólk í störf við afgreiðslu ofl. Sem fyrst. Uppl. í s. 551 3524. Saga eða Ásgeir.

## Vélstjórar.
1. vélstjóra sem leysir af sem yfirvélstjóri, vantar á stórt og öflugt línuskip, lámarks réttindi 750 kw. Nægar aflaheimildir. Upplýsingar á skiifstofu í síma 420 4400 og hjá útgerðarstjóra í síma 898 6825.

Kokk eða matgæðing vantar á veitingarhúsið Amokka, dagvinna. Uppl. í síma 690 2160.

## Hjólagrafa
Vélamaður óskast á hjólagröfu á höfuðborgarsvæðinu. Næg vinna í boði. Uppl. í s. 896 6676.

Need 3-4 workers at a big Car wash. Good salery, lots of work. S. 697 8720.

Vanan stýrimann og einnig vélstjóra vantar á 70 tonna vertíðarbát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522.

Vana menn vantar í fiskvinnslu á Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522.

Vantar starfskraft í skólamötuneyti í FB Breiðholti. Vinnutími frá 4-8. Uppl í s. 892 9814

## Atvinna óskast

Starfsfolk fra Lettlandi: smidir, verkamenn, velamenn, raestingafolk o.fl. S.8457158

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

TANTRA
EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## TILKYNNINGAR



Birna Evelyn

Snyrti og nuddstofan
PARADÍS
Laugarnesvegi 82
S: 553 1330

*LÖGGILTUR FÓTAAÐGERÐAFRÆÐINGUR*

Hefur hafið störf

*Verið velkomin*

# Kór Háteigskirkju

**getur bætt við söngfólki í allar raddir.**
Einhver reynsla af söng og nótnalestri æskileg

Áhugasamir hafi samband við kórstjórann Douglas A. Brotchie í síma 899 4639 og douglas@hateigskirkja.is

Háteigs kirkja

# Efnistaka í Lambafelli

## Tillaga að matsáætlun

Tillaga að matsáætlun vegna Efnistöku í Lambafelli, í landi sveitarfélagsins Ölfuss hefur verið send Skipulagsstofnun til athugunar. Jarðefnaiðnaður er framkvæmdaraðili og Bölti ehf. hefur umsjón með mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Almenningi gefst kostur á að senda athugasemdir við tillöguna til Skipulagsstofnunarinnar, samanber uppgefinn frestur á vefsíðu stofnunarinnar **www.skipulag.is**. Hægt er að skoða tillöguna á heimasíðu Jarðefnaiðnaðar ehf. **www.jei.is** og á Bókasafninu í Þorlákshöfn, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

## ATVINNA



## VANTAR ÞIG VANA MÚRARA?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 420 9500**

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS



## VANTAR ÞIG PÍPULAGNINGARMENN?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 420 9500**

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS



## VANTAR ÞIG VANA SMIÐI?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 420 9500**

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS

Reykjavíkurborg
Menntasvið

# Foldaskóli

**Starfsfólk óskast í eftirfarandi stöður**

- Umsjónarkennari í 8. bekk. Kennslugreinar danska og enska. Staðan er laus nú þegar.
- Umsjónarkennari í 10. bekk frá 10. mars til skólaloka. Kennslugrein náttúrufræði.
- Stuðningsfulltrúi í 70 - 100% starf.

Nánari upplýsingar veitir Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson skólastjóri í síma 540 7600 / 664 8180 eða netfang krbg@foldaskoli.is www.foldaskoli.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

LUSH

**Framsækið fyrirtæki óskar eftir metnaðarfullu og áreiðanlegu starfsfólki í fullt starf og hálft starf.**
Sendið umsókn á annetta@lush.is eða hringja í síma 846 7579

# Hellulagnir

Erum með 4-5 menn vana hellulögnum klára í vinnu.

Uppl í síma 840 -1616
KRAFTAFL EHF

VERKTAKAR MAGNI

**Vantar vanan vélamann og bílstjóra á búkollu til starfa strax**
**Mikil vinna framundan**

Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100

FERSKAR KJÖTVÖRUR

# Verkstjóri

Ferskar kjötvörur hf. óska eftir að ráða verkstjóra til starfa í einni af deildum fyritækisins.

**Umsóknarfrestur er til 15 janúar**

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu fyrirtækisins á Síðumúla 34 í Reykjavík einnig er hægt að senda umsóknir á ingibjorn@ferskar.is.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörn Sigurbergsson í síma 588 7580 eða 660 6320 frá kl. 9-17:00 alla virka daga.

Upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimsíðu þess

**www.ferskar.is**

FERSKAR KJÖTVÖRUR

# Lykilstarfsfólk í samfélaginu

**UMRÆÐAN**
Heimaþjónusta

Öll eigum við það sameiginlegt að vilja vera sjálfbjarga. Það er óhætt að fullyrða að næstum frá fæðingu rembist börn við að skapa sér sjálfstæði, standa á eigin fótum. Og þetta tekst okkur flestum á endanum. Við verðum fullorðin og stöndum undir eigin lífi, stolt og ánægð, komum upp börnum og fylgjumst með þeim vaxa og dafna.

En allir hlutir hafa sinn tíma og þegar færni okkar skerðist, vegna öldrunar, slysa eða sjúkdóma, er mikilvægt að okkur sé mætt af virðingu og tillit tekið til þeirrar eðlilegu þrár okkar að vera sjálfbjarga. Að gæta að því að fólk haldi sinni reisn er lykilatriði og því leggur Reykjavíkurborg áherslu á það að heimaþjónusta og stuðningur við heimilishald séu veitt af nærgætni og vandvirkni.

Einkunnarorð heimaþjónustu Reykjavíkurborgar eru „sjálfshjálp með stuðningi“. Okkar metnaður er að fólk haldi sinni reisn og virðingu. Það er engum hollt að leggjast bara aftur og láta aðra um þrif og heimilishald. Það er mun jákvæðara fyrir líðan og sjálfsmynd fólks að hafa enn tögl og hagldir á eigin heimili. Markmið okkar er að styðja fólk við heimilishaldið án þess að taka yfir þau verk sem fólk getur enn unnið sjálft.

**Lifandi starf**

Við sem störfum í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis erum stolt af samstarfsfólki okkar í heimaþjónustunni. Þetta er öflugt og samhent lið sem vinnur krefjandi vinnu þar sem trúnaður og traust skipta meginmáli. Ekki er aðeins um að ræða kraftmikla og röggsama starfskrafta heldur líka augu okkar og eyru úti meðal þess fólks sem við þjónum. Í gegnum samræður og samveru við þá sem njóta stuðnings og þjónustu getur starfsfólk heimaþjónustunnar eflt þekkingu okkar á þörfum íbúa hverfisins og þannig bætt til muna þá þjónustu sem við veitum.

Heimaþjónustustarfið er ekki aðeins mikilvægt, heldur líka gefandi, þar sem það er liður í því að rjúfa einangrun fólks í samfélaginu og eiga lifandi samskipti við það. Þannig hafa mörg vinatengsl myndast í gegnum starfið, enda er það eðlilegt þegar unnið er með fólki. Það víkkar líka sjóndeildarhringinn að komast í snertingu við ólíka reynslu og upplifun fólks sem er ekki endilega hluti af hinni daglegu hringiðu fjölmiðla og umræðu í okkar samfélagi.

**Símenntun og tungumálanám**

Eldri borgarar og aðrir þeir sem njóta heimaþjónustu hafa bent á mikilvægi þess að starfsfólk heimaþjónustu kunni til verka, sé jákvætt og vel upplýst. Þjónustumiðstöðin leggur því ríka áherslu á að efla þekkingu og menntun starfsfólks. Hálfsmánaðarlega eru haldnir fræðslufundir með starfsfólki um ýmis málefni og er starfsfólk einnig hvatt til símenntunar.

Ljóst er að íslenskt þjóðfélag er að verða sífellt fjölmenningarlegra og því er einnig mikilvægt fyrir okkur að hafa starfsfólk sem talar fleiri en eitt tungumál í þjónustustörfum.

Má í því ljósi nefna að starfsfólk af erlendum uppruna sækir starfstengda íslenskukennslu sér að kostnaðarlausu á vinnutíma. Þannig nýtast kraftar og reynsla þessa starfsfólks betur en áður og starfsfólk og notendur þjónustunnar geta betur miðlað sín á milli reynslu og þekkingu.

**Fagfólk á sínu sviði**

Ekki er sjálfgefið að allir geti orðið starfsmenn í heimaþjónustu, því starfið krefst mikillar hæfni í mannlegum samskiptum, sveigjanleika og nærgætni. Með reynslu, símenntun og stöðugri fræðslu má segja að starfsfólk heimaþjónustunnar verði smátt og smátt fagfólk á sínu sviði. Ennfremur hafa margir menntað sig sem félagsliða en í félagsliðanáminu er einmitt lögð mikil áhersla á margbreytileika í mannlegum samskiptum, mannvirðingu í orði og verki. Í náminu eru einnig kenndar aðferðir til að hvetja þá til dáða sem einhverra hluta vegna hafa einangrast og þurfa stuðning til að koma sér af stað í hreyfingu, félagsstarf eða hvað annað sem hugurinn stendur til.


SIGRÚN INGVARSDÓTTIR


SVAVAR KNÚTUR

**Sparnaður fyrir þjóðarbúið**

Að lokum má nefna það að nyti heimaþjónustu ekki við, myndi þörfin fyrir hjúkrunarrými hér á landi aukast gríðarlega. Það er einfalt reikningsdæmi að sjá það álag sem slík aukning á þörf myndi valda á heilbrigðiskerfinu, enda er kostnaðurinn vegna hjúkrunarrýma margfaldur á við þann kostnað sem stafar af heimaþjónustu. Þess vegna er framlag þessa starfsfólks án nokkurs efa gríðarlega verðmætt, ekki eingöngu með tilliti til vellíðunar og heilsu þeirra sem heimaþjónustunnar njóta, heldur einnig út frá hagsmunum skattborgara. Þannig vinna allir þegar heimaþjónustan stendur sig vel.

*Sigrún er deildarstjóri og Svavar frístunda- og félagsauðsráðgjafi hjá Þjónustumiðstöð Laugardals.*




**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



# Að semja frið við líkamann

**UMRÆÐAN**
Heilbrigði

Fyrir nákvæmlega einum áratug birtist merkileg ritstjórnargrein í einu virtasta læknatímariti heims um gildi þess að strengja heit um að grennast á nýju ári. Farið var yfir rannsóknir á skaðsemi aukakílóa, árangri megrunartilrauna og heilsufarslegum áhrifum þeirra. Því er skemmst frá að segja að megrunartilraunir reyndust óráðleg áramótaheit.

Rannsóknir sýndu að flestir voru komnir í sömu þyngd innan skamms, margir enduðu jafnvel enn þyngri en þeir voru, og heilsufarslegur ávinningur var enginn. Í stað bættrar heilsu og betri líðunar sátu þeir sem reyndu að grennast eftir með sjálfsásökun og vanmetakennd yfir því að hafa mistekist eina ferðina enn. Verst var að viðleitnin til að efla heilbrigði fór einnig fyrir lítið, kannski vegna þess að bættar lífsvenjur voru aldrei markmið í sjálfu sér. Markmiðið var fyrst og fremst að grennast, sem krefst fæðutakmörkunar sem fæstir geta haldið út í lengri tíma.

**Hættulegar þyngdarsveiflur**

Þegar líkaminn líður skort fara af stað lífeðlisleg ferli sem miða að því að takmarka þyngdartap og bæta líkamanum upp það sem tapast. Með öðrum orðum fer líkaminn fljótlega að vinna gegn yfirlýstum markmiðum okkar. Líkaminn bregst við breytingum á orkubúskap rétt eins og hann bregst við breytingum á hitastigi. Hann er afar leikinn í þessu enda byggist hæfni okkar til að lifa af ekki síst á getu líkamans til að bregðast við fæðuskorti. Við fæðuskort fara af stað ferli sem draga úr efnaskiptum, auka nýtingu næringarefna og ýta undir vaxandi matarlöngun. Þetta gerir það að verkum að sífellt erfiðara verður að grennast og nær óhjákvæmilegt er að þyngjast aftur.

Annað sem hafa ber í huga er að þegar við töpum þyngd missum við ekki bara fitu, heldur líka massa úr vöðvum, líffærum og beinum. Þegar við þyngjumst aftur bætum við hins vegar aðallega á okkur fitu. Þetta varpar ljósi á rannsóknir sem sýna aukna dánartíðni í kjölfar þess að léttast og þyngjast á víxl. Þeir sem fara í gegnum miklar þyngdarsveiflur eru í meiri hættu á hjartasjúkdómum og ótímabærum dauða en þeir sem halda sömu þyngd – þótt þeir séu yfir kjörþyngd. Þetta höfðu fyrrnefndir ritstjórar læknatímaritsins á bak við eyrað þegar þeir hvöttu heilbrigðisstarfsmenn til að hafa það í huga, áður en þeir ráðlegðu fólki að fara í megrun, að ef til vill væri meðferðin hættulegri en ástandið sem ætti að laga.


SIGRÚN DANÍELSDÓTTIR

**Að semja frið við líkamann**

Vert er að rifja upp þennan leiðara nú þegar líkamsræktarstöðvarnar keppast um að ýta undir samviskubit yfir jólunum og allir ætla að skapa sér nýjan líkama fyrir nýtt ár. Ekkert hefur breyst á þeim tíma frá því hann birtist og ekkert nýtt komið fram sem rýrir gildi hans. Þvert á móti hafa rannsóknir haldið áfram að staðfesta fyrri niðurstöður. Nú síðast í sumar birtist yfirlitsgrein frá rannsakendum við Kaliforníuháskóla, með þeim lokaorðum að frekari rannsóknir á árangri megrunar væru óþarfar, þar sem áratuga rannsóknir sýndu alltaf sömu niðurstöðu: Megrun er gagnslaus.

Að vera í megrun er eins og að halda niðri í sér andanum. Það er hægt í smástund en fyrr eða síðar nær eðlishvötin yfirhöndinni. Hvernig væri því að strengja öðruvísi áramótaheit í ár? Hvernig væri að semja frið við líkama sinn og einsetja sér að hugsa vel um hann, elska hann og koma fram við hann af virðingu og alúð? Hugsaðu um allt sem líkami þinn hefur gert fyrir þig. Ef þú ert heppin(n) gerir líkami þinn þér kleift að hreyfa þig, skynja, finna til og taka utan um þá sem þú elskar. Hann gerir sjálfstæði þitt mögulegt með því að gera þér unnt að vinna og sjá um þig og þína. Hann græðir sig sjálfur þegar þú meiðist og getur jafnvel sigrast á erfiðum sjúkdómum. Kannski hefur líkami þinn meira að segja búið til nýtt líf.

**Endurnýjaðu tengslin**

Líkami þinn er kraftaverk. Hann er afrakstur milljóna ára þróunar sem hefur gert hann þrautseigan, hraustan, langlífan og afburðahæfan til þess að takast á við umhverfi sitt. Hann er hafinn yfir duttlunga samtímans sem miðast við yfirborðskennd gæði, eins og tísku og útlit. Við ættum öll að leiða hugann að þessu þegar við föllum í þá gryfju að meta líkama okkar fyrst og fremst út frá því hvernig hann lítur út eða hvað hann er þungur. Þegar við hugsum neikvætt um líkama okkar eða tölum illa um hann af því að útlitið veldur okkur vonbrigðum sýnum við honum mikla vanvirðingu. Hlutverk líkamans er ekki að vera sýningargripur. Hlutverk hans er að sinna nauðsynlegri virkni svo þú getir lifað. Líklega hefur líkami þinn sinnt þessu hlutverki með sóma árum saman án þess að þú hafir leitt hugann að því.

Ég vona að þú fagnir nýju ári með því að endurnýja tengsl þín við líkama þinn. Taktu honum eins og hann er – alveg eins og hann hefurt þolað súrt og sætt með þér í gegnum árin. Láttu þér þykja vænt um hrukkurnar, fellingarnar og krumpurnar nákvæmlega eins og þær eru og einsettu þér að hugsa um líkama þinn eins og ástkæran vin. Gefðu honum gott að borða, næga hvíld og regluleg átök sem efla hann til dáða. Mundu að heilbrigði skiptir meira máli en holdafar. En umfram allt skaltu gefa líkama þínum hlýjar hugsanir og þakklæti fyrir að vera til. Hann mun launa þér með betra lífi.

*Höfundur er sálfræðingur.*






# Blómstrandi bákn

**UMRÆÐAN**
Heilbrigðismál

Ósjaldan verður okkur starfsmönnum á „gólfinu“ í heilbrigðisgeiranum orðfall yfir tilskipunum að ofan. Slíkt gerðist hjá undirrituðum nú í tvígang í desember á nýliðnu ári og er það tilurð þessarar greinar.

Þann 11. desember 2007 barst undirrituðum dreifibréf Landlæknis, sem sent var á framkvæmdastjóra og yfirlækna heilsugæslustöðva um landið, þar sem vitnað er í ný lög um Landlækni númer 41 frá 2007. Þar er rætt um slysaskrá Íslands sem miðlægan gagnabanka hvar leitast verður við að samræma skráningu slysa, en að áliti þeirra sem semja þessi lög þá séu þau forsenda þess að draga megi úr slysum í framtíðinni eða koma í veg fyrir þau eins og segir í umræddu bréfi Landlæknis.


ÞORSTEINN JÓHANNESSON

Undirritaður er sammála því að forsenda framfara í slysavörnum sé m.a. sú að slys séu skráð á þann hátt að síðar meir séu upplýsingar um þau aðgengilegar.

Ár hvert eru tæplega 1.000 slysadeildarkomur skráðar á Sjúkrahúsinu á Ísafirði en einnig er talsvert um að einstaklingar sem hafa slasast við leik eða störf leiti beint á Heilsugæsluna þannig að gera má ráð fyrir að slys sem þá ætti að skrá samkvæmt tilmælum Landlæknis gætu verið um 1.200 á ári á Sjúkrahúsinu og Heilsugæslustöðinni á Ísafirði. Til glöggvunar er rétt að geta þess að öll slys eru skráð undir nafni viðkomandi einstaklings en ekki í svokallaðan miðlægan gagnagrunn þannig að hin nýja slysaskráning er viðbót við umönnun hvers slasaðs einstaklings. Gera má ráð fyrir að skráning í þetta nýja kerfi taki a.m.k. 8 mínútur fyrir hvert slys (sumir segja 15 mín.) og því er um að ræða aukningu á vinnu, sem nemur 9.600 mínútum á árs grundvelli eða 160 vinnustundum. Það þýðir að þessi nýja tilskipun eykur vinnuframlag Heilsugæslu og Sjúkrahúss á Ísafirði um 1 mannmánuð á ári.

Undirrituðum er það stórlega til efs að fulltrúar löggjafarsamkundunnar er samþykkja lög sem þessi geri sér yfir höfuð grein fyrir hvað ýmsar samþykktir þeirra hafi í för með sér. Í nýjum fjárlögum er ekki að sjá merki þess að tekið hafi verið tillit þess kostnaðarauka, sem lög þessi hafa í för með sér.

Hitt atriðið sem er tilefni þessara skrifa er svo ný reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins sem tók gildi 1. janúar 2008. Megin inntak þessarar reglugerðar er það að komur einstaklinga að 18 ára aldri til Heilsugæslu, slysadeilda og göngdeilda sjúkrahúsa eru þeim án kostnaðar.

Til að mæta tekjuskerðingu eru gjöld á einstaklinga eldri en 18 ára og ellilífeyrisþega hins vegar hækkuð. Fullyrða má að þessi breyting á hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu mun stórauka álag á starfsfólk heilsugæslustöðva og án efa seinka því að veikir einstaklingar fái tíma hjá heilsugæslulækni. Undanfarin ár hefur verið hávær umræða um hversu erfitt sé að fá tíma á heilsugæslustöðvum a.m.k. á suðvesturhorninu og má vænta þess að hin nýja reglugerð geri ástandið verra fremur en að bæta það. Tíminn á eftir að leiða í ljós hvort reglugerð þessi komi til með að skerða sértekjur heilsugæslustöðva eða heilbrigðisstofnana, en allar líkur eru á að svo verði. Nær hefði verið að lækka upphæð þá sem veitir einstaklingum rétt til svo kallaðs afsláttarkorts heldur en að fara út í endurgjaldslausa þjónustu. Oft má ætla að hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri gjörir.

*Höfundur er lækningaforstjóri Heilsugæslu og Sjúkrahússins á Ísafirði.*


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



Umhverfissvið skiptir um umhverfi

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar flytur í nýtt og glæsilegt húsnæði á Höfðatorgi.

Vegna flutninganna eru afgreiðsla og skrifstofur lokaðar föstudaginn 11. janúar. Við opnum aftur mánudaginn 14. janúar í Borgartúni 10-12 og biðjum viðskiptavini að sýna biðlund.

Erindum verður svarað í þjónustusíma Reykjavíkurborgar: 411 1111.

Helstu verkefni Umhverfissviðs eru:
Heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlit, náttúruvernd og garðyrkja, sorphirða frá heimilum, dýraeftirlit, Vinnuskóli Reykjavíkur, Staðardagskrá 21, Náttúruskóli Reykjavíkur og umferðar- og samgöngumál.

Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is og í síma 411 1111

Reykjavíkurborg
Umhverfissvið



WLU 600 - 700 - 900 Fáanlegt í eik-hvítt og svörtu

**SÉR-TILBOÐ!**

## bað innréttingar

# Eitt flottasta úrval landsins

Mikið úrval fyrir öll baðherbergi • til afgreiðslu af lager



WLU 147 Neðri skápur með handl. 61x48
Eik **34.300,-** stgr.



WLU 125 Neðri skápur m handl. 45x30
Eik **23.900,-** stgr.



WLU 06A 120 sm
Eik **58.900,-** stgr.



WLU 06A 120 sm
Hvítt háglans **58.900,-** stgr.



WLU 147 61x48 +25 sm
Hvítt háglans/eik **49.900,-** stgr.



WLU 147 61x48 +25 sm
Eik **49.900,-** stgr.



K-W049
Hvítt háglan **105.900,-** stgr.



K-W056
Rautt háglans **98.900,-** stgr



WLU 125
45 x 30 sm
Eik
**27.900,-** stgr

**www.i-t.is**

**INNRÉTTINGAR & TÆKI**
*- fyrir þitt heimili*

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.533 **+1,18%**

**Fjöldi viðskipta:** 1.039
**Velta:** 14.384 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **SPRON** | 4,04% | **ATLANTIC AIRWAYS** | 7,57% |
| **ICELANDAIR** | 2,67% | **ATLANTIC PETROL.** | 5,30% |
| **GLITNIR** | 2,02% | **ICELANDIC GROUP** | 4,31% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 9,50 -1,25% ... Bakkavör 52,30 +1,95% ... Eimskip 32,60 -1,21% ... Exista 15,20 +1,33% ... FL Group 11,50 +1,5% ... Glitnir 20,20 +2,02% ... Icelandair 26,95 2,67% ... Kaupþing 745 +0,68% ... Landsbankinn 32,05 +1,42 ... Marel 1002 +2% ... SPRON 7,99 +4,04% ... Straumur-Burðarás 13,6 +0,69 ... Össur 96 +1,05% ... Teymi 5,78 +1,4%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Forstjórar á lausu

Margir pirrast yfir háum launum forstjóra. Það er nú samt með forstjórana eins og þjálfara þekktra íþróttafélaga að þeir eru fljótir að fjúka þegar á móti blæs. Er það meðal annars réttlætingin á hárri umbun fyrir starf þeirra. Nú er farið að blása hraustlega á toppnum þótt flestir forstjórar standi fast í lappirnar. Þó eru nokkrir á lausu. Hannes Smárason hætti á síðasta ári sem forstjóri FL Group. Jón Karl Ólafsson hættir fljótlega hjá Icelandair. Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Gnúps, er orðinn verkefnalaus. Bjarni Ármannsson er að sinna sínum einkamálum eftir brotthvarf úr REI. Starfskraftar Óskars Magnússonar eru vannýttir eftir TM-brotthvarfið. Ekki hefur sést til Friðriks Jóhannssonar, fyrrverandi forstjóra Straums, lengi. Það eru sem sagt margar sætar stelpur eftir á ballinu eftir að ljósin hafa verið kveikt.



### Endurskipulag heimasíðu

Gnúpur fjárfestingarfélag hefur ekki aðeins endurskipulagt reksturinn heldur einnig heimasíðuna. Svo virðist sem skarpur niðurskurður á allri starfsemi félagsins endurspeglist í andliti þess á veraldarvefnum. Búið er að taka út allar upplýsingar um eigendur, stjórn, starfsmenn og hvar skrifstofur félagsins eru. Kannski ekki nema von þar sem starfsemin hefur verið svæfð og starfsmönnum sagt upp. Á heimasíðunni stóð meðal annars: „Gnúpur er eitt stærsta fjárfestingarfélag á Íslandi að teknu tilliti til eigna." Þær eignir eru foknar út í veður og vind. Eignir hafa hrapað í verði og verið seldar fyrir skuldum. Sú frétt rataði á síður erlendra viðskiptablaða eins og Financial Times í gær.

## MARKAÐSPUNKTAR

Gjaldþrotaskiptum er lokið á þrotabúi Tímaritaútgáfunnar Fróða. Forgangskröfur upp á 6,1 milljón króna greiddust að fullu og tæpar 6 milljónir upp í veðkröfur. Almennar kröfur námu tæpum 315 milljónum króna og greiddust upp í þær tæpar 146 milljónir, 46 prósent.

Greiningardeild Glitnis hefur hækkað verðmatsgengi Alfesca úr 5,9 krónum á hlut í september í 6,1 krónu á hlut. Félagið er þannig talið 35,9 milljarða króna virði, en gengið er 12 prósentum undir nýlegu gengi á markaði.

Um leið hækkar Glitnir markgengi Alfesca til 12 mánaða í 7,2 krónur á hlut. „Við teljum að spennandi tímar séu fram undan hjá Alfesca," segir Glitnir og vísar meðal annars til kaupviðræðna Alfesca við eigendur Oscar Mayer Ltd í Bretlandi.

# FL seldi fyrir hrunið

Verðmæti hlutar FL Group í bandarísku flugrekstrarsamstæðunni AMR, móðurfélagi American Airlines, hefur rýrnað um 61 prósent frá því fjárfestingafélagið flaggaði fyrst í samstæðunni undir lok næstsíðasta árs. Ætla má að verðmæti eftirstandandi 1,1 prósents hlutar FL Group í félaginu nemi rúmum tveimur milljörðum króna.

Gengi hlutabréfa í AMR féll í vikunni og hafði um tíma ekki verið lægra í tæp þrjú ár. Það tók flugið í gær og hafði hækkað um rúm átta prósent um miðjan dag.

FL Group flaggaði tæpum sex prósenta hlut í samstæðunni í enda árs 2006 en jók hann fljótlega í 9,3 prósent. Ætla má að meðalverðmæti eignarinnar hafi numið um 45 milljörðum króna þegar mest lét. Gengi AMR lækkaði hins vegar mikið í fyrra og losaði félagið sig við allt nema 1,1 prósent í félaginu í lok nóvember.



**JÓN SIGURÐSSON, FORSTJÓRI FL GROUP** Gengi bréfa í bandarísku flugrekstrarsamstæðunni AMR hefur fallið um 45 prósent síðan FL Group seldi stærstan hlut sinn í samstæðunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bókfært tap nam 15 milljörðum króna við söluna, samkvæmt tilkynningu FL Group. Gengi AMR hefur fallið í kringum 46 prósent síðan þá og má ætla að sjö milljarðar króna hefðu bæst við tapið hefði ekki komið til sölunnar. **- jab**

# Skip bilaði í lok tímabils

Eimskip hefur lagt niður vöruflutningaleið milli borga í Nýja Englandi í Bandaríkjunum og Halifax í Nova Scotia í Kanada. Frá þessu greindi á Containerisation International (ci online), breskur upplýsingavefur um farmflutninga, á föstudag og segir breytinguna „fyrirvaralausa".



**Í NÝJA SKOTLANDI** Borgin Halifax í Nova Scotia í Kanada er í senn háskólabær og sjávarþorp. Þá er borgin miðstöð fyrir flutninga á austurströnd landsins.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Um var að ræða svokallaða New England Canada Express-leið sem þjónustaði önnur flutningafyrirtæki. Í frétt CI kemur fram að önnur flutningafyrirtæki „séu strand" eftir ákvörðun Eimskips. Fluttar voru vörur fimm sinnum í viku milli borganna Boston og Portland í Bandaríkjunum og Halifax í Kanada og notað til þess eitt skip.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun þó hafa verið nokkur fyrirvari á ákvörðun Eimskips og búið fyrir nokkru að ákveða að fella niður flutningaleiðina og upplýsa viðskiptamenn um það. Skipið sem notað var í flutningana mun hins vegar hafa bilað undir lok tímabilsins og siglingum því hætt fyrr en áætlað var. **- óká**

# Sveiflur krónunnar ástæðan fyrir evru

„Íslenska krónan er sveiflukennd og við viljum gera upp í okkar stærstu mynt," segir Jónas Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Kaupþings.

Hann segir að 80 prósent eigna bankans séu í erlendri mynt. „Falli krónan um tuttugu prósent þá lítur svo út sem erlendar eignir, í krónum, hafi aukist, þrátt fyrir að vöxtur hafi kannski verið enginn. Þetta getur gefið skakka mynd af bankanum," segir Jónas.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins heimilaði Ársreikningaskrá, með skilyrðum, að Kaupþing fengi að færa bókhald sitt í evrum. Seðlabankinn lagðist gegn þessu í umsögn sinni.

Skilyrði Ársreikningaskrár voru þau að Kaupþing lyki fyrst yfirtökunni á hollenska bankanum NIBC. Svar Ársreikningaskrár barst Kaupþingi milli jóla og nýjárs, svo ekki þótti gerlegt að skipta um uppgjörsmynt fyrir áramótin. Allt árið þarf að gera upp í sömu mynt.



**JÓNAS SIGURGEIRSSON** Sveiflur á gengi krónunnar geta verulega skekkt myndina af bankanum þar sem megnið af eignum hans eru í erlendri mynt.

Kaupþing kærði ákvörðun Ársreikningaskrár til fjármálaráðherra sem mun úrskurða í því á næstu vikum. **- ikh**

# Spornað við verðbólgu

**Englandsbanki og evrópski seðlabankinn héldu stýrivöxtum óbreyttum í gær þrátt fyrir kröfu um lækkun. Verðbólguþrýstingur í skugga samdráttar stýrir ákvörðun bankanna. Seðlabankastjóri Bandaríkjanna gaf í skyn í gær að vaxtalækkun þyrfti að koma til vegna ástandsins á fjármálamarkaðnum og minnkandi atvinnu.**



**JEAN-CLAUDE TRICHET** Bankastjóri evrópska seðlabankans sagði í gær svo geta farið að bankinn hækkaði stýrivexti á næstu mánuðum til að sporna við verðbólguþróun.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Bankastjórn Seðlabanka Evrópu mun grípa til aðgerða gegn öllu því sem mun riðla stöðugleikanum," sagði Jean-Claude Trichet, bankastjóri evrópska seðlabankans í gær og átti þar við verðlagshækkun og launaskrið sem gæti ýtt verðbólgu fram af fullum þunga.

Verðbólga mældist 3,1 prósent á evrusvæðinu á síðasta ári, sem er 0,9 prósentustigum yfir verðbólgumarkmiðum bankans. Verðbólguþrýstingur í hagkerfinu vó þyngra á metunum en yfirstandandi lausafjárþurrð og lélegt aðgengi að ódýru lánsfé í skugga samdráttar þegar kom að ákvörðun bankans að halda stýrivöxtum óbreyttum í fjórum prósentum, að sögn Trichets. Hann útilokaði ekki að bankinn hækkaði vexti á næstu mánuðum til að sporna við þróuninni.

Ákvörðun og rökstuðningur bankastjórnar evrópska seðlabankans er í takt við niðurstöðu Englandsbanka, sem sömuleiðis ákvað í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum í 5,5 prósentum. Markaðsaðilar, sér í lagi í smásölugeiranum, kröfðust hins vegar að bankinn lækkaði vextina í því skyni að blása lífi í einkaneyslu, að sögn Bloomberg.

Jólaverslun í Bretlandi var í heildina undir væntingum markaðsaðila og segja stjórnendur það skrifast á háa vaxtabyrði og verðlagshækkanir sem hafi valdið því að neytendur haldi að sér höndum. Útlit er fyrir erfitt ár hjá breskum verslunum verði ekkert að gert, samkvæmt ráðamönnum í bresku atvinnulífi.

Áður en vaxtaákvörðun lá fyrir í gær voru væntingar um að Englandsbanki myndi gefa eftir og fylgja fordæmi bandaríska seðlabankans sem hefur lækkað stýrivexti þrívegis um eitt prósentustig vegna lausafjárþurrðar á fjármálamörkuðum í kjölfar vanskila á bandarískum undirmálslánamarkaði. Vaxtaákvörðunardagur er í Bandaríkjunum 30. janúar næstkomandi og reikna flestir með lækkun upp á fjórðung úr prósenti til að sporna við því að lausafjárþurrðin smitist að fullu út í efnahagslífið.

**jonab@frettabladid.is**

# Þörf fyrir þriðja strenginn

„Það kemur að þörfinni fyrir þriðja strenginn," segir Örn Orrason hjá Hibernia. Fyrirtækið hyggur á lagningu sæstrengs hingað til lands og er langt komið í undirbúningi.

Farice hefur tilkynnt um að nýr strengur verði lagður héðan til Danmerkur.

„Verkefnið kostar með öllu um sex milljarða króna," segir Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Farice.



**GUÐMUNDUR GUNNARSSON**

Fyrirtækið hefur samið við bandaríska fyrirtækið Tyco Telecommunications um að hanna, búa til og leggja strenginn sem verður ríflega 2000 kílómetra langur. Vinnuheiti strengsins er Danice.

Framkvæmdir eru þegar hafnar og er bandaríska fyrirtækið nú að búa strenginn til.

Strengurinn á að liggja frá Landeyjum, norður fyrir Færeyjar, þaðan í Norðursjó og koma að landi í Danmörku.



**SÆSTRENGUR LAGÐUR** Rétt tæp fjögur ár eru síðan Farice-sæstrengurinn var tekinn í notkun. Hann sést hér tekinn í land við Skotlandsstrendur. Nú hefur verið samið um nýjan streng héðan til Danmerkur.
MYND/FARICE

Stefnt er að því að ljúka botnrannsóknum í næsta mánuði, segir Guðmundur, og hefja framkvæmdir við að leggja strenginn næsta sumar. Taka á strenginn í notkun í byrjun næsta árs.

Rætt hefur verið um að nýr sæstrengur ætti að kosta í kringum þrjá milljarða króna. Guðmundur segir að sú tala hafi átt við allt annan streng, aðra leið og minni flutningsgetu. Danice eigi að geta flutt milli sex og sjö sinnum meira en Farice gerir nú. „Þetta eykur öryggi gagnaflutninga hingað til lands verulega og er algjör forsenda fyrir því að netþjónabú geti starfað hér," segir Guðmundur.

Örn Orrason segir að netþjónabú geri miklar kröfur og til þess að uppfylla ítrustu kröfur þurfi landið að vera þrítengt í framtíðinni. **- ikh**

# Frábært verð!

40% afsláttur

**635** kr/kg. áður 1.059 kr/kg.
Goða blandað hakk

35% afsláttur

**349** kr/kg. áður 538 kr/kg.
Goða lambasúpukjöt - Blandað

25% afsláttur
Frábærtverð!

**599** kr/kg. áður 799 kr/kg.
Skinney ýsubitar - 1 kg.

# Kjúklingaveisla

35% afsláttur

**1.643** kr/kg. áður 2.527 kr/kg.
Ísfugl kjúklingabringur - án skins

35% afsláttur

**454** kr/kg. áður 699 kr/kg.
Matfugl kjúklingaleggir

35% afsláttur

**207** kr/kg. áður 319 kr/kg.
Matfugl kjúklingavængir

70% afsláttur

**70% afsláttur**
Campagna vörur

50kr afsláttur
Frábært verð!

**249** kr/stk. áður 299 kr/stk.
Chicago Town þunnbotna pizzur

70kr afsláttur

**99** kr/stk. áður 169 kr/stk.
Toppur 2 ltr.

30% afsláttur

**244** kr/kg. áður 349 kr/kg.
Græn vínber

40% afsláttur

**299** kr/ks. áður 499 kr/ks.
Klementínur - 2,3 kg

33% meira magn!

**179** kr/pk.
Finish uppþvottavéladuft - 1 kg.

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda:10. janúar til 13. janúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

**NÁTTÚRUFRÆÐINGURINN STEINÞÓR SIGURÐSSON FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1904.**

*„Það verður að teljast skylda okkar sem menningarþjóðar að þekkja sem ítrast okkar eigið land.“*

***Steinþór lést við myndatöku á Heklugosinu 1947 þegar hann varð fyrir glóandi hraunhellu.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 11. JANÚAR 1964

# Fyrsta skýrslan um skaðsemi reykinga kemur út í Bandaríkjunum

Þennan dag árið 1964 sendi nefnd, sem Luther Leonidas Terry, fyrrverandi landlæknir Bandaríkjanna, hafði skipað, frá sér skýrslu þess efnis að reykingar gætu haft alvarleg áhrif á heilsu fólks. Skýrslan átti eftir að hafa mikil áhrif um allan heim og enn í dag styðjast heilbrigðisstofnanir um allan heim við hana.

Terry hafði lengi haft vitneskju um skaðleg áhrif reykinga en bresk heilbrigðisnefnd hafði í byrjun sjöunda áratugarins birt skýrslu þar



sem reykingar voru meðal annars taldar geta valdið lungnakrabbameini og bronkítis. Í kjölfar þess tók nefnd Terry til starfa. Árið 1964 skilaði hún skýrslunni þar sem niðurstöður bresku nefndarinnar voru staðfestar.

Samkvæmt nýju skýrslunni var ýmislegt sem benti til þess að reykingar gætu valdið lungnakrabbameini og krónísku bronkítis sem og öðrum sjúkdómum. Þar á meðal lungnaþembu, hjarta- og æðasjúkdómum og ýmiss konar krabbameinum.

## MERKISATBURÐIR

**1897** Leikfélag Reykjavíkur stofnað.

**1922** Insúlín er notað í fyrsta sinn til að vinna á sykursýki í manni.

**1944** Togarinn Max Pemberton frá Reykjavík ferst undan Snæfellsnesi með allri áhöfn, 29 manns.

**1973** Réttarhöld í Watergatemálinu hefjast.

**1974** Fyrstu sexburar, sem lifa af fæðast í Höfðaborg í Suður-Afríku.

**1980** Nigel Short, þá fjórtán ára, verður alþjóðlegur skákmeistari yngstur allra.

**1993** 910-920 millibara lægð gengur norður með Austurlandi. Þetta var dýpsta lægð sem vitað var um yfir Norður-Atlantshafi.

## AFMÆLI

**Þorsteinn Hilmarsson** upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar 51 árs.



**ÁGÚST EINARSSON** prófessor 56 ára.





**PATRICK DEMPSEY** leikari 42 ára.



**GUNNAR SMÁRI EGILSSON** fjölmiðlamaður 47 ára.

# Metaðsókn í landbúnað

Metaðsókn var að námi við LandbúnaðarháskólaÍslands á síðasta ári. Umsóknir í háskólanám þar hafa aldrei verið fleiri eða undirbúningur umsækjenda betri og komust færri að en vildu.



Umsóknir fyrir nám næsta haust eru þegar farnar að berast.

Aðsókn í náttúru- og umhverfistengt nám hefur aukist ár frá ári. Að sögn Álfheiðar Marinósdóttur, kennslustjóra LbhÍ, skilur ungt fólk æ betur þýðingu þess að leggja stund á náttúrufræði, skógfræði og umhverfisskipulag enda séu atvinnumöguleikar í þessum greinum með ágætum. Þá fari einnig margir nemenda skólans áfram í meistaranám. „Raunar má taka svo djúpt í árina að segja að þar hafi orðið sprengja. Æ fleiri vilja bæta við sig í námi enda er af nógu að taka,“ segir Álfheiður.

Aðsókn að hefðbundnu búvísindanámi hefur haldist nokkuð stöðug en síðastliðið haust var farið af stað með nýtt nám í hestafræðum sem strax frá upphafi hefur notið mikilla vinsælda. Auk mikillar aðsóknar í háskólanámið hefur þeim fjölgað sem stunda starfsmenntanám í búfræði.

GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR KONSERTMEISTARI: Á SEXTUGSAFMÆLI

# Taílandsferð og tónleikar

Guðný Guðmundsdóttir, konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands, er sextug í dag. Hún ætlar að eyða deginum í faðmi fjölskyldunnar en er svo með ýmislegt á prjónunum næstu vikurnar. „Ég á von á nánustu fjölskyldu minni í mat í kvöld en síðan tókst mér að tæla manninn minn með mér til Taílands. Við förum reyndar ekki fyrr en eftir nýárstónleika Tríós Reykjavíkur í Hafnarborg þann 20. janúar. Markmiðið er að komast langt í burtu og slaka vel á, jafnvel í taílensku nuddi,“ segir hún dreymin. „Við erum að sækjast eftir algeru letilífi í góðu veðri og gaman að prófa það,“ bætir hún við.

Í mars verður Guðný svo með tónleika í Salnum í Kópavogi þar sem gamlir og nýir nemendur hennar munu meðal annars heiðra hana með því að koma fram. „Svo stendur Tríó Reykjavíkur, sem ég skipa ásamt manninum mínum Gunnari Kvaran sellóleikara og Peter Máté píanóleikara, einnig á tímamótum en það er tuttugu ára á árinu. Við verðum með afmælistónleika 20. apríl og þar munum við meðal annars frumflytja nýtt tríó eftir Hafliða Hallgrímsson,“ segir Guðný. Lífið mun svo hafa sinn vanagang en fyrir utan það að vera í Sinfóníunni kennir Guðný á fiðlu og er auk þess umsjónarmaður fiðludeildar Listaháskóla Íslands.

Guðný hefur gegnt starfi konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitarinnar síðan 1974. „Þetta hefur í senn verið fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt starf. Það er búið að vera ótrúlegt að fylgjast með heilli hljómsveit komast á legg. Hún var stofnuð árið 1950 og var því aðeins byrjuð að dafna þegar ég kom til starfa,“ útskýrir Guðný. Hún hafði reyndar verið viðloðandi hljómsveitina frá fimmtán ára aldri en þá hóf hún störf sem lausamanneskja. Þegar Guðný var sextán og sautján lék hún nær alla tónleika með hljómsveitinni og þekkti því vel til þegar hún kom frá Bandaríkjunum eftir sjö ára framhaldsnám.

Guðný segir mörg spennandi verkefni fram undan hjá hljómsveitinni eins og ævinlega og bindur hún miklar vonir við nýtt tónlistarhús sem brátt mun rísa. „Undanfarin ár hefur líka verið mikil hreyfing í þá átt að brjóta upp þetta hefðbundna og stífa tónleikaform og finna nýjar leiðir til að leyfa fólki að njóta tónlistar. Við höfum til dæmis verið að virkja börnin, farið inn í skólana og bryddað upp á ýmsum nýjungum á tónleikum,“ útskýrir hún.

Guðný horfir björtum augum til framtíðarinnar og segir íslenskt tónlistarfólk standast alþjóðlegan samanburð með miklum sóma. „Við eigum mikið af frábæru tónlistarfólki og því er bara að fjölga. Mér finnst fólk ótrúlega duglegt að búa sér til verkefni og fjármagna þau og get ég nefnt kammersveitina Ísafold sem dæmi en í henni eru fulltrúar ungu kynslóðarinnar,“ segir Guðný. „Ég get nefnt fjölmörg önnur dæmi og hef ekki áhyggjur af framtíðinni. Mér finnst íslenskt tónlistarlíf standa í miklum blóma.“

vera@frettabladid.is



**KONSERTMEISTARINN** Guðný hefur verið konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands í rúm þrjátíu ár og segir ótrúlegt að hafa fylgst með heilli hljómsveit komast á legg.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



*Þökkum samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Halldóru F. Þorvaldsdóttur**

dvalarheimilinu Hlévangi, Keflavík, áður til heimilis Landakoti, Sandgerði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á dvalarheimilinu Hlévangi í Keflavík fyrir einstaka umönnun og alúð í starfi.

**Hrefna Magnúsdóttir** **Viðar Markússon**
**Sigríður Á. Árnadóttir**
**Þorvaldur Árnason** **Auður Harðardóttir**
**Magnea Árnadóttir**
**Katrín H. Árnadóttir** **Helgi Laxdal**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Guðjón Þorsteinsson**

Hamrabergi 6, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans, Landakoti, þriðjudaginn 11. janúar.

**Lilían Kristjánsson**
**Hörður Guðjónsson** **Brynhildur Sveinsdóttir**
**Jóhanna Guðrún Guðjónsdóttir**
**Guðmundur Jón Guðjónsson** **Dóra Magnúsdóttir**
**Ásta Kristjana Guðjónsdóttir** **Jóhann Gestsson**
**Þorsteinn Sigurður Guðjónsson**
**og barnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og dóttir,*

**Ingibjörg Árnadóttir**

Laufskógum 40, Hveragerði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 8. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðmundur F. Baldursson**
**Rósant Guðmundsson** **Edda Rúna Kristjánsdóttir**
**Heiða Margrét Guðmundsdóttir**
**Valdemar Árni Guðmundsson**
**Enea og Mía Rósantsdætur**
**Hallfríður Bjarnadóttir**



*Maðurinn minn,*

**Sigurjón Sigurðsson**

Læk, Skíðadal,

lést sunnudaginn 6. janúar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin fer fram frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 12. janúar kl. 13.30. Jarðsett verður í Vallakirkjugarði. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á Björgunarsveitina á Dalvík.

**Elínborg Gunnarsdóttir og fjölskylda.**

erum og verðum

# ALLTAF ÓDÝRARI

## ACER ASPIRE 5520-20

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

- 1.6Ghz AMD Turion64 X2 TL-52
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 160GB SATA 5400rpm
- Geforce 7000M allt að 752MB
- 15.4" CrystalBrite skjár

acer

77.950

## WD 160GB PASSPORT

Lítill og nettur utanáliggjandi diskur frá WD tengigst í USB2, tilbúin til notkunnar.

WD Western Digital

12.950

## WD 500GB MYBOOK 2

Nýr og enn betri My Book utanáliggjandi diskur frá WD tengigst í USB2, tilbúin til notkunnar.

WD Western Digital

14.750

## 2GB MINNISLYKILL

Corsair 2GB Usb lykill vatnsþéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð

CORSAIR

1.950

## MARGMIÐLUNARSPILARI

320GB IcyBox margmiðlunarspilari með LCD skjá, tengist við sjónvarp án tölvu, spilar kvikmyndir og tónlist

ICYBOX

18.950

## 15" HLIÐARTASKA

Rúmgóð hliðartaska með axlaról frá Dicota. Mini geisla mús með skrunhjóli fylgir

DICOTA

4.950

## 15" FARTÖLVUBAKPOKI

15" Manhattan City Bag flottur svartur og rauður fartölvubakpoki

MANHATTAN

4.950

## 17" FARTÖLVUTASKA

17" Targus hliðartaska. Svört, vönduð og rúmgóð taska með ól

Targus

7.750

## TENGIKVÍ OG UPPHÆKKUN

Dicota Porter tengikví og upphækkun fyrir ferðavélar. Standur með 4 USB 2.0 tengjum

DICOTA

6.950

## ACER ASPIRE 5315

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

- 1.73GHz Intel CEL. M 530
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 120GB SATA 5400rpm
- Intel GMA X3100 PCI Ex
- 15.4" CrystalBrite skjár

acer

67.950

## ACER ASPIRE 5920G-30

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

- 2.0GHz Intel Core 2 Duo T7300
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 250GB, SATA 5400rpm
- Geforce 8600 GS allt að 1024MB
- 15.4" CrystalBrite skjár

acer

114.950

## CANON IP4500

Canon iP4500 er 5 hylkja ljósmyndaprentari með 9600x2400 dpi upplausn ChromaLife tækni

Canon

9.750

## CANON LIDE 90

48 bita, USB2 skanni 2400x4800dpi upplausn Lítill og nettur skanni sem hentar vel á öll heimili

Canon

9.950

## NX60 FARTÖLVUMÚS

Logitech NX60 Notebook Optical mús Plus, frábær þráðlaus fartölvumús, svört, taska fylgir, USB

Logitech

2.950

## QUICKCAM VEFMYNDAVÉL

Logitech QuickCam for Notebooks, vefmyndavél sérhönnuð fyrir ferðavélar, USB

Logitech

3.950

## SENNHEISER MX500

SENNHEISER

Sennheiser MX 500 Heyrnartól (tappar), lítil og þægileg, geymslubox fylgir, extra bass

1.950

## SENNHEISER HD202

SENNHEISER

Öflug Sennheiser HD-202 heyrnartól. Frábær hljómur, frábært verð

2.750

# @tt.is

*Allt tölvutengt á betra verði*

# w w w . a t t . i s

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700





# STUÐ MILLI STRÍÐA Gripinn í röngu bóli

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** GETUR ENDALAUST HORFT Á BÖRN, KETTLINGA OG ANNAÐ UNGVIÐI



Litla fjölskyldan mín stækkaði örlítið fyrir nokkrum dögum þegar smávaxinn kettlingur bættist í hópinn. Núna get ég varla haft augun af honum því eins og margt annað í náttúrunni hefur mér alltaf fundist ungviði ótrúlega vel hannað. Á meðan afkvæmi dýra og manna eru ennþá of lítil og veikburða til þess að geta séð um sig sjálf eru þau svo yfirnáttúrulega sæt og krúttleg að þau kalla fram það besta í öllum í kringum sig.

Í dýraríkinu eru fjölmörg dæmi um að ungviði sem misst hefur móður sína sé tekið í fóstur af öðru kvendýri og jafnvel af annarri tegund. Hjá okkur mannfólkinu viðgengst það sama og við tökum skilyrðislaust að okkur börn sem vantar foreldra og dýr sem við sýnum umhyggju og ástúð.

Ég gleymi því aldrei þegar báðar kisuprinsessurnar á heimili foreldra minna áttu von á kettlingum á sama tíma. Önnur kisan var mín en hin á ábyrgð litla bróður míns, og þrátt fyrir að við værum bestu vinir var samkomulag gæludýranna ekki jafn gott. Þeim var samt komið fyrir hvoru í sínum kassanum hlið við hlið inni í geymslu þar sem þær eignuðust fimm kettlinga hvor með um það bil viku millibili.

Eftir að kettlingar kisunnar minnar voru orðnir nógu stórir til þess að fara úr og í kassann sinn sjálfir kíkti ég einhvern tímann á þá þar sem þeir lágu hjá móður sinni og tók þá eftir að einn var horfinn. Ég hóf dauðaleit um alla geymslu en hvergi fann ég kisa. Mér datt þá í hug að kíkja ofan í kassann hjá hinni læðunni og viti menn, þarna lá hlunkurinn á spena hjá henni innan um kettlinga sem voru helmingi minni.

Fljótlega voru allir kettlingarnir farnir að flakka á milli kassa og mæðurnar kipptu sér ekki upp við það þótt stundum væru þær með fleiri kettlinga frá hinni á spena en af sínum eigin. Því þrátt fyrir að læðurnar hefðu alltaf verið varkárar gagnvart hvor annarri leyfðist ungviðinu greinilega allt.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Þjóðleikhúsið
Á öllum sviðum lífsins

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is














# Nýjar franskar myndir

**Græna ljósið, Alliance Française og franska sendiráðið á Íslandi efna til franskrar kvikmyndahátíðar í Háskólabíói og hefjast sýningar í dag. Sýndar verða ellefu sérvaldar, fjölbreyttar og splunkunýjar gæðamyndir, brot af því besta sem framleitt hefur verið og sýnt í Frakklandi undanfarin misseri.**

Opnunarmyndin á hátíðinni er Persepolis og var hún frumsýnd boðsgestum í gærkvöldi. Efni þessarar frægu teiknimyndar er sótt í víðþekktar mynda- og sjálfsævisögur hinnar frönsku Marjane Satrapi, sem hafa náð metsölu um allan heim og unnið til fjölda verðlauna. Myndin er með enskum texta en myndasögur Satrapi hafa verið þýddar á fjölda tungumála og bregða nýju ljósi á heim þeirra þjóða sem byggja Íran.

Meðal annarra athyglisverðra mynda má nefna nýjustu mynd Íslandsvinarins Emir Kusturica, Lofaðu mér, en hún var frumsýnd í nóvember á síðasta ári, Tvo daga í París, rómaða mynd eftir frönsku leikkonuna Julie Delpy sem vakið hefur mikla athygli og er sögð minna mjög á verk Woody Allen, og heimildarmynd eftir Barbet Schroeder um lögfræðinginn Jacques Vergès sem er þekktur fyrir að verja hryðjuverkamenn. Barbet Schroeder stýrir rannsókn til að upplýsa þann leyndardóminn. Í upphafi ferils þessa dularfulla lögfræðings var hann ákafur hugsjónamaður, en svo hvarf hann af sjónarsviðinu og er hann sneri aftur tók hann að verja allar tegundir af hryðjuverkamönnum (Magdalena Kopp, Anis Naccache, Carlos) og sögulegar ófreskjur í mannsmynd, eins og Klaus Barbie.

Hátíðin stendur í tvær vikur og verða allar sýningar í Háskólabíói. Peugeot er aðalstyrktaraðili kvikmyndahátíðarinnar. Kynningarefni um hana má finna á vefjum Alliance og Græna ljóssins: www.graenaljosid.is og www.af.is - pbb


**TEIKNIMYNDIN PERSEPOLIS** Byggir á samnefndum myndasögum frá Íran.

# Birtingarmynd lita

Myndlistarmaðurinn Ívar Valgarðsson opnar sýningu á verkum sínum kl. 17 í dag í gallerí i8. Á sýningunni beinir Ívar athygli áhorfandans að því hvernig ljós, endurvarp og afstaða stýrir birtingarmynd litarins og upplifuninni af honum.

Ívar leitar víða fanga í rannsókn sinni. Hann kannar hvernig fljótandi málning myndar slétt yfirborð í málningarfötu sem og hvernig málning myndar mismunandi yfirborð við ólíkar aðstæður, til að mynda hvernig hún streymir sé henni hellt og hvernig endurteknar yfirferðir verða að prívídum listhlut.

Myndlist Ívars sprettur af skoðun á hversdagslegu umhverfi okkar og vekur þannig spurningar um hlutverk listarinnar í lífi okkar.

Gallerí i8 er á Klapparstíg 33. Sýning Ívars stendur yfir til 16. febrúar næstkomandi. - vþ


**MÁLNINGARTILRAUNIR** Ívar kannar eiginleika lita og efna á sýningu sinni í galleri i8.



## SINNEP
### Atli Ingólfsson

# Ofhugsað – vanhugsað

Málvitund er sæmilegt orð. Þó skortir það holdlega keiminn sem er af orðunum máltilfinning eða málkennd, en þau láta verr í eyrum. Erum við ekki annars að tala um tilfinningu, einhvern seiðing sem flæðir um tunguna, eyrun, raddböndin, vöðva og taugar, og heilann auðvitað? Það er nefnilega ekki nóg að hugsa málið, við finnum það líka. Og það tengir ekki bara hugmyndir heldur okkur við heiminn.

Þeir sem eru langdvölum erlendis fara stundum að sakna návistar við málið og óttast að tapa málkenndinni. Tungutak þeirra getur orðið dálítið ritmálskennt og þeir ofvanda kannski framburðinn. Svo snúa þeir heim og sjá slettur, ambögur, mál- og stafsetningarvillur alls staðar. Var þjóðin þá lengur í burtu en þeir?

Það er engin sérstök ástæða til að róa þá. Samt má reyna að grisja þetta eitthvað.

1) Stafsetning hefur aldrei verið á hreinu hjá þjóðinni. Málinu hefur svo sem ekki hrakað þess vegna.
2) Beygingar og orðnotkun riðlast sjálfsagt eftir því sem fólk talar minna saman. Rangar beygingar hafa ekki náð yfirhendinni enn þá en nokkuð hefur gengið á orðaforðann.
3) Slettur þurfa ekki að vera til marks um hrörnandi mál, ekki ef þeir sem nota þær eru í lifandi sambandi við umræðuefnið: Þegar nær allt skemmtiefni ungs fólks – og því stór hluti reynslu þess – er á ensku væri það heldur til marks um dauflega málkennd að sletta ekki. Það gleymist gjarnan að sletta er stílbragð.
4) Þegar máltilfinningin slappast verður helst tvennt til ráða: Vanhugsað mál eða ofhugsað.
5) Vanhugsað mál forðast öll óvissusvæði og beygingar og nærist á tuggum.
6) Þeim sem ofhugsa málið svipar til manns sem fengið hefur höfuðhögg: Þegar hann raknar úr rotinu kann hann enn þá öll orðin í málinu en hefur gleymt hvernig þau eru notuð. Þá reynir hann að byggja málvitundina á rökum. Alls kyns vandræði hljótast auðvitað af þessu: Hann sér orðið sprund og heldur að það sé kvenkyns af því það á við konu, býr til kvenkynsorðið áræðni úr lýsingarorðinu áræðinn.
   Hann ofnotar beygingarendingar, segir kannski frá grauti. Hann þorir ekki að nota kjarnmikil orð eins og mannbær, tussulegur, klámhögg og sögnina að fokka því hann tengir þau einhverjum feimnismálum. Svo telur hann orðasambandið „helmingi meira" þýða fimmtíu prósent meira. Ranglega.
7) Ég hef stundum lent í sporum hans og þá rifjast það upp að rökhugsun kemur ekki í stað tilfinningar, minnis eða sköpunargleði. Vaknið, ó, málskræfur og skynsemisrolur!
8) Þetta síðasta orð er víst smíðað af barni.


Salurinn

LAU 12. JANÚAR KL. 17
TÍBRÁ: NÝÁRSTÓNLEIKAR
HULDA BJÖRK OG SALONSVEIT SIS
UPPSELT

MÁN 14. JANÚAR KL. 20
UNGIR TÓNSNILLINGAR
VÍKINGUR, ELFA, ARI.
MARGRÉT, HELGA o.fl.
Miðaverð 2500kr

MIÐ 16. JANÚAR KL. 20
TÍBRÁ: STJÖRNUTÓNLEIKAR
FRANSKI FIÐLUSNILLINGURINN
LAURENT KORCIA OG C.HADLAND
Miðaverð 2000/1600kr

GEFÐU UPPLIFUN !
NÝ OG FALLEG GJAFAKORT
OG MARGIR FRÁBÆRIR
TÓNLEIKAR Í BOÐI !

BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

Kringlukráin
Upplyfting í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

ÁST
Söngleikur eftir Gísla Örn Garðarsson og Víking Kristjánsson
Vesturport Borgarleikhúsið
Í samstarfi við Vesturport
11. janúar
19. janúar
25. janúar
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is





KLIPPIÐ HÉR!

**Gullnu reglur Græna ljóssins**

**1** ***Ekkert hlé*** Myndin sýnd í einum rykk

**2** ***Minna af auglýsingum*** Sýning myndarinnar byrjar fyrr

**3** ***Engin truflun*** Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

FRÉTTABLAÐIÐ

Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.

Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölunni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

græna ljósið

*- Ekkert hlé á góðum myndum*

www.graenaljosid.is - Skráðu þig í Bióklúbbinn og þú færð sendan boðsmiðakóða á Miða.is alla frumsýningardaga


THE MAGNETIC FIELDS


DR. DOG

## > Í SPILARANUM

The Magnetic Fields - Distortion
Black Mountain - In the Future
Super Furry Animals - Hey Venus!
MGMT - Oracular Spectacular
Dr. Dog - We All Belong

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Kröftug og klikkuð

Lars Ulrich, trommari Metallica, segir að væntanleg plata sveitarinnar sé mun kröftugri og fjölbreyttari en síðustu plötur hennar. „Það er mikið um ljós og myrkur í þessum lögum. Þau eru þung, hröð og hálf klikkuð og þarna eru líka hægir kaflar,“ sagði hann.

Bætti hann því við að uppbygging laganna væri svipuð og á tveimur plötum Metallica sem komu út á níunda áratugnum, Master of Puppets og ...And Justice for All. „Það er ekkert leyndarmál að Rick (Rubin, upptökustjóri plötunnar) lagði til að við hefðum þessar tvær plötur sem viðmið þegar við hófum upptökur.“


**METALLICA** Rokksveitin Metallica er að leggja lokahönd á sína fyrstu hljóðversplötu í fimm ár.

# Múm á leið til Japans

Hljómsveitin múm heldur á laugardaginn í tónleikaferðalag til Japans þar sem hún leikur á fernum tónleikum. Þetta verður í sjötta sinn sem hljómsveitin spilar þar í landi.

Múm lauk við vel heppnaða tónleikaferð fyrir jól þar sem hún ferðaðist um Norður-Ameríku og Evrópu. Til stendur að fara þangað á nýjan leik í vor. Með múm í Japan verður hljómsveitin Skakkamanage sem nýverið gaf út plötuna Lab of Love í Japan. Sveitin mun hita upp fyrir múm á tvennum tónleikum í Osaka og Tókýó. Á hinum tónleikunum verður upphitunin í höndum innfæddra listamanna.



## TÓNNINN GEFINN
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# *Brakandi ferskt á árinu 2008*

BBC birti í síðustu viku sinn árlega lista yfir nýja listamenn sem líklegastir eru til vinsælda á tónlistarárinu 2008. Listinn er settur saman úr atkvæðum um 150 tónlistarblaðamanna í Bretlandi og hefur oftar en ekki gefið góða mynd af því sem koma skal. Sem dæmi voru Mika og Klaxons í tveimur efstu sætunum á síðasta ári. Á toppi listans í ár tróna tvær ungar og efnilegar stúlkur. Efst situr Adele, eins konar sálarfull og djössuð blanda af Lily Allen og Amy Winehouse, og þar fyrir neðan má finna Duffy, mjög forvitnilega stelpu sem hefur verið kölluð hin nýja Dusty Springfield, hvorki meira né minna. Stúlkan sú arna hefur verið að vinna að efni með engum öðrum en Bernard Butler úr Suede og er plata væntanleg í byrjun mars. Enn eina stúlkuna er svo að finna í sveitinni í sæti númer þrjú, dúettinum The Thing Things. Fyrir neðan má finna sveitir á borð við Glasvegas, skoska sveit sem sver sig í ætt við The Twilight Sad, og nýja sveit trommara The Pippetts, Joe Lean and the Jing Jang Jong. Þessar sveitir eru afar líklegar til vinsælda hjá hinum breska NME-lýð en helsta vonarstjarna þeirra er þó Foals sem prýðir einmitt forsíðu nýjasta heftis NME. Dagblaðið Guardian birtir svipaðan lista og BBC en listar þessara miðla eru vitanlega mjög breskir, þ.e. breskir listamenn eru mjög áberandi. Listi Rolling Stone er á móti töluvert amerískri. Rolling Stone er til dæmis með nöfn á sínum lista eins og verðandi R&B-stjörnuna Estelle, Los Angeles-rokkarana í OneRepublic og Year Long Disaster og einnig trúbadoraraularana Liam Finn og Brett Dennen.

Af öllum þeim listum sem birst hafa eru sveitir eins og Black Kids (gaf út frábæra EP-plötu á síðasta ári. Hressilegt en alvörugefið dansrokk), Cajun Dance Party, These New Puritans (magnað nýbylgjupönk), Friendly Fires, Crystal Castles (byggir tónlist sína á Ataritölvuhljóðum) og MGMT (er frá Brooklyn og hljómar ekkert ósvipað og Yeasayer enda miklar vinasveitir hér á ferð) í persónulegu uppáhaldi. Á Íslandi verður að teljast líklegt að hljómsveitirnar 1985!, Motion Boys, Sudden Weather Change, FM Belfast, We Made God, Ultra Mega Technobandið Stefán og Borko sendi frá sér sínar fyrstu skífur á árinu, þótt fæstar sveitirnar séu nýjar af nálinni, og geri góða hluti ásamt vonandi fleirum. Fyrir áhugasama um tónlistarárið 2008 má benda á ofangreinda miðla en einnig á heimasíðurnar Stereogum.com og Metacritic.com þar sem finna má mjög ítarlega lista yfir útgáfur ársins.


GERÐUBERG
www.gerduberg.is


**Allt í plati!**
Sýning úr söguheimi Sigrúnar Eldjárn. Kíkið í heimsókn til Málfríðar, Kuggs og fleiri sögupersóna...
Opin listsmiðja fyrir krakka sem vilja föndra og lesa bækur! **Ath. sýningin verður framlengd til 24. febrúar!**


**Þetta vilja börnin sjá!**
Sýning á myndskreytingum úr íslenskum barnabókum. 20 íslenskir myndskreytar taka þátt í sýningunni en það var Sigrún Eldjárn sem hlaut Dimmalimm-verðlaunin 2007


**Einn og átta...**
Sunna Emanúelsdóttir, alþýðulistakona, sýnir handgerða jólasveina ásamt skötuhjúunum Grýlu og Leppalúða!


**Málverkasýning Togga**
Í Boganum: Þorgrímur Kristmundsson, alþýðulistamaður, sýnir landslagsmálverk unnin í vatnslit og olíu. Listamaðurinn tekur á móti gestum um helgina.


**Vissir þú að...**
í Gerðubergi er góð ráðstefnu- og fundaraðstaða. Fundarherbergi og salir fyrir 8 - 120 manns.
**Upplýsingar og verðskrá: www.gerduberg.is / 575 7700**

**Ath! síðasta sýningarhelgi á öllum sýningum nema Allt í plati!**

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16.
**Ókeypis aðgangur!** • Sími 575 7700.


# Hirðingjar úr eyðimörkinni

**Ein af plötum síðasta árs í heimstónlistinni er Aman Iman: Water Is Life með malísku hirðingjasveitinni Tinariwen. Hún skýtur reyndar upp kollinum á alls konar árslistum, t.d. hjá Pitchforkmedia og tímaritunum Mojo og Uncut, og svo er hún ein af fimm bestu plötum ársins að mati David Fricke hjá Rolling Stone. Trausti Júlíusson skoðaði Tinariwen.**


**ENN EITT MALÍ-UNDRIÐ** Hljómsveitin Tinariwen hefur vakið athygli um allan heim. Meðal aðdáenda eru Bono, Robert Plant og Thom Yorke.

Hljómsveitin Tinariwen er ein af uppgötvunum síðasta árs fyrir mig. Fyrir tilviljun tékkaði ég á henni á netinu eftir að hafa rekist á grein um hana í einhverju tímariti og ég varð strax gjörsamlega heillaður. Þessir eyðimerkurhirðingjar frá Norðaustur-Malí hafa dottið niður á einhverja ómótstæðilega blöndu af afrísku grúvi, blús og vestrænu rokki. Þriðja plata Tinariwen, Aman Iman: Water Is Life, kom út á síðasta ári, en hún hefur fengið frábæra dóma í tónlistarmiðlum úti um allan heim.

### Pólitískir útlagar

Tinariwen er frá Kidal-héraðinu í Norðaustur-Malí, en stór hluti þess tilheyrir Sahara-eyðimörkinni. Sjálfstæðisbarátta Túarega í héraðinu var öflug á áttunda og níunda áratugnum. Það var á þeim tíma þegar margir þeirra gerðust hirðingjar og hröktust um eyðimörkina sem saga Tinariwen hófst, þegar nokkrir túreskir útlagar hittust í Tamanrasset í Alsír og byrjuðu að djamma saman á heimasmíðaða gítara. Þeir voru að sögn undir miklum áhrifum frá malískum blúsgítarhetjum eins og Ali Farka Touré og Boubacar Traoré, en áhrifin komu víðar að þar sem hljómsveitarmeðlimir höfðu hrökklast á milli ríkja eins og Alsír, Marokkó og Líbýu í atvinnuleit og sem pólitískir útlagar og kynnst margs konar tónlist.

### Fagnað sem hetjum

Tinariwen, sem upphaflega hét Taghreft Tinariwen, starfaði lengi sem pólitísk útlagasveit. Hún hefur alltaf verið óformlegur hópur vina og félaga sem tekur á sig fastara form við ákveðin tækifæri, t.d. tónleikaferðir og plötuupptökur. Eftir að friður komst á í Kidal-héraði árið 1996 var Tinariwen fagnað sem hetjum, en það var ekki fyrr en meðlimirnir kynntust frönsku sveitinni Lo Jo í Bamako, höfuðborg Malí, árið 1998 sem hróður sveitarinnar fór að berast út fyrir eyðimörkina. Tinariwen fór í tónleikaferð til Frakklands 1999 og kom svo fram á fyrsta Eyðimerkurfestivalinu (Festival au Désert) árið 1999, en það er tónlistarhátíð sem haldin er í janúarbyrjun ár hvert og sem hefur fengið töluverða athygli í heimspressunni.

### Frægir aðdáendur

Fyrsta útgáfa Tinariwen var kassettan Tenere sem kom út 1992, Radio Tisdas Sessions kom út 2001, Amassakoul 2004 og svo Aman Iman: Water Is Life í fyrra. Á meðal aðdáenda sveitarinnar má nefna Robert Plant (sem spilaði á Eyðimerkurfestivalinu 2003), Bono, Thom Yorke og Carlos Santana sem var yfir sig hrifinn eftir að hafa spilað með þeim á Montreux-festivalinu 2006.

Tónlistarlífið á Malí virðist vera magnað. Salif Keita var sennilega fyrsta alþjóðlega malíska poppstjarnan.

Margir þekkja Ali Farka Touré (og son hans, Vieux Farka Touré, sem tók við keflinu eftir að Ali lést), kora-leikarinn Toumani Diabaté á að baki margar frábærar plötur og við Íslendingar fengum að kynnast Oumou Sangaré og hljómsveit á Vorblótinu í fyrra.

Nú er Tinariwen sennilega heitasta nafnið í heimstónlistinni. Það væri nú ekki galið að fá þau á Vorblót eða Listahátíð ...

# Sú söluhæsta í langan tíma

„Þetta er besta sala á erlendri plötu sem við höfum séð í eitt og hálft ár hérna heima,“ segir Ásmundur Jónsson, útgáfustjóri Smekkleysu, um nýjustu plötu Radiohead, In Rainbows.

**Aðdáendur sveitarinnar** fengu tækifæri til að hlaða plötunni niður á netinu undir lok síðasta árs og gátu ráðið því hvort þeir borguðu fyrir hana. Það hefur hvorki haft áhrif á söluna í Bretlandi og Bandaríkjunum, þar sem hin hefðbundna útgáfa fór á toppinn, né hér á landi. „Maður fór af stað með blendnar tilfinningar um hvað myndi gerast. En það er allt í sjálfu sér búið að vera svolítið óvenjulegt í kringum þessa plötu. Nýjar leiðir hafa verið farnar sem hafa tekist,“ segir Ásmundur. „Hins vegar er það mín tilfinning að það séu færri sem hafa greitt fyrir plötuna þegar hún var fáanleg sem „download“ en menn héldu upphaflega. Ég held að það séu margir sem hafi hlaðið henni niður án þess að kaupa, og þeir eru að kaupa núna, enda eru hljómgæðin miklu betri en á mp3.“


**RADIOHEAD** Oxford-sveitin Radiohead hefur hitt í mark með plötu sinni In Rainbows.

**Síðasta erlenda platan** til að seljast álíka vel hjá Smekkleysu er Get Behind Me Satan með rokkdúettinum The White Stripes. „Fólki finnst þetta mjög góð plata og það vill greinilega eiga hana annaðhvort á vinyl eða CD,“ segir Ásmundur um In Rainbows, sem hefur selst í rúmum þúsund eintökum síðan hún kom út í byrjun ársins. „Þetta er mjög skemmtilegt, sérstaklega vegna þess að þessi plata sem kom út í janúar er að seljast betur en flestar erlendar plötur gerðu í desember.“ - fb


**ÁSMUNDUR JÓNSSON** In Rainbows er söluhæsta erlenda platan hjá Smekkleysu í eitt og hálft ár.

# Útsalan í fullum gangi

**40%**

**afsláttur af öllum vörum**

next

sími 551 3200

## > KATE OG CALVIN

Leikkonan Kate Bosworth verður andlit Calvin Klein í nýrri auglýsingaherferð. Hún bætist þannig í fríðan flokk frægðarfólks, en á meðal fyrrverandi fyrirsæta fyrir tískumerkið eru Brooke Shields, Mark Wahlberg og Kate Moss.



Fólk

folk@frettabladid.is

# Pamela er ólétt en vill skilnað

Pamela Anderson er ólétt, samkvæmt heimildum vefsíðunnar tmz.com. Faðir barnsins er núverandi eiginmaður hennar, Rick Salomon, sem er hvað þekktastur fyrir að hafa „leikið“ í kynlífsmyndbandi með partíprinsessunni Paris Hilton. Pamela og Rick gengu í það heilaga í Las Vegas í byrjun október, en strandvarðargellan fyrrverandi sótti um skilnað fyrir tæpum mánuði. Örfáum dögum síðar lýsti hún því yfir að þau myndu reyna að vinna úr vandamálum sínum og laga sambandið, en nú hefur Pamela aftur skipt um skoðun, og það þrátt fyrir þungunina. Salomon hefur sagt vinum sínum að hann telji ástæðuna fyrir ósk Pamelu um skilnað vera þá að hún „láti eins og geðsjúklingur“ út af þunguninni. Hann kveðst vona að hún fái aftur áhuga á að bjarga sambandinu. Á skilnaðarpappírunum, sem Tmz hefur undir höndum, fer Anderson fram á að Salomon greiði henni framfærslu, en minnist ekki á meðlag.

Hjónabandið er þriðja hjónaband beggja, en Anderson hefur áður verið gift rokkurunum Kid Rock og Tommy Lee sem einmitt er væntanlegur hingað til lands. Með Tommy á hún synina Brandon Thomas og Dylan Jagger, sem nú eru tíu og ellefu ára gamlir. Seinna hjónabandið, sem var með Kid Rock, varði í tæpa fjóra mánuði.



**SKILNAÐUR Í VÆNDUM** Pamela Anderson vill skilnað frá eiginmanni sínum til nokkurra mánaða, Rick Salomon. Hún ber barn hans undir belti. NORDICPHOTOS/GETTY

# Keppir um fimmtán milljóna Ford-samning

**Fríða Sóley Hjartardóttir heldur til New York í dag þar sem hún mun taka þátt í Ford-keppninni Supermodel of the World. Í verðlaun er fimmtán milljóna króna samningur við Ford.**

Hin sautján ára gamla Fríða Sóley fór með sigur af hólmi í íslensku Ford-keppninni sem haldin var í Iðnó í september. Hún öðlaðist þar með þátttökurétt í alþjóðlegu Ford-keppninni, sem fram fer í New York næsta miðvikudag. Fríða keppir þar við um fimmtíu stúlkur, víðs vegar að úr heiminum, um titilinn Supermodel of the World. Í fyrstu verðlaun er samningur við hina virtu módelskrifstofu að andvirði um fimmtán milljónir íslenskra króna.

Fríða Sóley var að vonum spennt þegar Fréttablaðið náði tali af henni í gær. „Þetta byrjar allt á laugardeginum [á morgun]. Við förum í gönguæfingar og í myndatökur og undirbúum okkur fyrir keppnina. Mér skilst að það verði prógramm allan daginn fram að keppni,“ segir Fríða. „Ég held að keppnin sjálf verði með svipuðu sniði og hérna heima, en ég fæ örugglega að vita allt um það á morgun. Þá hitti ég líka hinar stelpurnar. Ég hef aðeins fylgst með þeim á myspace-síðunni sem keppnin heldur úti, en ég þekki þær náttúrlega ekki neitt,“ bætir hún við.

Frá því í september hefur Fríða búið sig undir alþjóðlegu keppnina, bæði með myndatökum og gönguæfingum. „Í síðustu viku fór ég svo í vax hjá Toni og Guy og hand- og fótsnyrtingu hjá snyrtistofunni Eygló, svo ég er að verða tilbúin,“ segir Fríða og hlær við. Þegar Fréttablaðið náði tali af henni var hún einmitt stödd í Gyllta kettinum að sækja kjól fyrir keppnina, og því í þann veginn að leggja lokahönd á undirbúninginn.

Fríða segist hlakka til keppninnar og segir gengi sitt í henni hafa áhrif á framhaldið. „Ef það gengur vel úti gæti vel verið að ég hellti mér út í fyrirsætustörfin, en þetta kemur allt í ljós. Ég er alveg ný í þessu og byrjaði ekkert að velta þessu fyrir mér fyrr en í sumar. Ég er í skóla líka, svo það er alveg nóg að gera,“ segir Fríða, sem stundar nám á félagsfræðabraut Kvennaskólans í Reykjavík. Hún segist vona að framtíðin innihaldi sitt lítið af hvoru, fyrirsætustörfum og félagsfræði. „Það væri gaman að geta gert bæði, unnið svolítið sem fyrirsæta og farið svo að læra,“ segir Fríða. sunna@frettabladid.is



**NÆSTA OFURFYRIRSÆTA?** Fríða Sóley Hjartardóttir etur kappi við fimmtíu aðrar Fordfyrirsætur í alþjóðlegri fyrirsætukeppni í New York á miðvikudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Kellogg's Special K kemur mér á sporið

Það er svo frábært þegar sólin hækkar á ný eftir hátíðarnar að hlaða batteríin og finna kraftinn streyma um æðarnar. Fara á fullt í ræktina og rifja upp allt sem ég auðvitað veit um næringu og hollustu. Kellogg's Special K er eitt af því sem kemur mér auðveldlega á sporið á ný, bragðgóður en fitusnauður morgunmatur, fullur af vítamínum og steinefnum. Svo er líka frábært að eiga ljúffenga stöng af Special K við höndina, ef mann langar í eitthvað sætara, bara 90 hitaeiningar.








Mig langar til að ...

... nota tímann núna eftir hátíðarnar til að koma mér í form eftir barnsburð. Ég er svolítil dellukona og hef gaman af að taka á hlutunum. Ég byrja líka í nýrri vinnu og hlakka mikið til að fást við ný verkefni.

Eva Ýr Gunnlaugsdóttir, hjúkrunarfræðingur

Kellogg's Special K

specialk.is

Fíton/SÍA F1024291


Opnum
í dag
10%
Opnunarafsláttur
um helgina
MISS SIXTY
MISS SIXTY Kringlunni ...við hlið Deres

# Auðunn og Lilja hætt saman

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins slitu Auðunn Blöndal og unnusta hans Lilja Björk samvistir fyrir tveimur mánuðum eftir fimm ára samband. Hvorki Auðunn né Lilja vildu tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði eftir því. Séð og Heyrt greindi frá því í blaði sínu í gær að samband þeirra héngi á bláþræði en sambandið virðist hafa verið löngu búið áður en glanstímaritið fór í prentun.

Auðunn og Lilja hafa verið saman í fimm ár og eftir því sem Fréttablaðið kemst næst var ákvörðunin tekin í sameiningu. Þau hafa alltaf reynt að halda sambandi sínu frá kastljósi fjölmiðlanna og hafa lítið viljað koma fram saman opinberlega. Reyndar var Lilja Björk Auðuni innan handar í fyrstu serííunni af Tekinn en var víðs fjarri í þeirri seinni en hún stundar nú nám í lögfræði.




**FIMM ÁRUM LOKIÐ** Auðunn og Lilja höfðu verið saman í fimm ár en hafa nú tekið sameiginlega ákvörðun um að halda í sína áttina hvort.

# Vildi ekki móðga Freydal

**Misskilningur réði því að dregið var til baka boð um gjöf 20 verka eftir Þorvald Skúlason til Listasafns Íslands. Formsatriðum var ekki fullnægt auk þess sem sérstakrar varúðar var þörf því hinn góði gefandi heitir jú, Jónas Freydal.**

„Mér eru það mikil vonbrigði að hafa aldrei fengið að sjá verkin,“ segir Auður Ólafsdóttir safnstjóri Listasafns Háskóla Íslands.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Jónas Freydal athafnamaður hefur ákveðið að draga til baka boð sitt um að gefa safninu 30 verk eftir Þorvald Skúlason, 30 af 121 verki sem hann fann í Frakklandi áður óþekkt. Jónas segir áhugaleysi af hálfu safnsins hafa ráðið þeirri ákvörðun – áhugaleysi sem hann segir jaðra við dónaskap. Hann hafi ekki heyrt frá Auði frá 5. desember en á fundi stjórnar safnsins 12. desember var tilboð hans rætt.

Í samtali við Fréttablaðið segist formaður stjórnar, Sigrún Júlíusdóttir prófessor, sem minnst vilja tjá sig um málið. Hún hafi nú sagt sig frá stjórninni og sé ekki lengur formaður. Hún segir afgreiðslu málsins hafa dregist einkum af tæknilegum orsökum vegna vendinga í stjórn og vísar á rektor eða Auði.

Jónas hefur tölvupósta dagsetta 5. og 10. desember þar sem hann býðst til að koma gjöfinni til Auðar. Auður segir málið byggjast á misskilningi.Hún hafi beðið Jónas um að fá að skoða verkin og skrá, með forverði og ljósmyndara, en alltaf fengið sama svarið, tilboð um að Jónas kæmi á hana verkunum. En þannig gangi þetta ekki fyrir sig og formsatriðum hafi ekki verið fullnægt.

„Ég get ekki endalaust sent sömu fyrirspurnina,“ segir Auður sem vildi fá að skoða verkin áður en hún tæki við þeim. „Söfn lúta ákveðnum verklagsreglum við móttöku listaverkagjafa. Áður en stjórn safns ákveður hvort listaverk eru þegin þurfa að liggja fyrir stjórnarfundi ljósmyndir af verkunum, upprunaog eigendasaga, og skýrsla forvarðar um ástand og áreiðanleika verka,“ segir Auður. Það gefi augaleið að safn tekur ekki við neinum listaverkum óskoðuðum og afhending gjafar jafngildi ekki skoðun.

Varðandi það hvort Jónas hafi, við afgreiðslu þessa erindis, verið látinn gjalda fortíðar sinnar sem sakborningur í málverkafölsunarmálinu segist Auður hafa reynt að vanda sig í þessu máli. „Það var ekki ætlunin að móðga gefanda. En Jónas Freydal getur ekki talið það óeðlilegt í ljósi þess að nafn hans tengist stóra málverkafölsunarmálinu að sérstaklega sé vandað til verka og forvörður fái að skoða verk Þorvalds þau sem um ræðir. En eins og kom fram í bréfum mínum til Jónasar hafði ég mikinn áhuga á að fá að skoða bæði hugsanleg gjafaverk og líka önnur verk eftir Þorvald sem Jónas hefur undir höndum með það fyrir augum að skrá og ljósmynda. Enda er það hluti af rannsóknarhlutverki Listasafns HÍ í tengslum við heildarskráningu á verkum Þorvalds.“ jakob@frettabladid.is



**JÓNAS FREYDAL** Segir áhugaleysi safnsins jaðra við dónaskap. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**AUÐUR ÓLAFSDÓTTIR** Ekki óeðlilegt að vanda hafi sérstaklega til verka því nafn Jónasar tengist málverkafölsunarmálinu.



**YFIR SIG HRIFINN** Vinir leikkonunnar segja það augljóst að Jake Gyllenhaal sé yfir sig hrifinn af henni.

**TÓK BÓNORÐI** Eftir að hafa ráðfært sig við nána vini breytti Reese svari sínu við bónorðinu í „já“.

# Gyllenhaal bað Reese

Jake Gyllenhaal ku hafa beðið Reese Witherspoon að giftast sér. Gyllenhaal bað leikkonunnar í Róm í október síðastliðnum, þegar þau voru þar saman í fríi. Samkvæmt vinum parsins svaraði Reese bónorðinu með orðunum „ekki strax“, en skilnaður hennar við leikarann Ryan Phillippe gekk ekki í gegn fyrr en í október í fyrra. Þau voru gift í sjö ár, en Reese hafði sótt um skilnað tæpu ári áður.

Þó að fyrsta svar Óskarsverðlaunaleikkonunnar hafi verið frekar neikvætt ku hún síðar hafa svarað játandi, eftir að hafa ráðfært sig við nána vini. „[Vinir hennar] voru ekki bara hrifnir af Jake, þeir sáu líka að hann var ótrúlega hrifinn af henni,“ segir vinur leikkonunnar. „Þegar Jake bar upp spurninguna í Róm vissi hann að Reese þurfti meiri tíma, og bjóst ekki við því að hún myndi segja „já“ um leið. Hann vildi bara að hún vissi að hann tæki samband þeirra alvarlega – nógu alvarlega til að gera hana að eiginkonu sinni.“

Orðrómur um samband á milli Gyllenhaals og Witherspoon fór af stað á síðasta ári, þegar þau léku saman í kvikmyndinni Rendition. Þau neituðu bæði sögusögnum þess efnis til að byrja með, en hafa sést meira saman á opinberum vettvangi frá því í haust.



**MUGISON** Tónlistarmaðurinn Mugison ætlar að spila sín bestu lög í Hollandi og Frakklandi.

# Fjórir spila á Eurosonic

Fjórir íslenskir flytjendur koma fram á tónlistarhátíðinni Eurosonic sem hófst í Hollandi í gær og lýkur á morgun. Um er að ræða hljómsveitirnar Jakobínarínu og Bloodgroup og tónlistarmennina Mugison og Ólaf Arnalds.

Tónlistarráðstefnan Midem fer síðan fram í Frakklandi í lok mánaðarins. 28. janúar heldur íslenska menntamálaráðuneytið veislu til að kynna íslenska tónlist og þar verður Mugison einnig á meðal flytjenda ásamt söngkonunni Kenya. Þau íslensku fyrirtæki sem ætla að koma sínu fólki á framfæri á ráðstefnunni eru Sena, 12 Tónar, Smekkleysa, Zonet, Dimma, KGEM, D3 og Blánótt.





SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE MIST | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| THE MIST LÚXUS | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | |
| THE NANNY DIARIES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 8 ENSKT TAL | |
| HITMAN | kl. 10 | 16 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 3.45 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| LUST CAUTION | kl. 6 - 9 | 16 |
| I'M NOT THERE | kl. 6 - 9 ótextuð | 12 |
| WE OWN THE NIGHT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| RUN FAT BOY RUN | kl. 5.30 - 8 - 10.10 | |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE NANNY DIARIES | kl. 8 - 10.20 | |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 8 - 10.30 | 10 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 | 7 |

FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ 11.-24. JANÚAR

MOLIERE kl. 5.40
LOFAÐU MÉR kl. 5.50
Í KÖÐLUNUM kl. 6
SÍÐASTI GEÐSJÚKLINGURINN kl. 8
PERSEPOLIS kl. 8
LÖGMAÐUR HRYÐJUVERKANNA kl. 10
BREYTT HEIMILISFANG kl. 10

SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| LIONS FOR LAMBS | kl. 8 - 10 | 12 |
| THE NANNY DIARIES | kl. 10 | |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 6 - 8 | 10 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 6 ÍSL TAL | |

AUKAKRÓNUR 5%

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NAT. TREASURE 2 | kl.3:30-5:30D -8D -10:40D | 12 |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | VIP |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| I AM LEGEND DIGITAL | kl. 3:30 - 6 - 8:20 - 10:40 | 14 |
| I AM LEGEND | kl. 3:30 | VIP |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 3:30 DIGITAL | L |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 3:30-5:50-8:10-10:30 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 3:30 | L |
| BEE MOVIE M/- Ensku TAL | kl. 6 | L |
| SIDNEY WHITE | kl. 8 | L |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 10:40 | 16 |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 5:30D - 8D - 10:30D | 12 |
| I AM LEGEND | kl. 8 - 10 | 14 |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 3:40D | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 3:30D | L |
| BEOWULF Síðustu sýningar | kl. 5:50(3D) | 12 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NATIONAL TREASURE 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| RUN, FAT BOY, RUN | kl. 8 | L |
| BUTTERFLY ON A WHEEL | kl. 10 | 16 |
| ALVIN OG ÍKOR... M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| ENCHANTED M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| NATIONAL TREASURE 2 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| BÝFLUGUMYNDIN ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| ENCHANTED M/- Ensku TAL | kl. 8 | L |
| I AM LEGEND | kl. 10:20 | 16 |

SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| NAT. TREASURE 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 8 | 10 |
| SAW IV | kl. 10:20 | 16 |




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE MYST | kl. 8 og 10.30 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5, 8 og 10.15 | 10 |
| RUN FATBOY RUN | kl. 6, 8 og 10 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR - ÍSL TAL | kl. 4 og 6 | L |
| BÝFLUGNAMYNDIN - ÍSL TAL | kl. 4 | L |

# Áberandi lítið flipp

Tökur vegna þáttarins Bandið hans Bubba standa nú yfir. Fyrsti þátturinn verður á dagskrá Stöðvar 2 föstudagskvöldið 1. febrúar. Samtals mættu hátt í 300 vongóðir söngvarar til leiks á fjórum stöðum á landinu.

„Það var áberandi lítið flipp í gangi,“ segir Þór Freysson, framleiðandi þáttanna. „Þeir sem komu til að taka þátt voru komnir til að gera þetta í fúlustu alvöru. Það setur annan svip á svona þátt þegar allt efnið er sungið á íslensku – manni finnst einhvern veginn meiri áhersla vera á tónlistinni. Þeir sem komu voru að megninu til nýtt fólk. Það er enginn þarna sem á að baki feril í tónlist. Nokkrir fluttu frumsamin lög, en annars eru þetta bæði íslensk og erlend lög, sem fólk syngur, þó allt með íslenskum textum.“

Samtals verða þættirnir ellefu, fyrst tveir áheyrnarprófsþættir. Að þeim loknum verða 34 keppendur eftir. Þriðji þáttinn er sannkallaður niðurskurðarþáttur. Í honum fá keppendur að fjúka í massavís og af 34 keppendum fara aðeins 10 áfram í fjórða þátt. Þá dettur einn út og þannig koll af kolli þangað til sigurvegarinn einn stendur uppi 18. apríl. Sá fær útgáfu- og umboðssamning og þrjár millur í vasann. Í dómnefnd með Bubba verða Björn Jörundur og Villi naglbítur, auk nýs gestadómara í hverjum þætti. Val dómnefndar gildir til hálfs á móti almennri símakosningu. Sigurvegarinn fær sæmdartitilinn „Söngvarinn í Bandinu hans Bubba“.

„Bubbi er eins konar guðfaðir keppendanna,“ segir Þór. „Þetta er ekki ósvipað og í X-factor. Það er Bubbi einn sem ræður því hvaða tíu keppendur byrja og meðdómararnir koma ekki inn fyrr en í fjórða þætti. Bubbi verður því beggja vegna borðsins, bæði ljúfur lærifaðir og harður dómari.“

Bandið hans Bubba er fullskipað þótt söngvarann vanti. Vignir í Írafári er hljómsveitarstjóri, kempan Jakob Smári Magnússon er á bassa, Addi og Tobbi úr Dr. Spock spila á trommur og hljómborð og Einar og Pétur Jesús úr Buffinu sjá um gítarleik og bakraddir. Einvalalið, sem sé. Nú á bara eftir að sjá hver fer á bak við hljóðnemann. Með fulla vasa fjár. - glh



**EINVALALIÐ** Engir aukvisar skipa Bandið hans Bubba.



**FÓLK TÓK ÞÁTT Í FÚLUSTU ALVÖRU** Þór Freysson framleiðir Bandið hans Bubba.

# Efnileg poppsveit

Hljómsveitin Bermuda hefur starfað síðan 2004. Hún hefur spilað töluvert á böllum og árshátíðum og sent frá sér nokkur lög, en Nýr dagur er hennar fyrsta plata. Það heyrist strax þegar maður setur hana í spilarann að þarna eru engir nýgræðingar á ferð. Tónlistin sem Bermuda spilar er léttleikandi popp og sveitin bregður fyrir sig ýmsum stílum. Þarna eru einföld og róleg lög, danslög og allt þar á milli.

Það er margt gott hægt að segja um þessa plötu. Hljóðfæraleikurinn er hnökralaus, útsetningarnar eru smekklegar og lagasmíðarnar eru margar fínar. Erna sýnir líka góð tilþrif. Hún er greinilega söngkona sem maður þarf að reikna með í framtíðinni.

Eins og áður segir bregður sveitin fyrir sig ýmsum stílum. Lagið Bermuda er t.d. sambaskotið, Inní mér er sól minnir helst á Earth, Wind & Fire, titillagið Nýr dagur er píanópoppsmellur og Þú og ég er einfalt, rólegt og áhrifamikið. Lögin eru bæði samin af hljómsveitarmeðlimum sjálfum og Trausta Hafsteinssyni, Örlygi Smára og Samúel Inga Þórarinssyni. Þau eru misgóð, en flest samt yfir meðallagi. Sérstaklega finnst mér áðurnefnd Þú og ég, Nýr dagur og Inní mér er sól og lagið Allt annað líf vera vel úr garði gerð. Þó að platan sé fjölbreytt hún hefur ágæta heildarmynd, þökk sé söngrödd Ernu og hljómnum sem upptökustjórinn Daði Georgsson á heiðurinn af.

Á heildina litið er Nýr dagur ágæt poppplata. Það sem Bermuda skortir samt til að komast í fremstu röð er meiri sérstaða. Þessi tónlist hljómar öll eins og eitthvað sem maður hefur heyrt áður. Oft. Engu að síður fín frumraun frá mjög efnilegri sveit.

Trausti Júlíusson

**TÓNLIST**

**Nýr dagur**

Bermuda

★★★



Fínar lagasmíðar, lipur hljóðfæraleikur og frábær söngur einkenna þessa fystu plötu Bermuda.

Efnileg sveit sem samt á enn eftir að móta sér sinn eigin stíl.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Harðjaxlinn með flotta taglið, **Steven Seagal**, og fyrrverandi viðskiptafélagi hans, Julius Nasso, hafa komist að samkomulagi í áralangri deilu sinni. Störfuðu þeir saman í mörg ár við myndirnar Marked for Death, Out for Justice og On Deadly Ground. Nasso höfðaði mál gegn Seagal þar sem hann sakaði hann um að hafa hætt við fjögurra mynda samning. Árið 2004 var Nasso síðan dæmdur í fangelsi fyrir að hafa játað að hafa sigað mafíunni á Seagal. Leikarinn hefur nú borgað Nasso skaðabætur utan dómstóla og þar með var málið látið niður falla.



Söng- og leikkonan **Jennifer Lopez** ætlar að segja skilið við skemmtanabransann um hríð svo hún geti einbeitt sér að fjölskyldunni. Lopez á von á barni með eiginmanni sínum, Marc Anthony, í vor. Ætlar hún að verja eins miklum tíma með sínu fyrsta barni og mögulegt er. „Ég veit ekki hvað ég tek mér langt frí en það er bara gott mál vegna þess að líf mitt hefur verið svo skipulagt í fjölda ára,“ sagði hún.



Aðalmafíósinn úr Sopranos, **James Gandolfini**, hefur trúlofast kærustu sinni, Deborah Lin, sem er fyrrverandi fyrirsæta. Talið er að þau hafi trúlofast um jólin á Bahamaeyjum eftir að hafa verið saman í mörg ár.

**Bono**, söngvari U2, hefur þrýst á Nicolas Sarkozy, forseta Frakklands, um að auka aðstoð sína til þróunarríkjanna. Samtök Bono, DATA, hafa hvatt Frakkland til að hækka prósentuna af þjóðartekjum sem renna í hjálparaðstoð í 0,7% fyrir árið 2012. Sú prósenta er nú 0,35%. „Forsetinn játaði að þetta væri mjög erfitt en lofaði að Frakkland myndi standa sig í stykkinu,“ sagði Bono eftir að hafa fundað með Sarkozy.






> **Birgir Leifur á erfitt verk fyrir höndum**



Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GKG, hóf keppni á Opna Jóhannesarborgarmótinu í Suður-Afríku í gær. Hann lék fyrsta hring sinn á Austur-vellinum á 75 höggum eða fjórum höggum yfir pari vallarins og er í 132.-155. sæti af 202 keppendum. Birgir Leifur fékk tvo fugla, tíu pör og sex skolla í gær og verður að leika talsvert betur í dag ef hann ætlar að komast í gegnum niðurskurðinn, en 65 efstu kylfingarnir halda áfram keppni að öðrum keppnisdegi loknum seinni partinn í dag.

**sport**

sport@frettabladid.is

**MAGNÚS ÞÓR GUNNARSSON, FYRIRLIÐI KEFLVÍKINGA:** Á VON Á HÖRKULEIK GEGN SNÆFELLI Í SLÁTURHÚSINU Í KVÖLD

# *Þýðir ekkert annað í Keflavík en að vinna titil*



Keflavík tapaði sínum fyrsta leik í Iceland Express-deild karla í körfubolta á dögunum, þegar liðið fékk vænan skell 98-76 í leik gegn nágrönnum sínum í Grindavík, eftir að hafa byrjað mótið með tíu sigurleikjum í röð. Magnús Þór Gunnarsson, fyrirliði Keflvíkinga, segir liðið ákveðið í að misstíga sig ekki aftur.

„Við vorum náttúrlega skelfilegir gegn Grindavík um daginn og vorum greinilega ekki jafn tilbúnir í leikinn og við héldum. Við vorum reyndar ekki búnir að spila leik í þrjár vikur og það hafði eflaust sitt að segja, en það hefði líka svo sem verið skrítið ef við hefðum ekki tapað leik yfir allt tímabilið. Við erum aftur á móti ákveðnir í að komast aftur á þá sigurbraut sem við vorum á fyrir leikinn gegn Grindavík og eigum við ekki bara að segja að tapið sé komið á þessu ári, eitt tap er alveg nóg,“ sagði Magnús Þór ákveðinn og býst við hörkuleik þegar Snæfellingar koma í heimsókn í Sláturhúsið í Keflavík í kvöld.

„Við vitum alveg hvað Snæfellingar geta og þeir eru engin lömb að leika sér við ef þeim er leyft að spila eins og þeir vilja spila. Þeir virðast ætla að koma sterkir inn í deildina eftir áramót og unnu til að mynda Njarðvík um síðustu helgi,“ sagði Magnús Þór en Keflavík vann Snæfell í Stykkishólmi í lok október eftir framlengdan leik.

„Við áttum náttúrlega að bursta leikinn í Stykkishólmi eftir mikla yfirburði í fyrri hálfleik, en vorum værukærir og þeir komust aftur inn í leikinn. Þetta er bara merki um það hvað deildin er orðin sterk, það má ekkert út af bregða og dagsformið skiptir öllu. Við mætum Snæfelli svo aftur í Lýsingarbikarnum um helgina og við ætlum okkur auðvitað sigur í báðum leikjunum,“ sagði Magnús Þór og fer heldur ekki leynt með markmið Keflavíkurliðsins.

„Við settum okkur markmið fyrir tímabilið og erum alveg á því eins og er. Það þýðir náttúrlega ekkert annað í Keflavík en að vinna titil og það eru enn allir brjálaðir yfir því að það hafi ekki tekist í fyrra.“



**6 DAGAR Í EM Í HANDBOLTA**



**PADRON** Veikur en væntanlega aðeins með flensu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íslenska landsliðið:

## Meiri veikindi

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari missti tvo menn í viðbót af æfingum í gær en Jaliesky Garcia Padron er orðinn veikur og bakslag kom í hnémeiðsli Arnórs Atlasonar sem gerðu það að verkum að hann fór ekki með B-liðinu til Noregs.

Þess utan er Alexander Petersson meiddur en hann mun prófa að æfa í dag og Sverre Jakobsson fær væntanlega endanlega niðurstöðu með sín veikindi í dag. - hbg

Þýska landsliðið:

## Þrír meiddir

**HANDBOLTI Meiðsli hrjá þrjá leikmenn heimsmeistara Þjóðverja viku fyrir Evrópumótið í Noregi.**

**Þeir Florian Kehrmann, Christian Zeitz og Andrej Klimowets meiddust allir á æfingu en enginn þó mjög alvarlega þótt einhver hvíld bíði þeirra. Þjóðverjar vonast eftir þeim heilum og klárum í slaginn á mótinu.** - hbg

Meiðsli Ivano Balic:

## Á enn veika von um EM

**HANDBOLTI** Miðjumaðurinn Ivano Balic á veika von um að taka þátt á EM eftir allt saman. Samkvæmt læknum króatíska liðsins er hann loksins tilbúinn í að æfa en það á eftir að koma í ljós hvernig líkaminn bregst við erfiði á nýjan leik.



Örvhenta skyttan Petar Metlicic er meidd á löngutöng vinstri handar en þau meiðsli eru eðlilega að plaga Metlicic talsvert mikið. Rétthenta skyttan Blazenko Lackovic er síðan puttabrotin en blessunarlega fyrir Lackovic er brotið á vinstri hendinni. – hbg

# Grindavíkurvörnin í ham

**Grindvíkingar fylgdu eftir stórsigri sínum á toppliði Keflavíkur með því að halda KR-ingum í 76 stigum á heimavelli og urðu jafnframt fyrsta útiliðið til þess að vinna í DHL-Höll Íslandsmeistaranna í vetur.**

**KÖRFUBOLTI** Grindvíkingar fylgdu eftir frábærum sigri á toppliði Keflavíkur, þar sem þeir urðu fyrstir til þess að vinna Keflavíkurliðið, með því að verða fyrstir til þess að vinna Íslandsmeistara KR á þeirra eigin heimavelli í vetur. Grindavík vann 87-76 sigur í DHL-Höllinni í gær þar sem þeir voru með frumkvæðið og forustuna frá upphafi til enda en KR-liðið komst aldrei yfir í leiknum.

KR-liðið var búið að vinna alla átta heimaleiki sína í vetur og sex síðustu leiki sína í deildinni en þarf nú heldur betur að rífa sig upp fyrir bikarleikinn í Njarðvík á sunnudaginn.

Jeremiah Sola hjá KR og Helgi Jónas Guðfinsson hjá Grindavík léku báðir sinn fyrsta leik í vetur en Sola vantar augljóslega nokkuð upp á leikformið, sem 6 tapaðir boltar og 36 prósent skotnýting sýna. Helgi Jónas klikkaði á öllum sex þriggja stiga skotum sínum í leiknum og var stigalaus á 16 mínútum en framlag hans sést ekki síst á því hversu góð áhrif hann hefur haft á Adama Darboe.

„Þetta var risastór sigur fyrir Grindavík. Við höfum verið að bæta varnarleikinn í síðustu leikjum og það er þar sem við erum að vinna leikina okkar. Við viljum hlaupa og um leið og við vinnum boltann getum við keyrt á liðin,“ sagði Adama Darboe, danski leikstjórnandinn hjá Grindavík.

„Við höfum spilað miklu betri vörn í síðustu tveimur leikjum og vonandi getum við haldið því áfram og farið alla leið og unnið titilinn. Vörnin snýst aðallega um vinnusemi og hugarfar og þar höfum við bætt okkur mikið,“ sagði Adama, sem hefur sjálfur spilað frábærlega í þessum tveimur stóru sigrum á toppliðum Keflavíkur og KR. Adama þakkar komu Helga Jónasar Guðfinnssonar sem hann segir að hafi komið sér upp á tærnar.



**TRAUSTUR** Páll Axel Vilbergsson átti fínan leik að vanda fyrir Grindavík og skoraði 19 stig, en 14 þeirra komu í fyrri hálfleik. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Það er frábært að vera búinn að fá Helga Jónas aftur. Hann hefur mikla reynslu og er að kenna mér hluti á hverri æfingu,“ sagði Darboe, sem var með 22 stig og 6 stoðsendingar í leiknum.

Jeremiah Sola gat hins vegar ekki leynt vonbrigðum sínum frekar en aðrir KR-ingar sem gengu niðurlútir af velli.

„Þetta var hræðilegt. Ég veit ekki hvernig þetta var áður en ég kom en þetta var alveg út í hött. Ég hjálpaði ekki mikið til í kvöld en ég þarf bara tíma til þess að koma betur inn í leikinn og komast í betra leikform. Við eigum eftir að spila miklu betur það er pottþétt mál,“ sagði Jeremiah Sola eftir leikinn.

Grindvíkingar eru að hrista upp í toppbaráttu Iceland Express-deildar karla en ekki með því að raða niður þristum eða skora yfir 100 stig, heldur með því að spila frábæra vörn. Þeir eru búnir að halda tveimur bestu sóknarliðum deildarinnar í 76 stigum. Adama átti stórleik annan leikinn í röð, Jonathan Griffin var mjög öflugur og þeir Páll Axel Vilbergsson og Igor Beljanski voru mjög traustir. Avi Fogel var skástur hjá KR en annars var það andleysi og vonleysi sem skein úr augum flestra leikmanna KR. ooj@frettabladid.is

Handknattleikssambandið vill viðhalda jákvæðri umgjörð um handboltaliðið:

# Í blíðu og stríðu með strákunum

**HANDBOLTI** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir íþróttamálaráðherra kvaddi handboltalandsliðið fyrir EM á táknrænan hátt í Laugum í gær er hún afhenti Guðjóni Val Sigurðssyni lukkutröll sem vonandi færir strákunum okkar gæfu.

Við sama tækifæri var tilkynnt að stuðningssamtökin „Í blíðu og stríðu“ myndu áfram hvetja landsliðið áfram af krafti en það framtak þótti heppnast með eindæmum vel fyrir ári.

Á vefsíðunni ibliduogstridu.is getur fólk sýnt stuðning í verki með því að skrá sig skuldbindingalaust í samtökin og á vefsíðunni mun Auðunn Blöndal verða með myndbandsblogg á keppninni. Þess utan verður blaðamaður frá síðunni í Þrándheimi og mun hann gefa landanum innsýn í stemninguna á mótinu. - hbg



**GÓÐA FERÐ** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir íþróttamálaráðherra smellir hér kossi á landsliðsmanninn Guðjón Val Sigurðsson í Laugum í gær. Hún færði Guðjóni og strákunum lukkutröll sem þeir munu taka með sér út. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Karladeild Iceland Express:*

| | |
|---|---|
| KR-Grindavík | 76-87 (34-42) |

**Stig KR:** Avi Fogel 22 (8 frák.), Joshua Helm 19 (7 frák.), Jeremiah Sola 12 (5 frák., 3 stolnir, 20 mín.), Helgi Már Magnússon 9, Darri Hilmarsson 6, Skarphéðinn Ingason 5, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 3, Brynjar Þór Björnsson 2.

**Stig Grindavíkur:** Jonathan Griffin 27 (8 frák.,6 í sókn, 4 stoðs.), Adama Darboe 20 (6 stoðs.), Páll Axel Vilbergsson 19 (9 frák.), Igor Beljanski 12 (8 frák.), Sigurður Gunnarsson 2, Davíð Páll Hermannsson 2 (5 frák. 5 stoðs., 15 mín.), Þorleifur Ólafsson 2, Páll Kristinsson 1.

| | |
|---|---|
| Hamar-Skallagrímur | 80-84 |

**Stig Hamars:** Nicholas King 24, Roni Leimu 17, Lárus Jónsson 11, Roman Moniak 8, Bojan Bojovic 8, Svavar P. Pálsson 8, Marvin Valdimarsson 4.

**Stig Skallagríms:** Pétur M. Sigurðsson 24, Darrell Flake 22, Hafþór I. Gunnarsson 14, Pálmi Þ. Sævarsson 8, Allan Fall 7, Óðinn Guðmundsson 5, Sigurður Þórarinsson 3, Áskell Jónsson 2.

| | |
|---|---|
| Njarðvík-Þór Ak. | 139-90 |
| Stjarnan-Fjölnir | 96-79 |

Geir Þorsteinsson, form. KSÍ:

## Nýr sjónvarpssamningur KSÍ

**FÓTBOLTI** Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, staðfesti í íþróttaþættinum Utan vallar á Sýn í gærkvöldi að Knattspyrnusamband Íslands væri búið að ná samkomulagi um að framlengja núgildandi sjónvarpssamning sinn til ársins 2011 og um væri að ræða stærsta samning sem sambandið hefði nokkurn tímann gert.

„Við erum mjög ánægðir með að hafa náð þessu samkomulagi og þó svo að ég geti ekki komið með nákvæma tölu hleypur þetta á hundruðum milljóna. Ég hef alltaf sagt að við þurfum að láta verkin tala og til þess þarf fjármagn og því eru þetta mjög góð tíðindi,“ sagði Geir. - óþ



**MIKILS METINN** Grétar Rafn á greinilega marga aðdáendur í Hollandi og lesendur Voetbal International kusu hann besta hægri bakvörðinn í hollensku deildinni. NORDIC PHOTOS/GETTY

Voetbal International:

## Grétar Rafn í liði ársins

**FÓTBOLTI** Hollenska knattspyrnutímaritið Voetbal International stóð að vanda fyrir vali á liði ársins í hollensku deildinni en úrslit voru tilkynnt í gær þegar kosningunni lauk formlega. Grétar Rafn Steinsson, leikmaður AZ Alkmaar og íslenska landsliðsins, var valinn besti hægri bakvörður deildarinnar af lesendum blaðsins og hlaut hann alls 58.689 atkvæði eða tæplega 43% atkvæða þeirra sem tóku þátt í kosningunni. - óþ



# Við erum fluttir...




Fiskislóð 16 · Sími: 577 3344

**www.sparibill.is**

## > Scarlett Johansson

„Ég er mjög sjálfstæð kona. Ég get alveg séð um sjálfa mig en þarf samt mikið af ást og umhyggju," segir hin fallega Scarlett Johansson sem leikur eitt af aðalhlutverkunum í myndinni In Good Company sem er sýnd kl. 18 á Stöð 2 Bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON FYLGIST MEÐ GLÆP

# *Hartman handtekinn, hvað næst?*

Danir hafa á undanförnum árum skotið sér upp að hlið Breta í gerð vandaðs leikins sjónvarpsefnis. Og sem betur fer virðast íslenskir sjónvarpsmógúlar horfa til Tjallans og Baunanna þegar kemur að framleiðslu leikins efnis í stað Kanans sem er bæði orðinn úrkynjaður og útvatnaður. En það er aukaatriði. Árum saman hafa íslenskir greiðendur afnotagjaldsins fengið nasasjón af mörgu því besta sem fyrrverandi nýlenduherrarnir hafa matreitt. Nægir þar að nefna sápuóperuna Krónikuna og hinn hálf-íslenska Örn, að ógleymdu Rejseholdet þar sem Mads Mikkelsen sló í gegn en leikarinn fékk síðar meir að leika þrjótinn í síðustu Bond-mynd.

Glæpurinn er vafalítið einn besti krimmi sem Danir hafa framleitt. Hvað þarf góð uppskrift að hafa meira en pólitískt ráðabrugg, morð, fjölskyldudrama og svik? Fjölskyldan hefur setið límd fyrir framan leit Söruh Lund að morðingja Nönnu Birk Larsen og fylgst með því hvernig danska rannsóknarlögreglan rekur málið alla leið til efstu manna í ráðhúsi Kaupmannahafnar. Frambjóðandinn Hartman var síðan handtekinn og húsfreyjan saup hveljur enda virtist flest benda til þess að morðingi þáttanna væri vonarstjarna danskra stjórnmála.

Forbrydelsen hefur hins vegar meira að bjóða en fyrirsjáanlegan morðingja. Og meira að segja danskir áhorfendur fengu tækifæri til að kjósa um hver væri morðinginn á vefsíðu dansks dagblaðs nokkrum dögum áður en lokaþátturinn var frumsýndur. Og kannski gæti RÚV komið til móts við íslenska áhorfendur, bætt þeim upp áþreifanlegan skort á leiknu efni og leyft þeim að kjósa um líklegasta morðingjann í Glæpnum. Sá heppni gæti þá unnið ferð í danska Tívólíið.



**LUND** Leitar morðingja Nönnu Birk Larsen og gæti fundið hann í ráðhúsi Kaupmannahafnar.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.00 The Bachelor** SKJÁREINN



▶ **21.10 Bad Boy** STÖÐ 2



▶ **21.10 Fyrirmyndin** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00 Numbers** SIRKUS



▶ **00.00 The Interpreter** STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Ungar ofurhetjur** (61:65) (Teen Titans)

**17.55 Bangsímon, Tumi og ég** (2:26) (Disney's My Friends Tigger & Pooh)

**18.20 Þessir grallaraspóar** (10:26) (Those Scurvy Rascals)

**18.25 07/08 bíó leikhús** Í þættinum er púlsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífinu (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Útsvar** Nú standa yfir 16 liða úrslit í þessum skemmtilega spurningaleik þar sem stærstu bæjarfélög landsins keppa sín á milli og hér keppa Ísfirðingar og Akurnesingar.

▶**21.10 Fyrirmyndin** (Model Behavior) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2000 um stúlku sem skiptir um hlutverk við ofurfyrirsætu.

**22.45 Taggart - Feigðarboði** (Taggart: A Death Foretold) Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**23.55 Corky Romano** (Corky Romano) Bandarísk bíómynd frá 2001. Sonur mafíuforingja laumar sér inn í Alríkislögregluna til að eyða öllum sönnunargögnum um glæpaferil pabba síns en ýmislegt fer á annan veg en til stendur. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Wool Cap**

**08.00 The Producers**

**10.10 Spy Kids 3-D: Game Over**

**12.00 In Good Company**

**14.00 The Producers**

**16.10 Spy Kids 3-D: Game Over**

**18.00 In Good Company**

**20.00 The Wool Cap** Einstök kvikmynd með William H. Macy í aðalhlutverki.

**22.00 The Craft** (e)

▶**00.00 The Interpreter**

**02.05 Ripley´s Game**

**04.00 The Craft** (e)

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stubbarnir, Tommi og Jenni og Kalli kanína og félagar,

**08.15 Oprah**

**09.00 Í fínu formi**

**09.15 The Bold and the Beautiful**

**09.35 Wings of Love** (100:120)

**10.20 Homefront** (9:18) (e)

**11.15 Veggfóður - LOKAÞÁTTUR**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Wings of Love** (23:120)

**13.55 Wings of Love** (24:120)

**14.45 Man´s Work** (2:15)

**15.25 Bestu Strákarnir** (10:50) (e)

**15.55 W.I.T.C.H.**

**16.15 Batman**

**16.38 Smá skrítnir foreldrar**

**17.03 Cubix**

**17.28 The Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar**

**18.18 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.50 Ísland í dag**

**19.35 The Simpsons** (2:22)

**20.00 Logi í beinni** Spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar.

**20.45 Stelpurnar** Stelpurnar snúa nú aftur í fjórðu þáttaröðinni hlægilegri en nokkru sinni fyrr. Bönnuð börnum.

▶**21.10 Bad Boy** Denis Leary úr Rescue Me fer á kostum í þessari kolsvörtu gamanmynd. Hann leikur kvennaflagara sem fær stóran arf. Eina sem hann þarf að gera fyrst er að fá allar sínar fyrrverandi til að fyrirgefa sér. Aðalhlutverk: Elizabeth Hurley, Denis Leary. 2001. Bönnuð börnum.

**22.35 Jagged Edge** Rafmögnuð spennumynd með Glenn Close og Jeff Bridges. Myndin fjallar um auðmann sem ákærður er fyrir morð á eiginkonu sinni. Lögmaður hans tekur að sér að verja hann jafnvel þótt hún gruni hann um verknaðinn. Bönnuð börnum.

**00.40 Dodgeball**

**02.15 Rory O´Shea Was Here**

**04.00 Stelpurnar**

**04.25 Balls of Steel**

**05.00 The Simpsons** (2:22)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag** e.

**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**17.35 Inside the PGA Tour 2007**

**18.30 Inside the PGA**

**19.00 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.

**19.30 NFL - Upphitun**

**20.00 Utan vallar** (Umræðuþáttur) Glænýr vikulegur umræðuþáttur úr smiðju Sýnar þar sem íþróttafréttamenn stöðvarinnar taka á því helsta sem er að gerast hverju sinni í íþróttunum hér heima. Góðir gestir koma í heimsókn og málefni líðandi stundar eru krufin til mergjar.

**20.40 Spænski boltinn -** Upphitun Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.

**21.10 World Supercross GP** (Angel Stadium, Anaheim, California) Sýnt frá World Supercross GP sem fór fram á Angel Stadium í California.

**22.00 Heimsmótaröðin í póker** (World Series of Poker 2007)

**22.55 Heimsmótaröðin í póker** (World Series of poker 2006)

**23.45 Sacramento - Memphis NBA körfuboltinn** Leikur í NBA-körfuboltanum.

## SÝN 2

**17.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Newcastle og Man. City sem fór fram miðvikudaginn 2. janúar.

**19.10 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Aston Villa og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram þriðjudaginn 1. janúar.

**20.50 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar)

**21.20 Enska úrvalsdeildin** - Upphitun (Leikir helgarinnar) Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.

**21.50 PL Classic Matches**

**22.20 PL Classic Matches**

**22.50 Season Highlights** (Hápunktar leiktíðanna) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**23.45 Enska úrvalsdeildin** - Upphitun (Leikir helgarinnar) Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.

## SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**16.00 Vörutorg**

**17.00 7th Heaven** (e)

**17.45 Dr. Phil**

**18.30 Dýravinir** (e)

**19.00 Friday Night Lights** (e)

**20.00 Charmed - Lokaþáttur** Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kyngimagnaðar örlaganornir. Það er komið að lokaþætti sjöundu þáttaraðar og heillanornirnar standa frammi fyrir erfiðu vali. Þær þurfa annað hvort að fórna galdramætti sínum eða deyja.

▶**21.00 The Bachelor** (2:9) Nú byrjar fjörið fyrir alvöru og Andy fer á sitt fyrsta stefnumót með stúlkunum. Ein þeirra finnst að hún sé skilin útundan. Andy fer síðan með nokkrar stúlkur í íþróttakeppni og kemst að því að tvær þeirra eru dívur og alls engar íþróttakonur. Hann fer líka á fyrsta rómantíska deitið með einni stúlku. Hann afhendir síðan tólf rósir og sendir þrjár stúlkur heim.

**22.15 Law & Order** (10:24) Eigandi saumastofu er barinn til dauða á skrifstofu sinni. Hann hafði ólöglega innflytjendur í þrælavinnu og grunur fellur á eiginmann konu sem vann hjá honum en hafði nýverið eignast barn.

**23.05 The Boondocks** (2:15) Bráðfyndin teiknimyndasería með kolsvörtum húmor fyrir fullorðna. Aðalsöguhetjurnar eru bræðurnir Huey og Riley og afi þeirra, Robert. Bræðurnir alast upp í einu hættulegasta og grófasta hverfi Chicago en flytja í úthverfi með afa sínum og finna ólíkar aðferðir til að aðlagast breytingunni.

**23.35 Professional Poker Tour** (2:24)

**01.05 C.S.I: Miami** (e)

**02.05 World Cup of Pool 2007** (e)

**02.55 The Dead Zone** (e)

**03.45 C.S.I: Miami** (e)

**04.35 C.S.I: Miami** (e)

**05.20 Vörutorg**

**06.20 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00

### Logi í beinni



Gestagangurinn heldur áfram hjá Loga Bergmanni í kvöld á Stöð 2. Óhætt er að segja að gestir þáttarins að þessu sinni komi úr öllum áttum. Fyrsti gestur þáttarins verður eiginlega tvöfaldur, eða réttara sagt hið óaðskiljanlega tvíeyki, Simmi og Jói, fyrrverandi Idol-stjórnendur, sem nú gera garðinn frægan með laugardagsmorgunþætti á Bylgjunni og vasklegri framgöngu í bankaheiminum. Þá mætir handboltakappinn Logi Geirsson í spjall, en hann er á leiðinni á Evrópumótið ásamt „strákunum okkar“ í íslenska landsliðinu. Söngkonan Heiða, áður kennd við Unun, fer nú fyrir hljómsveitinni Hellvar, sem sendi frá sér athyglisverða plötu fyrir jólin. Logi spjallar við Heiðu og fær hana til að taka eitt lag af umræddri plötu. Síðast en ekki síst mun ein af eftirlætissveitum tónlistarspekúlanta hjá BBC, Hraun, taka hið örlagaríka lag sem hefur komið sveitinni á heimskort poppsins.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Charmed

### Skjár einn kl. 20.00

Þá er komið að lokaþætti vetrarins í þáttunum um hinar fögru galdrasystur í Charmed. Þátturinn hefur lengi verið með vinsælli þáttum Skjás eins og því vonandi að áhorfendur þurfi ekki að bíða lengi áður en systurnar knáu láti aftur sjá sig á skjám landsmanna.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Stúlka með fingur
**15.30** Dr. RÚV
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Í húsinu heima
**21.10** Flakk
**22.12** Orð kvöldsins
**22.18** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (99:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi, þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.

**16.30 Hollyoaks** (100:260)

**17.00 Skífulistinn**

**17.50 Totally Frank** (Hljómsveitarlíf)

**18.15 Hollywood Uncensored**
Hvað gerist á bak við tjöldin í Hollywood? Hér verður öllum spurningum svarað. 2007.

**19.00 Hollyoaks** (99:260)

**19.30 Hollyoaks** (100:260)

**20.00 Skífulistinn** X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.

**20.50 Totally Frank** (Hljómsveitarlíf)
Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn.

**21.15 Hollywood Uncensored**

▶ **22.00 Numbers** (13:24) Bræðurnir Charlie og Don Eppes snúa aftur í þessari hörkuspennandi þáttaröð um glæpi og tölfræði. Charlie er stærðfræðisnillingur sem notar þekkingu sína til að aðstoða FBI við lausn flókinna glæpamála. 2006.

**22.45 Silent Witness** (10:10) Dr. Sam Ryan er snúin aftur í tíunda sinn en hún hefur engu gleymt þegar kemur að rannsókn flókinna sakamála. Bönnuð börnum.

**23.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## INN

**20.00 Hrafnaþing** Úrvalið úr tæpitungulausum þáttum vikunnar, svona eins og fá einn þrefaldan án endurgjalds í upphafi helginnar.

**21.00 Mér finnst** Málefnalegur og skemmtilegur þáttur að mestu (kven)mannaður af landsins bestu dætrum. Byggt á hugmyndinni að The View, sem er á bandarísku stöðinni ABC og er byggður á hugmynd Barböru Walters.

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Penge **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Dødens Detektiver **12.50** Rabatten **13.20** Kender du typen **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Boogie Listen **16.00** Hannah Montana **16.30** Det kongelige spektakel **16.45** Peddersen og Findus **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** Kodenavn: Mercury **22.15** Waterworld **0.25** Boogie Listen

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Saras kjøkken **11.40** Urter: Hvitløk **12.00** V-cup alpint **12.25** V-cup alpint **13.15** V-cup skiskyting **14.30** Øya **14.55** Hannah Montana **15.30** Laura **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Energikampen 2007 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Ida fra Kongleby **17.05** Charlie og Lola **17.20** Vennene på Solflekken **17.30** Store maskiner **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Melodi Grand Prix 2008: Folkefest i Stavanger **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.10** Detektimen: Dalziel og Pascoe **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Detektimen forts. **23.10** Led Zeppelin live **0.10** 30 Rock **0.30** Kulturnytt **0.40** Country jukeboks med chat

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Safnaðu þekkingu
- sæktu þér aukinn styrk

MENNING OG SJÁLFSRÆKT
Grettis saga
hefst 22. jan.
Johannes Brahms - hápunktur rómantíkurinnar
hefst 28. jan.
Sólarferð eftir Guðmund Steinsson
hefst 29. jan.
Jólabækurnar: Leshringur með Einari Kárasyni
hefst 30. jan.
Sjálfsstyrking og samskipti fyrir konur
hefst 31. jan.
Tilurð og tónsmíðar Þursanna
- námskeið og tónleikar
hefst í feb.
Lúther í ljósi sögunnar
hefst 2. feb.

MENNING OG SJÁLFSRÆKT
Guðir, hetjur og menn
hefst 5. feb.
Vönduð íslenska: Að skrifa gott íslenskt mál
hefst 6. feb.
Tímastjórnun
hefst 6. feb.
Ísland og ímyndir Norðursins
hefst 21. feb.
Vönduð íslenska - framhaldsnámskeið
hefst 27. feb.
Kaupmannahöfn - höfuðborg Íslands
hefst 11. mars.

UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ
Íslenski þroskalistinn
hefst 16. jan.
Smábarnalistinn:
Staðlaður þroskalisti handa ungbörnum
hefst 28. jan.
Netfíkn ungmenna
- áhættuhópar, einkenni og úrræði
hefst 14. feb.
Sálgæsla barna og unglinga
hefst 4. feb.

TUNGUMÁL
Hagnýt sænska fyrir heilbrigðisstarfsfólk - framhaldsnám lækna
hefst 22. jan.
Ítalska af lífi og sál. Námskeið fyrir byrjendur
hefst 4. feb.
Danska - þjálfun í talmáli á léttum nótum
hefst 5. feb.
Ítalska af lífi og sál. Stig 2
hefst 6. feb.

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS
Nánari upplýsingar og skráning:
sími 525 4444
endurmenntun.is

## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Það voru fáir tilbúnir að sponsora mig, nema ég léki í sjónvarpsauglýsingum. Ég geri það aldrei, og ekki heldur í öðrum auglýsingum.“*

Bubbi, í viðtali við Pressuna árið 1992.

„Ég gerði það ekkert á þeim tíma. Ef ég man rétt var ég á tónleikaferð í kringum landið, og var ókeypis inn á alla tónleika. Reyndar lék ég í fyrstu sjónvarpsauglýsingunni minni árið 1980, þar sem ég auglýsti kaffi,“ segir hann nú.

# Íslenska kvenþjóðin spennt fyrir Tommy

„Það hringdi pía í okkur sem sagðist vera til í að sofa hjá honum ef hún væri nógu full,“ segir Sigvaldi Kaldalóns, eða Svali, útvarpsmaður á FM 957 og einn af stjórnendum þáttarins Zúper.

Fiðringur virðist vera kominn í íslenskar stúlkur fyrir komu rokkarans Tommy Lee hingað til lands síðar í mánuðinum, enda er hann alræmdur kvennabósi og fyrrverandi eiginmaður kynbombunnar Pamelu Anderson. „Við töluðum við Magna og hann sagði að þetta væri ábyggilega eins og að sjá um tvö ensk fótboltalið að fá Tommy hingað. Frá því hann lendir og þangað til hann fer er bara partí. Það er ekki bara það að hann sé slæmur sjálfur heldur vill hann að allir aðrir skemmti sér geðveikt vel. Það tala allir um að skemmtilegustu partín sem hægt er að fara í séu hjá Tommy Lee,“ segir Svali. „Magni sagði að á smærri giggum úti séu oft langar raðir af stúlkum sem vilja koma við hann og fá koss. Þær vilja allar vera kviðmæðgur Pamelu Anderson. Ég get ekki beðið eftir því að fara í partí eftir tónleikana bara til að sjá þetta,“ segir hann.

Svali fór í eftirpartí þegar húsbandið sem spilaði undir í Rockstar-þáttunum með Magna kom hingað til lands. „Ég fékk áfall, mér fannst þetta svo fyndið. Það var eins og þeir væru helstu kvikmyndastjörnur heimsins. Þeir voru með tvær stelpur undir sitt hvorri hendinni og hvernig heldurðu að þetta verði hjá Tommy Lee og félögum? Þeir eru að koma hingað til að djamma.“ **- fb**



**TOMMY LEE** Tommy kann svo sannarlega að skemmta sér, miðað við það orðspor sem fer af honum.



**SVALI** Svali ætlar að fara í eftirpartí með Tommy Lee eftir tónleika hans á Nasa.



| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|

**LÁRÉTT**
**2.** dýrka 6. hæð 8. kvikmyndahús 9. farfa 11. 2000 12. hroki 14. ljúka 16. ekki 17. eru 18. angan 20. skóli 21. krafs.

**LÓÐRÉTT**
**1.** mylsna 3. í röð 4. fax 5. auð 7. hringfari 10. mál 13. blástur 15. skynfæri 16. trjátegund 19. eldsneyti.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. dást, 6. ás, 8. bíó, 9. lít, 11. mm, 12. dramb, 14. klára, 16. ei, 17. séu, 18. ilm, 20. fg, 21. klór.
**LÓÐRÉTT:** 1. sáld, 3. áb, 4. símbréf, 5. tóm, 7. sirkill, 10. tal, 13. más, 15. auga, 16. eik, 19. mó.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Laugavegur 4-6.
2. Kristján Gunnarsson.
3. Sam Allardyce.











PÁLMI GUÐMUNDSSON: ÍSLENSKIR SO YOU THINK YOU CAN DANCE-ÞÆTTIR

# Erlendir dómarar taka þátt

Íslenskir dansþættir í formi So You Think You Can Dance-þáttanna vinsælu hefja göngu sína á Stöð 2 í haust. Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, staðfesti við Fréttablaðið í gær að formlegur undirbúningur væri hafinn. Þáttaröðin hefur notið gífurlega vinsælda bæði hér á landi og vestanhafs, og er áhorfið sambærilegt við Idol-keppnina og X-factor. „Við stefnum á að hafa áheyrnarpróf með vorinu og frumsýnum í haust,“ segir Pálmi, en þættirnir eru gerðir í samvinnu við Íslenska dansflokkinn.

Danshöfundar og dómarar úr bandarísku þáttunum eru væntanlegir til landsins á næstu mánuðum og munu vera Stöð 2 innanhandar við gerð þáttanna. „Þeir munu kannski ekki gegna hefðbundnum hlutverkum sínum, þar sem þeir tala ensku, en ætla að undirbúa þættina með okkur og semja dansrútínur,“ útskýrir Pálmi. Ófá lönd hafa gert sína eigin útgáfu af So You Think You Can Dance, en aðstandendur bandarísku þáttanna hafa ekki komið að slíkri vinnu áður. „Þetta er mjög mikill fengur fyrir okkur,“ segir Pálmi. Íslenskt nafn á þáttinn er þó enn ófundið. „Allar góðar ábendingar eru vel þegnar,“ segir Pálmi og hlær við. „Það er dálítið snúið að þýða þetta vel.“

Þeir Dan Karaty og Shane Sparks verða fyrstu fulltrúar So You Think You Can Dance hér á landi, en þeir halda dansnámskeið á vegum Dancecenter um miðjan febrúar. Karaty kenndi hér námskeið síðastliðið sumar, en Shane Sparks kemur nú í fyrsta skipti. „Það verða fleiri viðburðir á árinu sem verða auglýstir sérstaklega,“ útskýrir Nanna Ósk Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Dancecenter. Á meðal væntanlegra dansgesta er sigurvegarinn úr síðustu þáttaröð, Sabra Johnson, en með henni í för verður Danny Tidwell, sem hreppti annað sætið.

„Shane og Dan munu kenna allt það nýjasta frá Los Angeles og New York. Þeir blanda saman alls konar stílum, eins og hip-hoppi, jazz, funki og streetdansi,“ útskýrir Nanna, sem segir þetta frábært tækifæri fyrir íslenska dansunnendur til að kynnast nýjum straumum og stefnum án þess að þurfa að sækja sér þá kennslu til útlanda. „Þeir leggja líka báðir mikla áherslu á að ná því besta úr nemendum sínum. Þeir eru hérna fyrir nemendur, ekki öfugt,“ bætir Nanna við.

Skráning á námskeiðið með Karaty og Sparks er hafin á dancecenter.is.

**sunna@frettabladid.is**



**F.V. MARY MURPHY, SHANE SPARKS, DAN KARATY** NORDICPHOTOS/GETTY



### STÓRSTJÖRNUR Í DANSI TIL ÍSLANDS

Þeir **Dan Karaty** og **Shane Sparks** verða fyrstu fulltrúar So You Think You Can Dance-þáttanna hér á landi, en þeir halda dansnámskeið á vegum Dancecenter og **Nönnu Óskar Jónsdóttur** í febrúar. Fleiri dómarar og danshöfundar úr þáttunum munu verða Stöð 2 innan handar við gerð þáttanna.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tónlistarmaðurinn **Gylfi Ægisson** og sjónvarpsmaðurinn **Jón Ársæll Þórðarson** leiða saman hesta sína í þætti hins síðarnefnda, Sjálfstæðu fólki, um helgina. Í þættinum verður farið yfir merkan feril Gylfa sem kunnastur er fyrir að hafa samið lagið Minning um mann. Óvænta uppákomu er þó að finna í þættinum að því er heyrst hefur. Í ljós kemur að Gylfi á son sem snýr heim frá Ítalíu. Er honum lýst sem suðrænni útgáfu af Gylfa Ægissyni. Það verður að teljast forvitnilegt.



Spaugstofumenn keppast nú við að setja saman sinn fyrsta þátt eftir jólafrí. Í þættinum er líklegt að **Jón Viðar Jónsson** leikhúsfrömuður birtist en hann hefur löngum verið Spaugstofumönnum hugstæður. Jóni Viðari var kippt af frumsýningarlista Borgarleikhússins eins og frægt er orðið en þetta er langt í frá fyrsta skipti sem hann hefur átt í útistöðum við leikhúsforkólfa. Þannig að **Pálmi Gestsson** dustar nú væntanlega rykið af JónsViðarsgervinu sínu. Og líklegt má telja **Össur Skarphéðinsson** og rauðvínsgjöf Kaupþings komi við sögu í þættinum auk musterisriddara.

Hinn ástsæli útvarpsmaður **Freyr Eyjólfsson** á Rás 2 rak upp stór augu og stundi þegar hann las 24 stundir í gær. Til að fríska upp á blaðið hafa starfsmenn 24 stunda gripið til þess ágæta ráðs að fletta gömlum Pressum, Morgunpóstum og öðrum slíkum gæðablöðum og vakið þaðan til lífs gamla efnisþætti. Tvífarar vikunnar er einn slíkur en eitthvað skortir á hugkvæmni blaðamanna á 24 stundum við úrvinnslu. Freyr lendir í það minnsta öðru sinni í Tvífórunum, sem væri sök sér, nema að enn og aftur er bent á að leikarinn **Daniel Meade** í Ugly Betty-þáttunum þykir sláandi líkur Frey. **- hdm/jbg**



# Ritstjóri og bæjarstjóri í hart

„Skutull.is er faglegur fréttamiðill og þar er unnið eftir viðurkenndum starfsreglum blaða- og fréttamennsku,“ segir Ólína Þorvarðardóttir en hún hefur ásamt Bryndísi Friðgeirsdóttur lagt fram stjórnsýslukæru á hendur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Aðstandendur vefsíðunnar telja að jafnræðisregla hafi verið brotin þegar meirihluti bæjarráðs synjaði henni um sama rými og vefsíðan bb.is hefur á vef bæjarins sem og öll auglýsingaviðskipti við bæinn. Með kærunni vilja þær að ákvörðun bæjarstjórnar verði endurskoðuð.

Ólína sagði í samtali við Fréttablaðið að um væri að ræða pólitískt mál. Bæjarstjórinn væri ekki að draga skynsamleg skil milli Í-listans annars vegar og vefsíðunnar hins vegar. En Ólína er gift Sigurði Péturssyni sem situr í minnihluta bæjarstjórnar Ísafjarðar fyrir hönd Í-listans.

Halldór Halldórsson segir að ákvörðun bæjarráðs hafi ekkert með hans persónulegu skoðun að gera en Halldór lýsti því yfir í útvarpsviðtali að vefurinn væri óneitanlega litaður af liðsmönnum Í-listans. Hins vegar segir Halldór að ekki mætti blanda saman persónulegum skoðunum hans og svo ákvörðun bæjarráðs.

„Bæjarráð taldi einfaldlega að það væru margir aðrir vefir á svæðinu og að skutull.is væri ekki sambærilegur vefur og bb.is sem er einn af tuttugu mest lesnu vefjum landsins,“ segir Halldór sem hefur svarað fyrirspurn frá félagsmálaráðuneytinu en það óskaði eftir umsögn frá bænum.

Ólína gefur lítið fyrir þessar útskýringar bæjarstjórans og segir að Halldór sitji alla fundi bæjarráðs og leggi þar upp öll mál í samstarfi við meirihlutann. „Þegar hann var inntur eftir afstöðu synjunar í útvarpsviðtali sagði hann að skutull væri málgagn Í-listans. Og það er í hæsta máta óeðlilegt að gera það svar sitt nú að sinni persónulegri skoðun,“ segir Ólína. **- fgg**



**PÓLITÍSK ÁKVÖRÐUN** Ólína segir ákvörðun bæjarstjórnar um að hafna skutull.is um sama pláss og bb.is af pólitískum rótum.



**MARGIR AÐRIR VEFIR** Halldór telur ákvörðun bæjarráðs ekkert hafa með pólitík að gera, bb.is og skutull.is séu einfaldlega ekki sambærilegir.




**OPIÐ**
**VIRKA DAGA 10 – 18**
**LAUGARD. 11 – 16**

**ÚTIVIST&SPORT**
*verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta*

**Reykjavík** Faxafen 12 S. 533-1550. **Keflavík** Hafnargata 25 S. 421-3322

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



Sími: 552-1900 Vesturgata 6-8

**Veitingahúsið Kínamúrinn**

Veisluþjónusta - Hlaðborð - Pinnaveisla - Sushi - Tilboð

**Stór glæsilegur útsölumarkaður af Jólagjafavörum**
**11:30-18:30 þri.-sun.**

Allar nánari upplýsingar á **Greatwall.is**




**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar

## *Dýraspítalinn*

**ÍSLENDINGAR** hafa sem betur fer borið til þess gæfu að undanfarna áratugi hefur verið við völd, með fáum hléum, frjálslyndur flokkur með einstaklingsfrelsið að leiðarljósi sem hefur kappkostað að einstaklingurinn búi við frelsi til athafna. Sjálfstæðisstefnan er falleg og mannúðleg; hún gengur út á að hvert og eitt okkar eigi rétt á því að ákveða hvernig við högum lífi okkar, óháð þjóðfélagsstöðu og uppruna. Það gefur vissulega stundum á bátinn, taka þarf óvinsælar ákvarðanir og grípa til erfiðra aðgerða. En fari einhver að efast í trúnni er rétt að minna á hvernig ástandið var þegar hinir voru við völd. Söknum við þess virkilega?

**ÞEGAR** sjálfstæðisstefnuna ber á góma verður mér stundum hugsað til gríssins Badda úr samnefndri kvikmynd. Baddi er ekki eins og aðrir grísir því hann kann að gæta fjár. Bóndinn er auðvitað uppnuminn af hæfileikum Badda og skráir hann í keppni fyrir fjárhunda en þrátt fyrir ítarlegan rökstuðning bóndans um að hann sé framúrskarandi fjárgrís trúir enginn að Baddi hafi roð við hundunum. Litli grísinn fær hins vegar að sýna hvað í honum býr, og þótt enginn búist við neinu af honum sigrar hann á mótinu *af því að hann fékk tækifæri til þess*.

**UPP** á síðkastið hefur mér líka verið hugsað til gríss úr öðru hugljúfu ævintýri. Sá heitir Napóleon og má finna í Dýrabæ eftir George Orwell. Húsdýr á bóndabýli frelsa sig undan oki mannanna og undir forystu Napóleons fer í hönd nýr tími byggður á traustum grunni.

**EN** rétt eins og í samfélagi mannanna þurfa svínin að færa fórnir og stundum taka óvinsælar ákvarðanir, auðvitað með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Þá fyllast hin dýrin stundum vanþakklæti og gleyma hvað hefur unnist svo það þarf að lesa föðurlega yfir hausamótunum á þeim: „Við svínin vinnum með heilanum. Öll skipulagning og rekstur búskaparins hvílir á herðum okkar. Dag og nótt vökum við yfir velferð ykkar. Það er ykkar vegna að við drekkum mjólkina og étum eplin. Vitið þið hvað verða mundi ef við svínin brygðumst skyldu okkar? Jón bóndi mundi koma aftur!“

**DÝRABÆR** er sígild bók því inntak hennar má heimfæra upp á hvaða þjóðfélag sem er. Vald spillir. Orwell er stundum sagður óhugnanlega framsýnn höfundur. Honum datt þó ekki í hug sú frábæra flétta að svínin fengju dýralækni til að vinna fyrir sig skítverkin. Til þess þurfti íslenskt hugvit.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 11. janúar, 11. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.05 | 13.05 | 16.07 |
| Akureyri | 11.13 | 13.20 | 15.28 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


**GLÆSILEG GISTING** ER ÞAÐ SEM SUMARFERÐIR LEGGJA ÁHERSLU Á OG ÖLL HÓTEL OKKAR ERU VALIN AF SÉRFRÆÐINGUM. ÞANNIG GETUR ÖLL FJÖLSKYLDAN KANNAÐ FRAMANDI SLÓÐIR, NOTIÐ SÍN TIL FULLS OG HVÍLT SIG SVO INN Á MILLI EINS OG HEIMA HJÁ SÉR.

SUMARFERÐIR 2008 COSTA DEL SOL ERU BETRI EN AÐRAR

**COSTA DEL SOL** ER KÖLLUÐ PARADÍSIN VIÐ MIÐJARÐARHAFIÐ OG HEFUR ALLT AÐ BJÓÐA FYRIR ÞÁ SEM VILJA NJÓTA LÍFSINS; GRÍÐARLEGT ÚRVAL AF FRÁBÆRUM VEITINGASTÖÐUM, HVÍTAR STRENDUR, FJALLAÞORP, VEÐURSÆLD, MENNINGU OG SÖGU.

# Loksins, loksins. Alvöru íbúðagisting á Costa del Sol.

ARCOSUR PRINCIPE SPA, *COSTA DEL SOL*
☆ ☆ ☆ ☆

– H. Waddle, Bretland (Hotelwatchdog): –
*„STARFSFÓLKIÐ VAR MJÖG HJÁLPLEGT. BELEN Í MÓTTÖKUNNI VAR SÉRSTAKLEGA ALMENNILEG.“*

– Þorvaldur, Reykjavík: –
*„OFSALEGA ÞÆGILEGT AÐ GETA SLAKAÐ Á EINS OG HEIMA HJÁ SÉR. OFSALEGA STUTT Í STRÖNDINA. OFSALEGA LJÚFT LÍF.“*

– Starfsfólk Sumarferða: –
*„FULLKOMIÐ FYRIR ALLA SEM VILJA NJÓTA HITANS EN BÚA JAFN VEL OG HEIMA Á ÍSLANDI.“*





Byrjaðu daginn á að vakna í glæsilegri loftkældri íbúð og fá þér espresso í eldhúsinu. Svo taka við ákvarðanir dagsins: Ætti ég að taka mér góðan göngutúr út að snekkjubátahöfninni eða fá mér morgunmat niðri á strönd? Suma daga kemst maður ekki lengra en út í sundlaugagarð, enda er hann einn og sér nógu svalandi og afslappandi fyrir hvern sem er. Þó er engin skylda að liggja í leti.

Heilsuræktin er gríðarstór og maður getur haldið sér í formi allt fríið og slakað svo á inn á milli. Krakkarnir geta dundað sér á leiksvæðinu eða sundlauginni og horft á DVD á kvöldin þegar fullorðna fólkið þarf að fá smá hvíld eftir að hafa teymt þau um miðbæinn yfir heitasta part dagsins. Á Arcosur geturðu búið eins og þú sért heima hjá þér en í framandi og spennandi umhverfi.

**Arcosur Principe Spa** ☆ ☆ ☆ ☆
*Glænýjar 4ra stjörnu íbúðir*

*Verðdæmi* 52.381.-

*á mann m.v. 2 með 2 börn í 2 vikur*
*Verð á mann m.v. 2 fullorðna 68.763.-*

Innifalið: Flug, gisting, morgunverður, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

*Ódýrustu sætin bókast fyrst*

SUMAR FERÐIR

WWW.SUMARFERDIR.IS
*Sími 514 1400*